Unique confident de la vision d'Óláfr Haraldsson selon la scholie d'Adam de Brême et le chapitre LXXVIII de l'*Histoire légendaire de saint Olaf*, le personnage de Finnr Árnason remplit le même emploi dans la version que Snorri Sturluson donna de cet épisode au chapitre CCXIV de l'*Óláfs saga ins helga*, mais ici son importance est considérablement rehaussée :

En er Óláfr konungr hafði fylkt liði sínu, þá váru bændr enn hvergi nær komnir. Þá mælti konungr, at liðit skyldi niðr setjask ok hvíla sik. Settisk konungr þá sjálf niðr ok allt lið hans ok sátu rúmt. Hann hallaðisk ok lagði höfuðit í kné Finni Árnasyni. Þá rann á hann svefn, ok var þat um hríð. Þá sá þeir her bónda, ok sótti þá liðit til móts við þá ok höfðu upp sett merki sín, ok var þat inn mesti múgr manns. Þá vakði Finnr konung ok segir honum, at bændr sóttu þá til þeira. En er konungr vaknaði, mælti hann : ›Hví vakðir þú mik, Finnr, ok lézt mik eigi njóta draums míns ?‹ Finnr svarar : ›Ekki mundi þik þat dreyma, at eigi myndi skyldra at vaka ok búask við hernum, er at oss ferr. Eða sér þú eigi, hvar nú er kominn bóndamúgrinn ?‹ Konungr svarar : ›Ekki eru þeir enn

25 *Magistri Adam Bremensis* [...] : 1961, 396, 398 ; cf. *Hamburgische Kirchengeschichte* : 1917, 198–199. Dans d'autres passages des *Gesta*, Adam ne manque pas de recon-naître sa dette envers le roi Svend Estridsen, voir par exemple le chapitre XXXVIII de la *Descriptio insularum Aquilonis* dans *Magistri Adam Bremensis* [...] : 1961, 488 ; cf. *Hamburgische Kirchengeschichte* : 1917, 275. Sur l'importance des entretiens que le clerc allemand eut avec le roi Svend Estridsen, voir notamment *Hamburgische Kirchengeschichte* : 1917, LXIV ; BOLIN : 1960, 284 ; *Magistri Adam Bremensis* [...] : 1961, 139 ; NYBERG : 1984, 295.

svá nær oss, at eigi væri betr, at ek hefða sofit. Þá mælti Finnur : »Hvat dreyms þik, konungr, þess, er þér þykkir svá mikil missa í, er þú vaknaðir eigi sjálfur ?« Þá segir konungr draum sinn, at hann þóttisk sjá stiga hávan ok ganga þar eptir í lopt upp svá langt, at himinn opnaði, ok þangat var stigin til. »Var ek þá,« segir hann, »kominn í öfsta stig, er þú vakðir mik.«<sup>26</sup>

[Alors que le roi Olaf avait rangé son armée en ordre de bataille, les paysans ne s'étaient encore approchés d'aucun côté. Le roi déclara alors que la troupe devait s'asseoir et se reposer. Le roi s'assit lui-même ainsi que toute l'armée ; ils étaient assis à bonne distance les uns des autres. Il se pencha de côté et posa la tête sur le giron de Finn Fils Arni. Le sommeil s'empara alors de lui, et cela dura un certain temps. Ils virent alors l'armée des paysans : elle marchait contre eux et ils avaient dressé leurs étendards ; c'était là une immense multitude d'hommes. Finn réveilla alors le roi et lui dit que les paysans marchaient contre eux. Mais quand il se réveilla, le roi déclara : »Pourquoi m'as-tu réveillé, Finn, et ne m'as-tu pas laissé profiter pleinement de mon rêve ?« Finn répondit : »Tu n'auras pas fait un rêve tel qu'il n'aura pas été plus important de veiller et de se préparer face à l'armée qui s'avance vers nous. Ne vois-tu pas où est arrivée à présent la multitude des paysans ?« Le roi répondit : »Ils ne sont pas encore si proches de nous qu'il n'eût pas été préférable que j'eusse dormi.« Finn déclara alors : »Quel rêve fis-tu, sire, puisqu'il te paraît être d'une si grande perte de ne pas t'être réveillé de toi-même ?« Le roi raconta alors son rêve : il lui avait semblé voir une haute échelle et la gravir en montant si loin dans l'air que le ciel s'ouvrait – l'échelle menait jusque-là. »J'étais arrivé, dit-il, au plus haut échelon, lorsque tu me réveillais.«<sup>27</sup>

Observons tout d'abord qu'à l'inverse de son prédécesseur immédiat, dont le récit est le plus souvent décousu, l'historien islandais s'est attaché à rendre plausible le déroulement des faits : la scène au cours de laquelle Óláfr Haraldsson vit en rêve une échelle céleste se déroule au lendemain d'une nuit que, dans sa plus grande partie, le roi avait passée à prier (chapitre CCVIII) : il s'était simplement assoupi au petit matin, pour se réveiller peu de temps après. Ces circonstances amènent logiquement, naturellement, la mention du sommeil qui s'empara d'Óláfr dans la matinée. Et la précision apportée au sujet de la position des forces adverses, qui étaient encore loin à ce moment-là, permet de justifier l'ordre, que le roi avait auparavant donné à ses troupes, de s'asseoir et de prendre quelque repos. Elle crée de surcroît l'arrière-plan dramatique du dialogue qui s'engagea entre les deux hommes lorsque Finn fut contraint de réveiller Óláfr, en raison de l'arrivée imminente de l'armée des paysans.

<sup>26</sup> Dans *Heimskringla* 2 : 1945, 368 ; cf. le chapitre CCXI de la *Saga Óláfs konungs hins helga* : 1941, 554–556.

<sup>27</sup> La traduction française est extraite de l'ouvrage en cours de publication : *Histoire des rois de Norvège* 2 : 2019.

Comme le montre la comparaison avec l'extrait du chapitre LXXVIII de l'*Histoire légendaire de saint Olaf* qui a été cité plus haut, Snorri Sturluson a repris à son compte la phrase au discours direct que lui fournissait la tradition norroise au sujet de la description du songe par le roi. Mais il l'a fait précéder d'un échange de répliques dans le dessein évident d'aiguiser la curiosité de Finnur Árnason – et de susciter l'attente du lecteur – sur l'objet du rêve d'Óláfr Haraldsson.

Tout aussi sobre que dans la scholie d'Adam de Brême et dans l'*Histoire légendaire*, le récit de la vision elle-même n'est pas suivi dans l'*Óláfs saga ins helga* d'un quelconque commentaire d'inspiration hagiographique : il n'est question ici ni de la couronne du martyr ni du chemin que le roi de Norvège aurait déjà parcouru vers le royaume des cieux où l'attendrait le Christ. Pour autant, l'épisode ne s'achève pas sur le *climax* (au double sens du terme) de l'évocation par Óláfr Haraldsson d'une échelle céleste que le roi s'était vu emprunter jusqu'à son sommet, mais sur une nouvelle réplique de la part de son confident :

›Ekki þykki mér draumr sjá svá góðr sem þér mun þykkja. Ætla ek þetta munu vera fyrir feigð þinni, ef þat er nokkut annat en svefnórar einar, er fyrir þik bar.<sup>28</sup>

[Il ne me semble pas que ce rêve soit aussi bon qu'il ne te semble l'être. Je crois que cela doit signifier que ta mort est proche, si c'est là autre chose que de simples illusions qui se sont manifestées à toi pendant le sommeil.]<sup>29</sup>

Caractéristique de l'art de Snorri Sturluson, avec l'effet de rupture qu'elle crée dans la narration, cette remarque finale se révèle en outre être particulièrement instructive : en expliquant à Óláfr Haraldsson que la vision qu'il venait d'avoir en songe n'était pas heureuse, qu'elle annonçait bien plutôt sa mort, le lieutenant du roi s'est fait l'écho des anciennes croyances scandinaves dans le caractère prémonitoire des rêves, en particulier dans le sort funeste qui attendait le personnage qui avait été vu durant le songe.<sup>30</sup> L'emploi du terme *feigð* dans ce contexte mérite d'être souligné : de même que le vieil adjectif *feigr*, que l'on relève déjà dans l'inscription runique qui fut gravée sur la pierre de Rök, en Suède, au début du IX<sup>e</sup> siècle,<sup>31</sup> et qui est commun à l'ensemble des langues germa-

28 *Heimskringla* 2 : 1945, 368.

29 *Histoire des rois Norvège* 2 : 2019.

30 Cf. LARSEN : 1917, 42–43.

31 Cf. GRØNVIK : 1983, 132 ; GRØNVIK : 2003, 47.

niques,<sup>32</sup> signifie d'abord ›marqué par la mort‹, ›proche de la mort‹, le substantif féminin qui a en été tiré désigne la ›mort inéluctable‹, la ›mort prochaine‹, en sorte que le propos attribué au principal lieutenant d'Óláfr Haraldsson s'inscrit dans le droit fil de la conception norroise – et sans aucun doute germanique au sens large – du destin.<sup>33</sup>

De manière certainement révélatrice du sentiment profond de l'auteur, la dernière réplique de Finnur Árnason n'est pas suivie d'une réponse du roi : contrairement à tant d'autres chapitres de l'*Óláfs saga ins helga* qui précèdent ou qui suivent cet épisode, Óláfr Haraldsson n'a pas eu ici le dernier mot.<sup>34</sup> Fidèle à ses sources qui faisaient de Finnur Árnason le seul confident de cette vision, Snorri Sturluson n'a pas non plus choisi d'ajouter un commentaire édifiant à ce songe, un propos qu'il aurait pu attribuer, par exemple, à l'évêque (anonyme) qui faisait partie de l'armée en marche vers le Trøndelag et qui, selon la tradition hagiographique,<sup>35</sup> entendit de la bouche d'Óláfr Haraldsson le récit d'une vision que le futur saint aurait eue alors que, chevauchant sur les hauteurs de la vallée du Verdalen, il venait de découvrir du regard le Trøndelag qui s'étendait devant lui.<sup>36</sup>

Ce fut bien plutôt à un chef norvégien nommément désigné, à un guerrier et non pas à un clerc, que Snorri Sturluson, en accord avec la tradition norroise à laquelle cent cinquante ans auparavant Adam de Brème avait déjà puisé, laissa le soin d'expliquer le songe qu'avait eu le roi de Norvège au cours de son dernier sommeil.

Ajoutons en guise de conclusion<sup>37</sup> que la signification ›fatidique‹ que Finnur Árnason a donnée à cette vision d'une ascension céleste rejoint

32 Cf. ÁSGEIR BLÖNDAL MAGNÚSSON : 1989, 168 ; BJÖRVAND et LINDEMAN : 2007, 252–253.

33 Cf. GEHL : 1939, 148–150 et passim ; GLENDINNING : 1974, 20–28.

34 Voir par exemple aux chapitres CCV, CCVI, CCVII et CCXXV dans *Heimskringla* 2 : 1945.

35 Voir le récit qu'en donne l'auteur de l'*Histoire légendaire de saint Olaf* au chapitre LXXIII (*Olafs saga hins helga* : 1982, 176).

36 Chapitre CCII de l'*Óláfs saga ins helga* dans *Heimskringla* 2 : 1945, 351 ; cf. le chapitre CXCVIII de la *Saga Óláfs konungs hins helga* : 1941, 532–533. Sur cette ›vision cosmique‹, renvoyons à nos *Études sur l'Óláfs saga ins helga de Snorri Sturluson* (en cours d'édition).

37 Compte tenu des limites imparties aux contributions à cette *Festschrift*, la présente étude n'aborde pas la question des autres sources qui ont parfois été versées au dossier de la vision d'une échelle céleste par le futur saint Olaf (ainsi l'*Historia de antiquitate regum Norwagiensium* de Theodoricus monachus et l'hymne *Lux illuxit letabunda*) et nous ne discutons pas ici les quelques interprétations qui ont été proposées antérieurement (cf. p.ex. TATE : 1978/1979 ; RØTHE : 2004, 265–268). On trouvera dans l'ouvrage

l'interprétation que Sigvatr Þórðarson nous a conservée au sujet de l'éclipse solaire qui, quelques heures plus tard, devait obscurcir le ciel à Stiklestad, comme dans l'ensemble du Trøndelag, alors que les forces du roi et l'armée des paysans commençaient à s'affronter : *Drjúg varð á því dægri konungs furða* (« Puissant fut ce jour-là le présage de mort pour le roi »), déclara le scalde islandais dans la superbe strophe qu'il composa sur cet événement et que Snorri Sturluson a citée au chapitre CCXXVII de l'*Óláfs saga ins helga*.<sup>38</sup> Proches l'un de l'autre, ces deux termes-clef du vocabulaire norrois du destin, *furða* et *feigð*, indiquent une même direction : la mort imminente d'Óláfr Haraldsson.

## Bibliographie

### Sources

- Ágrip af Nóregskonunga sögum. Fagrskinna – Nóregskonunga tal.* Edité par Bjarni Einarsson. Reykjavík : Hið íslenska fornritafélag, 1984 (= Íslensk fornrit ; 29).
- Edda. Skáldskaparmál* 1. Edité par Anthony Faulkes. London : Viking Society for Northern Research, 1998.
- Edda Snorra Sturlusonar.* Edité par Finnur Jónsson. Copenhague : Gyldendalske Boghandel/Nordisk Forlag, 1931.
- Einarr Skúlason's Geisli. A Critical Edition.* Edité par Martin Chase. Toronto : University of Toronto Press, 2005 (= Toronto Old Norse and Icelandic Studies ; 1).
- Gamal norsk Homiliebook. Cod. AM 619 4°.* Edité par Gustav Indrebø. Oslo : Kjelde-skriftfondet, 1931.
- Gammelnorsk homiliebook.* Traduit par Astrid Salvesen. Introd. et comment. d'Erik Gunnes. Oslo : Universitetsforlaget, 1971.
- Geisli.* Edité par Martin Chase. Dans : Margaret Clunies Ross (éd.) : *Poetry on Christian Subjects. Part 1 : The Twelfth and Thirteenth Centuries.* Turnhout : Brepols, 2007, 5–65.
- Hamburgische Kirchengeschichte. Adam von Bremen.* Edité par Bernhard Schmeidler. Hannover/Leipzig : Hahn, 1917 (= *Scriptores Rerum Germanicarum in usum scholarum. Ex Monumentis Germaniae Historicae*).
- Heimskringla* 2. Edité par Bjarni Aðalbjarnarson. Reykjavík : Hið íslenska fornritafélag, 1945 (= Íslensk fornrit ; 27).
- Heimskringla* 3. Edité par Bjarni Aðalbjarnarson. Reykjavík : Hið íslenska fornritafélag, 1951 (= Íslensk fornrit ; 28).

---

annoncé *supra* [note 36] une étude plus détaillée du dernier songe du roi Óláfr Haraldsson.

<sup>38</sup> Cf. *Heimskringla* 2 : 1945, 382 ; cf. le chapitre CCXXV de la *Saga Óláfs konungs hins helga* : 1941, 572. Sur l'interprétation de cette strophe, voir DILLMANN : 2018.

- Histoire des rois de Norvège 2 : Histoire du roi Olaf le Saint*. Traduit du vieil islandais, introduit et annoté par François-Xavier Dillmann. Paris : Gallimard (L'aube des peuples), 2019 [en cours d'édition].
- JIROUŠKOVÁ, Lenka : *Der heilige Wikingerkönig Olav Haraldsson und sein hagiographisches Dossier. Text und Kontext der Passio Olavi (mit kritischer Edition)*, I (*Untersuchung*), II (*Edition und Bildmaterial*). Leiden / Boston : Brill, 2014 (= *Mittellateinische Studien und Texte* ; 46).
- Magistri Adam Bremensis, Gesta Hammaburgensis ecclesiae Pontificum* / Adam von Bremen, *Bischofsgeschichte der Hamburger Kirche*. Dans : Werner Trillmich (éd.) : *Quellen des 9. und 11. Jahrhunderts zur Geschichte der Hamburgischen Kirche und des Reiches [...]*. Darmstadt : Wissenschaftliche Buchgesellschaft, 1961 (= *Ausgewählte Quellen zur deutschen Geschichte des Mittelalters* ; 11), 135-499.
- Monumenta historica Norvegiæ. Latinske kildeskriver til Norges Historie i Middelalderen*. Edité par Gustav Storm. Kristiania, 1880.
- Morkinskinna* 1-2. Edité par Ármann Jakobsson et Þórður Ingi Guðjónsson. Reykjavík : Hið íslenska fornritafélag, 2011 (= *Íslensk fornrit* ; 23-24).
- Olafs saga hins helga. Die ›Legendarische Saga‹ über Olaf den Heiligen (Hs. Delagard. saml. nr. 8<sup>II</sup>)*. Edité et traduit par Anne Heinrichs, Doris Janshen, Elke Radicke, Hartmut Röhn. Heidelberg : Winter, 1982.
- Saga Óláfs konungs hins helga. Den store saga om Olav den hellige. Efter pergamenthåndskrift i Kungliga Biblioteket i Stockholm Nr. 2 4<sup>to</sup> med varianter fra andre håndskrifter* 1-2. Edité par Oscar Albert Johnsen et Jón Helgason. Oslo : Dybwad, 1941.

## Travaux

- AAVITSLAND, Kristin B. : » Visualisert didaktikk ? Det talte og det malte ord i norske middelalder «. Dans : Haugen, Odd Einar, et Åslaug Ommundsen (éd.) : *Vår eldste bok. Skrift, miljø og biletebruk i den norske homiliebooka*. Oslo : Novus forlag, 2010 (= *Bibliotheca Nordica* ; 3), 217-245.
- ÁSGEIR BLÖNDAL MAGNÚSSON : *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík : Orðabók Háskólans, 1989.
- BJORVAND, Harald, et Fredrik Otto LINDEMAN : *Våre Arveord. Etymologisk ordbok*. Edition révisée et augmentée. Oslo : Novus Forlag, Instituttet for sammenlignende kulturforskning, 2007 (= *Serie B : Skrifter* ; 105).
- BOLIN, Sture : » *Gesta Hammaburgensis ecclesiae pontificum* «. Dans : *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid* 5. Copenhague : Rosenkilde og Bagger, 1960, 283-289.
- DILLMANN, François-Xavier : » *Drjúg varð á því dægri konungs furða*. Remarques sur la strophe de Sigvatr Þórðarson au sujet de l'éclipse solaire lors de la bataille de Stiklestad «. Dans : Bauer, Alessia, et Alexandra Pesch (éd.) : *Hvannadalir. Beiträge zur europäischen Altertumskunde und mediävistischen Literaturwissenschaft*. Berlin, New York : de Gruyter, 2018 (= *Ergänzungsbände zum Reallexikon der Germanischen Altertumskunde*) [En cours d'édition].
- GEHL, Walther : *Der germanische Schicksalsglaube*. Berlin : Junker und Dünnhaupt, 1939.

- GLENDINNING, Robert James : *Träume und Vorbedeutung in der Islendinga Saga Sturla Thordarsons. Eine Form- und Stiluntersuchung*. Bern, Frankfurt am Main : Herbert Lang, 1974 (= Kanadische Studien zur deutschen Sprache und Literatur ; 8).
- GRØNVIK, Ottar : » Runeinnskriften på Röksteinen «. Dans : *Maal og Minne* 3-4 (1983), 101-149.
- GRØNVIK, Ottar : *Der Rökstein. Über die religiöse Bestimmung und das weltliche Schicksal eines Helden aus der frühen Wikingerzeit*. Frankfurt am Main : Peter Lang, 2003 (= Osloer Beiträge zur Germanistik ; 33).
- HECK, Christian : *L'échelle céleste dans l'art du Moyen Âge. Une image de la quête du ciel*. Paris : Flammarion, 1997.
- HOHLER, Erla B., Nigel J. MORGAN et Anne WICHSTRØM : *Painted Altar Frontals of Norway 1250-1350. 1 : Artists, Styles and Iconography*. London : Archetype Publications, 2004.
- LARSEN, Sofus : » Antik og nordisk drømmetro «. Dans : *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* (1917), 37-85.
- LIDÉN, Anne : *Olav den helige i medeltida bildkonst. Legendmotiv och attribut*. Stockholm : Kungl. Vitterhets Historie och Antikvitets Akademien, 1999.
- MAURER, Konrad : *Ueber die Ausdrücke : altnordische, altnorwegische & isländische Sprache*. München, 1867 (= *Abhandlungen der k. bayer. Akademie der Wissenschaften. Philos.-philol. Classe ; II, II. Abth.*).
- NYBERG, Tore : » Stad, skrift och stift. Några historiska inledningsfrågor «. Dans : Svenberg, Emanuel, et Carl Fredrik Hallencreutz (éd.) : *Historien om Hamburgstiftet och dess biskopar*. Stockholm : Propius, 1984 (= Skrifter utgivna av Samfundet Pro fide et christianismo ; 6), 295-339.
- RØTHE, Gunnhild : *Helt, konge og helgen. Den hagiografiske tradisjon om Olav den hellige i Den legendariske saga, Heimskringla og Flateyjarbók*. Oslo : Det historisk-filosofiske fakultet, Universitetet i Oslo 2004 (= *Acta humaniora* ; 201).
- SIGURÐUR NORDAL : *Om Olaf den helliges saga. En kritisk undersøgelse*. Copenhague : Gad, 1914.
- TATE, Georges S. : » The Cross as Ladder : *Geisli* 15-16 and *Líknarbraut* 34 «. Dans : *Mediaeval Scandinavia* II (1978/1979), 258-264.





## SVERRIR JAKOBSSON

### Þættir úr sögu íslenskrar mælskulistar á 12. og 13. öld

#### Inngangur

Iðulega er haft fyrir satt að menntaheimur miðalda hafi einkennst af áherslu á hinar sjö frjálsu listir (*septem artes liberales*) sem höfðu einkennt alhliða grunnnám (*paideia*) Grikkja í fornöld. Í dómskólum miðaldakirkjunnar var hinum frjálsu listum skipt í tvennt, þrívægin (*trivium*) og fjórveginn (*quadrivium*). Í þrívæginum voru málfræði (*grammatica*), mælsku- eða málskrúðsfræði (*retorica*) og rökfræði eða þrætubókarlist (*dialectica*) og skyldi þetta vera hinn þrefaldi vegur til mælsku. Í fjórvegnum voru svo stjarnfræði (*astronomia*), reikningur eða tölvísi (*aritmética*), flatarmálsfræði (*geometria*) og sönglist (*musica*) og töldust þær greinar vera hinn fjórfaldi vegur til vísku. Ekki var nám á þessum tíma þó svo staðlað að kennt væri alls staðar eftir slíkri námsskrá en hún var hins vegar fyrirmynd að því hvernig standa bæri að undirstöðumenntun. Hér á eftir verður hugað að mælskufræði og hvort hugsanlegt sé að hún hafi haft einhverju hlutverki að gegna í menntun Íslendinga á 12. og 13. öld.

Um kerfisbundna menntun Íslendinga á þessum tíma er ekki mikið vitað en þó segir í *Jóns sögu helga*, sem rituð var skömmu fyrir 1200, að fyrsti biskupinn á Hólum, Jón Ögmundarson (1106–1121) hafi stofnað skóla á biskupsstólnum. Til að stýra skólanum fékk hann austan af Gautlandi »einn inn bezta klerk«, er Gísli hét Finnsson, og gerðist hann þar með hinn fyrsti skólameistari á Íslandi. Var Gísli ráðinn til að kenna prestlingum »ok at veita slíkt upphald heilagri kristni með sjálfum byskupi sem hann mátti sér við koma í kenningum sínum ok formælum«. Svo er frá Gísla sagt að

ávallt er hann prédikaði fyrir fólkinu, þá lét hann jafnan liggja bók fyrir sér ok tók þar af slíkt er hann talaði fyrir fólkinu, ok gerði hann þetta mest af forsjá ok lítillæti, at þar hann var ungr at aldri þótti þeim meira um vert er til hlýddu at þeir sæi þat at hann tók sínar kenningar af helgum bókum en eigi af einu saman brjóstviti.<sup>1</sup>

Meistari Gísli er sagður hafa kennt *grammaticam*, þ.e. latneska málfræði. Þegar kom að mælskulist er áberandi hvað gert er lítið úr þeirri kunnáttu

---

1 *Biskupa sögur* 1: 2003, 205–206.

Gísla; því er líkt sem miklum kosti í hans fari að lesa upp úr bókum frekar en að miðla kunnáttu í ræðuformi.

Um annað nám í Hólaskóla segir það eitt að Jón biskup fékk »einn franzeis« er Rikini hét, kapelán sinn, að kenna söng og versagerð.<sup>2</sup> Hvergi er getið um nám í öðrum greinum hinna sjö frjálsu lista á Íslandi en þó má ætla að slíkt nám hafi getað átt sér stað. Engin merki finnast þó um að Íslendingar hafi numið rökfræðina, grunnundirstöðu miðaldaheimspeki, engar leifar finnast um slíkt í íslenskum handritum og ekki er getið um neinar bækur á því sviði í bókasöfnum á Íslandi.<sup>3</sup> Hvað varðar aðra grein þrívegsins, mælskufræðina, er ástandið ekki eins augljóst. Mælskufræði hafði töluvert hagnýtt gildi. Í grískum skólum í fornöld var mælskulist kennd unglingum á táningsaldri og hafði verulegt þjóðfélagslegt gildi við að flytja mál fyrir dómstólum eða stjórnsmálaræður á þingum eða tækifærisræður, t.d. sýningarræður í skólum þar sem markmiðið var að sýna færni ræðumannsins.<sup>4</sup> Ætla má að slík kunnátta hafi komið sér vel í íslensku samfélagi þjóðveldisaldar.

Hér á eftir verður vikið að nokkrum atvikum sem lýst er í miðaldaheimildum þar sem reyndi á ræðukunnáttu. Leitast verður við að skilgreina hvers eðlis mælskulistin var í hverju tilviki og hvort formlegt nám í mælskulist kunni að hafa komið að notum við slík tilefni.

### Þingræður

Á þjóðveldisöld var alþingi Íslendinga fyrst og fremst dómstóll þar sem menn ráku mál sín þó að stofnunin hafi einnig haft pólitískt hlutverk, t.d. þegar kom að því að rétta lög. Þeir sem fóru með pólitíska forystu, goðar og helstu bændur, þurftu því mjög á því að halda að geta rökstutt mál sitt og sannfært áheyrendur um réttmæti síns málstaðar. Enda hefur verið gert ráð fyrir því að slíkur málarekstur hafi í raun verið eitt helsta hlutverk goðorðsmanna.<sup>5</sup>

Sturla Þórðarson í Hvammi (Hvamm-Sturla) var kappsamur goðorðsmaður sem vildi auka völd sín og átti iðulega í deilum við aðra höfðingja í sinni heimabyggð. Samkvæmt *Sturlu sögu* rak Sturla mál sín af hörku á

2 Ibid.

3 Sjá LEHMANN: 1937, 37.

4 ÁRNI SIGURJÓNSSON: 1992. Sjá <http://arni.godur.is/greinar/eldra/retorik.htm>.

5 Sjá t.d. BYOCK: 1988, 103–135.

alþingi og lítur á það sem leið til auka áhrif sín. Þar kemur fram að »þat var oft háttr hans at setja á langar tölur um málaferli sín, því at maðrinn var bæði vitr ok tungumjúkr. Vildi hann ok, at þat væri jafnan frá borit, at hans virðing yrði víðfræg«. <sup>6</sup> Helsti keppinatur Sturlu um völd í Dölunum, Einar Þorgilsson, var stórættaður, sonur Þorgils Oddasonar. Eftir Þorgils gerðist Einar »höfðingi, því at margar stoðar runnu undir hann, frændr ok mágar ok vinir, er Þorgils, faðir hans, hafði fengit sér. Hann skorti ok eigi kapp né áræði.« Á hinn bóginn hafði Einar einnig þann veikleika að »[e]ngi var hann lagamaðr ok blestr í máli«. <sup>7</sup> Hér er verið að draga upp muninn á Sturlu og Einari skýrum dráttum og hlýtur að markast af sjónarhorni helstu heimildarinnar um deilur þeirra, *Sturlu sögu*, sem er hliðholl Sturlu. Á hinn bóginn felst ákveðin vísbending um æskilegar dyggðir goðorðsmanns í þessari lýsingu. Málsnilld var þar höfuðatriði.

Annað dæmi um það hversu mikilvæg mælska og hæfileikinn til máls gat verið er í *Íslendinga sögu* Sturlu Þórðarsonar þar sem hann greinir frá deilum höfðingja í Eyjafirði upp úr 1210 þar sem aðalkeppinautarnir voru Hallur Kleppjárnsson og Kálfur Guttormsson:

Með þeim Halli ok Kálfi var óþokki mikill. Varð þeim margt til. Hafði Hallr þá mannaforráð mest í Eyjafirði. Þótti honum Kálfr ekki trúr at leita á þingmenn sína. Þeir deildu ok um hvalmál nökkurt ok færðu þat til alþingis, ok var hvár tveggja inn mesti flutningsmaðr síns máls. Þótti þat æ sannara, er sá talaði, er þá flutti sitt erindi. <sup>8</sup>

Af þessari lýsingu er greinilegt að málsnilld var nauðsynleg þeim sem kepptu um pólitísk völd. Hallur og Kálfur höfðu hana báðir á valdi sínu.

EKKI er víst að formleg menntun í mælskulist hafi komið höfðingjum að gagni við að flytja þingræður; kunnátta í ræðulist var eflaust mikilvæg dyggð löngu áður en Hólaskóli var stofnaður þar sem valdabarátta á þingum snerist um hana. Öðru máli gegnir að vera má að latneskar og kristilegar hugmyndir um mælskulist hafi skipt máli fyrir þróun hennar eftir að formlegt menntakerfi var innleitt á Íslandi.

6 *Sturlunga saga* I: 1946, 113.

7 *Ibid.*, 68.

8 *Ibid.*, 257.

### Kristileg ræðusnilld

Að hvaða leyti var kristileg ræðusnilld frábrugðin hefðbundnum þingræðum? Hvers eðlis var sú ræðumennska sem í hávegum var höfð meðal þjóna kirkjunnar? Hér verður að líta til þeirra fyrirmýnda sem kristnir menn höfðu fyrir sér í helgiritum kirkjunnar þar sem ýmis dæmi eru um kristilega ræðulist.

Í Postulasögunni (*Acta Apostolorum*) eru ýmis dæmi um snjallar ræður sem lagðar eru í munn postulum og píslarvottum. Sem dæmi má taka ræðu píslarvottarins Stefáns sem vakti svo sterkar tilfinningar að hann var drepinn að henni lokinni. Augljóst er að Stefán hefur verið mikilvæg fyrirmynd kristnum mönnum. Ræða hans, sem segir frá í Postulasögunni, hefst á þessum orðum:

Heyrið mig, bræður og feður. Guð dýrðarinnar birtist föður vorum, Abraham, er hann var enn í Mesópótamíu, áður en hann settist að í Haran, og sagði við hann: ›Far þú burt úr landi þínu og frá ættfólki þínu til landsins, sem ég mun vísa þér á. Þá fór hann burt úr Kaldealandi og settist að í Haran. En eftir lát föður hans leiddi Guð hann þaðan til þessa lands, sem þér nú byggðið. Ekki gaf hann honum óðal hér, ekki eitt fótmál. En hann hét honum að gefa honum landið til eignar og niðjum hans eftir hann, þótt hann væri enn barnlaus. Guð sagði, að niðjar hans mundu búa sem útlendingar í ókunnu landi og verða þjádír og þrælkaðir í fjögur hundruð ár. ›En þjóðina, sem þrælkar þá, mun ég dæma,‹ sagði Guð, ›og eftir það munu þeir fara þaðan og þjóna mér á þessum stað.‹ Þá gaf hann honum sáttmála umskumarinnar. Síðan gat Abraham Ísak og umskar hann á áttunda degi, og Ísak gat Jakob og Jakob ættfeðurna tólf. Og ættfeðurnir öfunduðu Jósef og seldu hann til Egyptalands. En Guð var með honum, frelsaði hann úr öllum þrengingum hans og veitti honum hylli og visku í augum Faraós, Egyptalandskonungs, svo að hann skipaði hann höfðingja yfir Egyptaland og yfir allt sitt hús.‹<sup>9</sup>

Eins og sjá má þá er þessi ræða fyrst og fremst söguleg upprifjun á frásögnum Gamla testamentisins. Ræða Stefáns heldur áfram í þessum dúr, hann segir frá Móse og flóttanum frá Egyptalandi. Síðan heldur ræða Stefáns áfram:

Þennan Móse, er þeir afneituðu með því að segja: ›Hver skipaði þig höfðingja og dómara?‹ hann sendi Guð sem höfðingja og lausnara með fulltingi engilsins, er honum birtist í þyrnirunnanum. Það var Móse, sem leiddi þá út og gjörði undur og tákn á Egyptalandi, í Rauðahafinu og á eyðimörkinni í fjórutíu ár. Þessi er sá Móse, sem sagði við Ísraelsmenn: ›Spámann eins og mig mun Guð upp vekja yður, einn af bræðrum yðar.‹ Hann er sá, sem var í söfnuðinum í eyðimörkinni, með englinum, er við hann talaði á Sínaí fjalli, og með feðrum

9 *Post. 7.2–10.* Hér og annars er staðar er miðað við þessa útgáfu: *Biblían: 1981.*

vorum. Hann tók á móti lifandi orðum að gefa oss. Eigi vildu feður vorir hlýðnast honum, heldur hrundu honum frá sér og þráðu í hjörtum sínum Egyptaland. ... Þér harðsvíraðir og óumskornir í hjörtum og á eyrum, þér standið ávallt gegn heilögum anda, þér eins og feður yðar. Hver var sá spámaður, sem feður yðar ofsóttu eigi? Þeir drápu þá, er boðuðu fyrirfram komu hins réttláta, og nú hafið þér svikið hann og myrt. Þér sem lögmálið fenguð fyrir umskýslan engla, en hafið þó eigi haldið það.<sup>10</sup>

Rökfærsla Stefáns felst fyrst og fremst í sögulegri upprifjun á þekktum sögum úr Gamla testamentinu en í lokin snýr hann máli sínu að andstæðingum sínum og líkir þeim við andstæðinga Móse meðal Gyðinga til forna.

Önnur svipuð ræða sem endursögð er í Postulasögunni er ræða Páls í Antíokkíu í Písídíu. Hún fylgir sömu uppskrift. Páll hefur mál sitt þar sem Stefán lauk sinni ræðu og heldur sögunni áfram:

Ísraelsmenn og aðrir þér, sem óttist Guð, hlýðið á. Guð lýðs þessa, Ísraels, útvaldi feður vora og hóf upp lýðinn í útlegðinni í Egyptalandi. Með upplyftum armi leiddi hann þá út þaðan. Og um fjörutíu ára skeið fóstraði hann þá í eyðimörkinni. Hann stókkta burt sjö þjóðum úr Kanaanslandi og gaf þeim land þeirra til eignar. Svo stóð um fjögur hundruð og fimmtíu ára skeið. Eftir þetta gaf hann þeim dómara allt til Samúels spámans. Síðan báðu þeir um konung, og Guð gaf þeim Sál Kísson, mann af Benjamíns ætt. Hann ríkti í fjörutíu ár. Þegar Guð hafði sett hann af, hóf hann Davíð til konungs yfir þeim. Um hann vitnaði hann: ›Ég hef fundið Davíð, son Ísaí, mann eftir mínu hjarta, er gjöra mun allan vilja minn.‹ Af kyni hans sendi Guð Ísrael frelsara, Jesú, samkvæmt fyrirheiti.<sup>11</sup>

Líkt og í ræðu Stefáns er kjarninn í röksemdafærslu Páls upprifjun á sögu Gyðinga eins og hún var sögð í Gamla testamentinu en undir lokin tengir hann söguna við Jesúm og fellir hann inn í samhengi þeirrar sögu. Sú mynd sem ræður Stefáns og Páls í Postulasögunni gefa af kristilegri röksemdafærslu er að hún hafi einkum snúist um að rifja upp sögu Gyðinga í samræmi við frásagnir Gamla testamentisins og að tengja Jesúm við þessa fornu sögu.

Heimildir um kristilega ræðulist á Íslandi eru ekki margar en þær sem þó eru til benda til þess að sú ræðumennska hafi verið af svipuðu tagi. Hér má benda á vitnisburð Þorláks, þar sem sagt er frá útför Þorláks biskups árið 1193:

En áðr menn gengi frá grepti ins sæla Þorláks byskups þá mælti Gizurr Hallsson um þau tíðendi, er orðin váru, eptir því sem siðvenja var á yfir tiginna manna grepti. Hann tjáði þat fyrst hverr nytjamaðr Þorlákr byskup hafði verit,

<sup>10</sup> *Post.* 7.35–53.

<sup>11</sup> *Post.* 13.16–23.

bæði staðnum ok öllu landsfólki. Þá veik hann nokkurum orðum til virðingar þeim byskupum er at stóli höfðu setit í Skálaholti áðr Þorlákr kœmi.<sup>12</sup>

Hér er gefið í skyn að ræða Gissurar hafi fyrst og fremst verið söguleg upprifjun og sérstaklega vísað til þekkingar hans á sögu fyrri biskupa í Skálholti. Mælskulist Gissurar virðist því af svipuðum toga og þeirra Páls og Stefáns og má tengja hana við aðkomu hans að sagnaritun. Gissur er nefndur sem heimildarmaður að *Hungurvöku*, yfirlitsriti um sögu fyrstu fimm biskupanna í Skálholti, og rík tengsl virðast vera á milli þeirrar sagnaritunar og líkræðu Gissurar, þar sem hann rakti sögu Skálholts. Í *Þorláks sögu* er svo vitnað beint í orð Gissurar:

Gott er á þat at minnask at váru vitni ok at sagn várra forellra um þá byskupa er fyrir vart minni hafa verit, at sá þykkir hverjum beztr er kunnast er, ok svá dýrligir menn sem þeir hafa verit allir í sínum byskupsdómi þá er þat þó frá-bært hversu Þorlákr hefir búit sik til byskupstignar langt frá því sem allir aðrir. Hann var hreinlífr alla ævi, siðsamr ok lastvarr, orr ok réttlátr, miskunnsamr ok heilráðr, lítillátr ok stjórnsamr, mjúklýndr með sannri ást ok elsku bæði við Guð ok menn. Hann tók vígslur á barns aldri, ok sýndisk inum vitrustum mǫnnum at auka hans sœmð ok vígslur, meðan til váru, ok á unga aldri gaf hann sik undir heilaga reglu ok varðveitti hana allt til dauða. Nú þó at þat sé boðit at vér leggim eigi bera dóma á ráð manna, þá munu fáir vánarmenn vera ef hann er eigi fullsæll, svá ólíkr sem hann var flestum mǫnnum í sínu lífi ok góðum siðum.<sup>13</sup>

Síðan er sagt að Gissur hafi lokið »sinni ræðu með snjöllu máli«. <sup>14</sup> Hér má ef til vill sjá kímið að elstu gerð *Þorláks sögu* þar sem Gissur fer yfir helstu þættina í fari Þorláks sem áhersla er lögð á í sögunni. Leiðin frá mælskulist að sagnaritun hafði ef til vill ekki verið löng.

### Pólitískar ræður á Sturlungaöld

Á Sturlungaöld breyttust stjórnsmál á Íslandi verulega. Í stað þess að höfðingjar kepptu um áhrif á þingum voru þeir einráðir í eigin héruðum og réðu yfir meira liði en áður. Deilumál voru útkljáð með orustum fremur en bandalögum á þingi. Þetta kallaði á nýja gerð ræðulistar, brýningar-ræðu yfir liðsmönnum, til dæmis á undan orustum. Ýmis dæmi eru um slíkar ræður í *Sverris sögu* og *Hákonar sögu* en íslenskir höfðingjar tóku einnig að flytja slíkar ræður að norskri fyrirmynd. Dæmi um ræðu af

<sup>12</sup> *Biskupa sögur* 2: 2002, 83.

<sup>13</sup> *Ibid.*, 83–84.

<sup>14</sup> *Ibid.*, 84.

Þessu tagi er ávarp Gissurar Þorvaldssonar til manna sinna fyrir Örlýgsstaðabardaga, sem sagt er frá í *Íslendinga sögu*:

Gizurr talaði þá fyrir liðinu ok eggjaði menn til framgöngu ›Vil ek eigi,‹ sagði hann, ›at þér hafið mik á spjótsoddum fyrir yðr, sem Skagfirðingar höfðu Kolbein Tumason, frænda minn, þá er hann fell í Víðinesi, en runnu sjálfir þegar í fyrstu svá hræddir, at þeir vissu eigi, er þeir runnu yfir Jökulsá, ok þar er þeir þóttust skjöldu bera á baki sér, þar báru þeir söðla sína. Leitið yðr nú heldr vaskra manna dæma, þeir er vel fylgðu Sverri konungi eða öðrum höfðingjum, þá er æ uppi þeira frægð ok góðr röskleikr. Efizt ok ekki í því, at ek skal yðr eigi fjarri staddr, ef þér dugið vel, sem ek vænti góðs af öllum yðr. Er þat ok satt at segja, at sá maðr má aldregi röskr heita, er eigi rekr þessa óaldarflokka af sér. – Gæti vár allra guð,‹ sagði Gizurr.<sup>15</sup>

Um viðtökur ræðunnar er ekki annað sagt en að »allir rómuðu þetta erindi vel« og virðist Gissur því ekki hafa þótt eftirbátur afa síns, Gissurar Halls-sonar, í ræðulistinni.

Helsti keppinautur Gissurar um völd á Sturlungaöld var frændi hans, Þórður kakali Sighvatsson. Ef miðað er við vitnisburð *Þórðar sögu kakala* virðist hann ekki hafa þótt jafn snjall ræðumaður frá náttúrunnar hendi og frændi hans. Þar segir:

En er Þórðr hafði lokit sinni ræðu, þóttust menn þat finna, at hann myndi vitugr maðr, þegar er hann fengi stillt sik fyrir ofsa. En nökkut þótti mönnum hann stírt tala í fyrstu. En þess at djarfari ok snjallari var hann í málinu, er hann hafði fleira mælt ok fjölmennara var við.<sup>16</sup>

Þórður virðist hafa þurft að »tala í sig hita« og greinilegt að góðar viðtökur hlustenda styrktu hann í ræðumenskunni. Eigi að síður virðist mælskulist hans aldrei hafa jafnast á við Gissur og þegar þeir mættust árið 1246 við hirð Hákonar konungs þá treysti Þórður á hið ritaða orð, líkt og Gísli Finnason áður. Í *Þórðar sögu* er svo sagt frá þeim viðskiptum:

Hákon konungr lagði stefnu til mála þeira Þórðar ok Gizurar. Ok á stefnunni lét Þórðr lesa upp rollu langa, er hann hafði látit rita um skipti þeira Haukdæla ok Sturlunga. Birtist þar á margr skaði, er Þórðr hafði fengit í mannalátum. Þá mælti konungrinn: ›Hvat flytr þú hér í mót, Gizurr?‹ Hann svarar: ›Ekki hefi ek skrásett sagnir mínar, en þó kann ek hér nökkuru í mót at svara. En þó kalla ek hér einarðliga frá sagt várum skiptum.‹ Ok þann orðróm fengu þeir báðir, at menn kváðust eigi heyrt hafa einarðligar flutt en hvárr flutti sitt mál, svá margt sem í hafði orðit. Mælti ok hvárrgi öðrum í mót eða ósannaði annars sögn.<sup>17</sup>

<sup>15</sup> *Sturlunga saga* I: 1946, 429–430.

<sup>16</sup> *Sturlunga saga* 2: 1946, II.

<sup>17</sup> *Ibid.*, 82.



›Rollan‹ sem hér er vísað hefur sennilega verið efnislega skyld sjálfri *Þórðar sögu* þar sem sjónarhorn fylgismanna Þórðar er ríkjandi. Sem fyrr er stutt á milli hins talaða orðs og sagnaritunar. Ekkert sagnarit sem segir frá atburðum aldarinnar er ritað frá sjónarhorni Gissurar og hans manna sem reiddu sig á hið talaða orð. Þó kemur fram í sögunni að ágreiningur Þórðar og Gissurar hafi í raun ekki snúist um staðreyndir. Orðaskyldingum Þórðar og Gissurar er lýst með svipuðum hætti og segir frá viðureign Halls Kleppjárnssonar og Kálfs Guttormssonar áður, báðir ná áheyrendum á sitt band til skiptis.

Í einvígi Þórðar og Gissurar mætast meginstraumar íslenskrar ræðulistar á þessum tíma. Annarsvegar hin hefðbundna þingræða sem ein-kennist af því að áheyrendur hrífast með; eru sammála síðasta ræðumannni. Hins vegar hin klerklegi ræðustíll þar sem áherslan var á sögulega frásögn og er eðlisskyld sagnaritun. Viðureign þeirra frænda á sér stað á tímamótum þar sem hið ritaða orð var farið að hafa meira vægi en áður, eins og rollan sem Þórður lét lesa er til marks um.

### Niðurstöður

Með stofnun Hólaskóla árið 1106 varð nám í hinum sjö frjálsum listum mögulegt á Íslandi. Ekkert bendir þó til þess að slíkt nám hafi verið stund-að þar frá upphafi; þvert á móti er greint frá því að fyrsti skólameistarinn hafi helst viljað lesa fyrir upp úr bókum. Eigi að síður hlýtur nám í mælskufræði að hafa verið gagnlegt fyrir Íslendinga á 12. öld og í upphafi 13. aldar þar sem átök voru á þingum og mikilsvert að vinna áheyrendur á sitt band. Heimildir um innihald slíkra þingræðna eru þó fáar og því ekki ljóst hvort ræðuskörungar voru undir áhrifum frá alþjóðlegum hugmyndum um mælskulist.

Þegar litið er til kristinnar mælskulistar þá voru fyrirmyndir skýrar og sennilega engar áhrifmeiri en þeir píslarvottar og postular sem sagt er frá í Postulasögunni. Þar koma fram afgerandi hugmyndir um mælskulist þar sem mikil áhersla var lögð á sögulega upprifjun og endursögn á kunnum textum. Slíkar hugmyndir hafa haft sín áhrif þegar farið var að flytja tækifærisræður í kristnum anda og má þar til dæmis nefna líkræðu Gissurar Hallssonar yfir Þorláki biskupi. Leiða má líkur að því að tengsl hafi verið á milli slíks ræðuflutnings og sagnaritunar þar sem rifjaðir voru upp atburðir úr sögu kirkjunnar og dýrlinga hennar.

Á Sturlungaöld breyttist eðli pólitískra ræðna þar sem markmiðið var ekki lengur að afla fylgismanna heldur að brýna þá áfram og hvetja þá. Ræður helstu forystumanna á Sturlungaöld gætu hafa verið undir áhrifum frá kristilegri mælskulist enda virðast þær hafa innihaldið sögulega upp-  
rifiun og skírskotanir. Undir lok Sturlungaldar færðist hinsvegar í vöxt að menn flyttu einnig ritað efni sem er þá skýr forboði samtímasagnaritunar sem færðist mjög í aukana á seinni hluta 13. aldar.

### Ritaskrá

- ÁRNI SIGURJÓNSSON: »Mælska og mælgí: Hugleiðing um mælskufræði«. [Fyrirlestur haldinn í Skólábæ fyrir Félag íslenskra fræða, 21. mars 1992].  
<http://arni.godur.is/greinar/eldra/retorik.htm>. [13.03.2018]
- Biblían. Heilög Ritning. Gamla testamentið og nýja testamentið*. Reykjavík: Hið íslenska biblíufélag, 1981.
- Biskupa sögur 1*. Útg. af Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2003 (= Íslenzk fornrit; 15).
- Biskupa sögur 2*. Útg. af Ásdís Egilsdóttir. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2002 (= Íslenzk fornrit; 16).
- BYOCK, Jesse: *Medieval Iceland. Society, Sagas, and Power*. Berkeley, o.fl.: University of California Press, 1988.
- LEHMANN, Paul: *Skandinaviens Anteil an der lateinischen Literatur und Wissenschaft des Mittelalters. Sitzungsberichte der Bayerischen Akademie der Wissenschaften. Philosophisch-historische Abteilung 1-2*. München: Bayerische Akademie der Wissenschaften, 1936–1937.
- Sturlunga saga 1-2*. Útg. af Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn. Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946.



ÁRMANN JAKOBSSON

## Í aukahlutverki

### Maður í Jórvík

Þegar ris *Egils sögu* nálgast, í 59. kafla,<sup>1</sup> sækir söguhetjuna ógleði. Egill leggur til hafs til Englands en skip hans strandar í Norðimbralandi og hann fréttir af höfuðandstæðingi sínum Eiríki fyrrum Noregskonungi og Gunnhildi drottningu hans í Jórvík. Egill Skalla-Grímsson á ekki von að geta farið huldu höfði enda »auðkenndr þeim, er hann sæi«. <sup>2</sup> Það er grundvallaratriði í þessari sögu að hetjan sé sérstök og frábrugðin öðrum mönnum,<sup>3</sup> en um leið er það lykilatriði í frásagnaraðferð alls konar frásagnartexta að leyfa áheyrendum að dvelja í návist aðalpersónanna og fá sterka tilfinningu fyrir sérstöðu þeirra sem er ekki ósvipuð tilfinningu manns fyrir sjálfum sér. Þar með þykir áheyrendum eðlilegt að öðrum sögupersónum sé eins farið og þeim sjálfum að bera kennsl á sinn Egil. Með því að rjúfa hina listrænu blekkingu og geta þess sérstaklega er sennilega höfðað til hláturtauganna: miðaldaáheyrandanum hefur verið ætlað að vera skemmt engu síður en okkur sem kynnumst Agli í nútímanum yfir því að Egill getur ekki dulbúist eins og aðrir menn.<sup>4</sup> Þar af leiðandi neyðist hann til að ríða inn í borgina, að vísu dulbúinn að hálfu með »síðan hatt yfir hjálmi«, og alla leið í garð til Arinbjarnar fóstbróður síns og féлага.<sup>5</sup>

1 *Egils saga* er sem kunnugt er til í þremur gerðum og er kaflaskipan ekki ævinlega með sama hætti en hér er miðað við útgáfu Íslenzkra fornrita þar sem Möðruvallabók er lögð til grundvallar.

2 *Egils saga*: 1933, 178. Sá þáttur sem hér er fjallað um er allur á bls. 177–179 í tilgreindri útgáfu.

3 Strax í upphafi er Egill kynntur þannig að hann sé stærri og meiri en aðrir á sama aldri (jafnast þriggja ára á við sex ára drengi) og skömmu síðar fremur hann sín eftirminnilegu barnabrek og yrkir dróttkvæðar vísur um þau (ibid., 80–83).

4 Margir íslenskir og evrópskir sjónvarpsáhorfendur skemmtu sér vel yfir veglegri franskri sjónvarpsgerð af *Greifanum af Monte Cristo* sem sýnd var í Ríkissjónvarpinu haustið 1999 þar sem franskur leikarinn Gérard Depardieu fór með aðalhlutverkið og birtist iðulega í »dulargervi« sem reyndi þó mjög á vantrú áhorfenda þar sem Depardieu er stór, mikill og sérstakur í útliti og var auðþekktur bak við öll gervin. Ekki ósvipaða skemmtun hafa miðaldaáheyrendur ef til vill haft af tilhugsuninni um Egil Skalla-Grímsson dulbúinn í Jórvík.

5 Vinátta Egils og Arinbjarnar hefst í fyrstu Noregsferð Egils (ibid., 105) og reynist óbrotgjörn þrátt fyrir að Arinbjörn sé einnig vinur og þegn Eiríks konungs og þar með oft í

Það væri ekki óalgeng úrvinnsla í sögu að sýna Egil næst kominn á fund Arinbjarnar, sem væri þá inngangur að þeim fundi sem mestu skiptir, fundi Eiríks konungs og Egils. En í *Egils sögu* er þar að auki inngangur að þeim inngangi því að Egill hinnir ekki strax Arinbjörn sjálfan heldur »mann« sem virðist standa utan við hús Arinbjarnar og sá segir honum að Arinbjörn sitji yfir matborði. Þessi sögupersóna er þannig einfaldlega »maðr« en almennara orð yfir okkar dýrategund finnst varla. Þessi maður er aldrei nefndur með nafni og er því fyrirtaks fulltrúi fyrir hinar fjölmörgu nafnlausu persónur Íslendingasagna sem verður vikið að nánar hér á eftir.<sup>6</sup> Í fljótu bragði hneigist gagnrýnandinn til að líta á þær sem þjóna hinnar rituðu sögu fyrst og fremst, frekar en hinnar sögulegu hefðar sem á undan hefur farið þó að úr því sé erfitt að skera með fullri vissu. Fáir eru líklegir til að spyrja sig hvort maðurinn sem Egill hinnir í garðinum hjá stofu Arinbjarnar hafi verið til í alvörunni og dvalið í Jórvík nálægt árinu 950.<sup>7</sup> Um leið vakna þá spurningar um tilgang mannsins í sögunni og hugurinn beinist óhjákvæmilega að höfundinum: Hvað ætlar höfundur *Egils sögu* sér með þessari persónu?

Þegar Egill hinnir manninn talar hann í beinni ræðu í fyrsta sinn í hinum langa 59. kapítula og ávarpar hinn ókunna mann með þessum orðum: »Ek vilda, góðr drengr, at þú gengir inn í stofuna, ok spyr Arinbjörn, hvárt hann vill heldr úti eða inni tala við Egil Skalla-Grímsson.« Þó að tilefnið sé lítið og hversdagslegt – hér eru engin víg á skautasvelli eða brennur eða bardagar á alþingi í kringum orð Egils enda verður varla sagt að þau séu neitt sérstaklega fleyg, – tekur Egil fagurlega til orða, raðar þannig hljómmiklu nafni sínu aftast í setninguna sem broddi (eða *punchline*) hennar, og fyrir framan koma andstæðurnar »úti eða inni« sem eru þrungnar merkingu í þessari frásögn og ef til vill sögunni allri, ef til vill í öllum sögum frá þeim tíma. Egill Skalla-Grímsson er sannarlega utan-garðsmaður í Jórvík, réttdræpur við hirð Eiríks konungs. Verkefni Arinbjarnar, vildarvinar hvorstveggja, konungs og Egils, er að koma honum inn. Og »úti« og »inni« eru hér heimsmyndarhugtök og má sjá hliðstæðu

úlfakreppu. Margir nútímalesendur hrífast af tryggð Arinbjarnar en um leið mætti kalla það góðan drátt í mynd Egils að hafa náð að eignast tryggð þessa mæta manns.

6 Enn hafa rannsakenndur lítt beint sjónum að nafnlausum persónum Íslendingasagna þannig að engir listar eru til um þær en sá er þetta ritar vinnur nú að slíkri rannsókni eins og hér verður rætt nánar síðar.

7 Þetta á væntanlega jafnt við um nútímalesendur og þá sem heyrðu söguna flutta á 13. og 14. öld.

við veraldarsýn heiðinna manna eins og hún er kynnt í *Snorra-Eddu* þar sem Miðgarður og Útgarður eru höfuðandstæður.<sup>8</sup> Þó að Egill Skalla-Grímsson segi hinum ókunna manni engin leyndarmál þá nær hann samt að orða sína úlfakreppu ágæta vel og ef til vill skiptir þessi nafnlausí áheyrandi hans ekki öllu máli fyrir löngun hans til að tjá hana. Hans ör-lög eru nú að verða annað hvort innan eða utan hirðarinnar sem merkir þá jafnframt innan og utan veraldarinnar því að komist hann ekki í náð konungs merkir það líflát hans og útgöngu úr jarðlífinu.

Ávarpið »góðr drengr« er ef til vill ögn spaugilegt. Það er leiðarstef í þessari sögu hversu oft Egill Skalla-Grímsson gleymir mannasíðunum og missir stjórn á skapi sínu.<sup>9</sup> Núna er hann hins vegar ofurkurteis (og þó ef til vill ofurlítið yfirlætislegur) við hinn léttvæga ókunna mann sem hefur það eitt hlutverk að færa Arinbirni skilaboð hans. Þessi maður hefur í einhverjum skilningi örlög Egils í hendi sér þó að um það viti hann sjálfur ekkert. Það vita hins vegar Egill, höfundur og söguhlýðendur og þessi óvenjulega frásagnardvöl myndar þannig samsæri texta og hlýðenda gegn grunlausri aukapersónunni. Írónían er þá sú að við skiljum öll mætavel hvað er í húfi; allir nema hinn nafnlausí maður í Jórvík sem nú þarf að sinna sínu hlutverki.

Þessi maður hefur ekkert nafn og við vitum ekki hvort hann er ný-kominn frá Noregi eða alinn upp á Bretlandseyjum eða hvort hann er yngri eða eldri en Egill og ekki heldur kunnum við nánari deili á stétt hans eða hjúskaparstöðu þó að tilfinningin sé sú að hann sé enginn stór-bokki. Á hinn bóginn er hann ein þeirra sögupersóna í *Egils sögu* sem fær að tala í beinni ræðu. Þegar Egill hefur fremur kæruleysislega borið upp sitt brýna erindi segir »sá maðr«, eins og hann er nefndur í sögunni, eftir-farandi orð: »Það er mér lítit starf, at reka þetta ørendi«, önnur af tveimur setningum hans. Þessi fyrri setning virðist í fljótu bragði fullkomlega óþörf fyrir framvindu sögunnar; hægðarleikur væri fyrir höfund að láta manninn nú ganga inn í stofu og bera upp erindi Egils án þess að taka neitt til orða og fáir áheyrendur myndu sakna neins. En samt talar aukapersónan og

8 Einna fyrstur fræðimanna til að ræða þessa heimsmynd var GÚREVÍTSJ: 1972, en í kjölfar hans HASTRUP: 1985.

9 Strax í upphafi fyrstu Noregsferðar hans lendir hann á eftirminnilegan hátt upp á kant við sjálfan konung og drottningu í Atley (*Egils saga*: 1933, 107–II) þar sem Egill reynist erfiður gestur, ef til vill með nokkrum rétti en samt óviturlega. Í kjölfarið má segja að öll samskipti hans við konung og drottningu endi með ósköpum meðal annars vegna vanstillingar hans, fram að þessum fundi þeirra í Jórvík.

yfirlýsing hennar er í glettilegu ósamræmi við alvörubunga viðburðanna. Aðalpersónan á yfir höfði sér líflát en aukapersónan þarf að sinna erindi sem honum þykir harla ómerkilegt og hefur jafnvel orð á því að óþörfu.

Þannig fer írónían sem þegar var fyrir hendi í kringumstæðunum enn vaxandi meðan söguhlýðendur *Egils sögu* bíða í óþreyju eftir að heyra hvernig fer. Okkur er ekki sama, Agli er ekki sama og varla Arinbirni heldur, en þessum ókunna manni er hjartanlega sama og hann hefur enga hugmynd um að erindi hans sé markvert. Eitt andartak fáum við innsýn í hugarástand hans og sjáum heiminn örskotsstund hans augum. Það kippir æsispennandi framvindunni og mögnuðum örlögum aðalsöguhetjunnar á jörðina, ekkert síður en önuði dyravörðurinn í *Makbeð* (2. þætti, 3. atriði) sem birtist áhorfendum í blóðbaðinu miðju.<sup>10</sup> Áheyrendur eru snögglega minntir á að það eru til mörg sjónarhorn og í heimi nafnlausu mannsins í garðinum skiptir sagan sem við lifum okkur inn í á þessari stundu engu máli. Einhver skammvinnur léttir hlýtur að felast í þessari áminningu þó að spennan í sögunni minnki ekki til frambúðar. Höfundur eyðir ekki dýrmætu kálfskinni að ástæðulausu; jafnvel þessi tilgangslausa setning hlýtur að hafa sinn tilgang. Hún er þrátt fyrir allt á lykilstað í lykilkafla sögunnar, lögð í munn einskisverðrar persónu sem ef til vill verður þungvæg með því að vera léttvæg. Áminning er hún – um að jafnvel mikilvægi Egils og örlaga hans sé afstætt. Hver maður er sinn eigin heimur og í heimi nafnlausu mannsins ríkja aðrar áherslur en í sögunni yfirleitt.

The author of *Mírmanns saga* knew *Mágus saga* and lifted two motifs from it: the cross-dresser and the chess game. But the borrowed motifs function for different ends. Like Játmundr, Mírmann is adept at chess, but unlike Erminga, Cecilía does not challenge Mírmann to a game of chess in order to win him back—the chess game occurs before they marry—but rather to ascertain whether the person calling himself Justínus is in reality Mírmann. He had adopted the name Justínus and had it noised abroad that Mírmann had died. Cecilía is so adept at chess that no one in Sicily can defeat her. Similarly, about Justínus it is said that he was superior to other men in chess.<sup>22</sup> As they play, Cecilía distracts Justínus by mentioning she had heard that the earl, who had died on account of his mother's sorcery, was accomplished in chess. This so upsets Justínus that he becomes distracted and reflects on his miserable fate rather than the chess game. Cecilía wins the match, taking a knight, and Justínus declares, unjustifiably: »Þennann mann seigir hann vannst þú af mier meir med vielum enn rettindum«.<sup>23</sup> The narrator reveals what had really taken place: »hefr hun nv það vnnit med vitro sinne er hun vard ei sigrud i taflinv. enn hun þottist nv giorla vita hver hann var«.<sup>24</sup> Just as Cecilía subsequently did not defeat her husband in combat through physical skill, but rather God's intervention, she also did not defeat Mírmann in the chess game through her mastery of the game, but rather through her perspicacity.

The author of *Mírmanns saga* plagiarized the name Híringr and the cross-dressing figure from *Mágus saga*, but he did not replicate that narrative. The prefatory tale of *Mágus saga*, the *Írings þáttr*, is an independent tale, a novella. The story is not an integral part of the saga as a whole; rather, it is complete in itself. In *Mírmanns saga*, however, the story of Cecilía as Híringr is an essential component of Mírmann's biography; it constitutes the saga's dénouement. The conflict between Christians and heathens, inspired by the *chansons de geste*, dominates the first part of the narrative; indeed, the dispute between the eponymous protag-

21 Ibid., 143:39–41.

22 See *ibid.*, 84:13–15.

23 *Ibid.*, 87:31–32.

24 *Ibid.*, 88:24–25.

onist, a Christian, and his father, a heathen, is the catalyst that generates the saga's conflict and main plot. Mírmann's killing of his father during a religious quarrel unleashes his heathen mother's revenge that results in his contracting leprosy. Mírmann's search for healing leads him to the Sicilian princess Cecilía, who restores him to health and whom he marries. Vicious calumny, engineered by his deceased foster-father's wife, who had previously attempted to seduce him, prompts Mírmann to abandon Cecilía and marry his foster-mother instead. Cecilía, disguised as a knight, wins back her husband in the saga's conclusion.

Three of the oldest Icelandic romances feature cross-dressers, women who adopt male names and act as men. Only Erminga and Cecilía are successful in achieving their objective. Their disguise is complete and believable, yet not male prowess leads to their success but rather female strategy in the case of Erminga and divine intervention in the case of Cecilía. Although the maiden king Þorbjörg both dresses and behaves like a male and is addressed as such, it is a charade. Everyone knows she is a woman, and her tale ends with her defeat in combat at the hands of her male wooer. The maiden kings modeled on Þorbjörg in the *meykongr* sagas are not cross-dressers, but like her they are defeated by their male wooers, not by force of arms, as is Þorbjörg, but rather by virtue of male wit.

### Bibliography

- BERINGER, Alison A.: *The Sight of Semiramis. Medieval and Early Modern Narratives of the Babylonian Queen*. Tempe, AZ: ACMRS, 2016.
- Hervarar saga ok Heiðreks*. Ed. by Guðni Jónsson. In: *Fornaldar sögur Norðurlanda* 2. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan, 1950 1–71.
- Hrólfs saga Gautrekssonar*. Ed. by Guðni Jónsson. In: *Fornaldar sögur Norðurlanda* 4. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan, 1950, 51–176.
- Le Livre du très chevalereux comte d'Artois et de sa femme, fille au comte de Boulogne*. Ed. by Joseph Barrois. Paris: Techener, 1837.
- Magus saga jarls*. Ed. by Gustaf Cederschiöld. In: *Fornsögur Suðurlanda*. Lund, 1884, 1–42.
- Mágus saga jarls (hin meiri)*. Ed. by Bjarni Vilhjálmsson. In: *Riddarasögur* 2. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan, 1953, 135–429.
- Mírmanns saga*. Ed. by Desmond Slay. Copenhagen: Reitzel, 1997 (= Editiones Arnæmagnæanæ. Series A; 17).
- THOMPSON, S.: *Motif-index of Folk-literature. A Classification of Narrative Elements in Folktales, Ballads, Myths, Fables, Medieval Romances, Exempla, Fabliaux, Jestbooks, and Local Legends*. Rev. and enlarg. edn. Bloomington, IN: Indiana University Press, 1955–1958.

## GUÐVARÐUR MÁR GUNNLAUGSSON

### Verð á íslenskum miðaldahandritum

#### Inngangur

Það var ekki á færi nema efnaðra manna og stofnana að standa straum af kostnaði við handritsgerð á miðöldum, m.a. vegna þess að bókfell var dýrt. Bókfellið var svo dýrt að fyrsti málfræðingurinn sá ástæðu til að mæla með því að það væri sparað þegar hann sagði þetta um notkun hásteflinga: »þa læt ek þann æinn íarteína eafn míkit fem þar væri tveir eínkonar ok enf fama konar ritnir til þeff at rit verði minna ok fkiotara ok bokfell drivgara.«<sup>1</sup> Þar að auki varð mikil undirbúningsvinna að fara fram áður en handrit var skrifað og ritunin sjálf tók langan tíma;<sup>2</sup> bækur voru því dýrar eins og fræðimenn hafa bent á.<sup>3</sup> Í klaustrum hafa munkar eða kanokar ábyggilega séð um mörg þessara starfa og vegna þess að þeir voru hvort eð er á framfæri klaustranna hefur beinn kostnaður þeirra vegna vinnu ekki alltaf verið mikill. Skinnbækur á miðöldum voru samt dýrar í framleiðslu, jafnvel þótt einfaldar væru. Þar að auki hleyptu dýrir litir í lýsingum og dýr efni í bókbandi upp verði bóka og vinnan við lýsingar og bókband; silfur og messing á spjaldi bókar hefur vafalaust ekki verið ódýrt.<sup>4</sup>

Bækur voru metfé á miðöldum, þ.e. það var ekki fast verð á þeim heldur voru þær metnar hverju sinni.<sup>5</sup> Það er eðlilegt að svo hafi verið vegna þess að hver bók er einstök að öllu leyti, hvað varðar stærð, þykkt, efni, útlit og frágang en einnig hefur notkun sett misjafnt mark á þær.

Hér á eftir verður fjallað um verð íslenskra miðaldahandrita, en þess er oft getið í máldögum kirkna. Máldagarnir eru allir prentaðir í *Íslenzku fornbréfasafni (DI)* og var farið gaumgæfilega yfir máldaga og önnur skjöl

1 *The First Grammatical Treatise*: 1972, 230. Litlu síðar sér höfundur ástæðu til að endurtaka þessi orð: »þo vilia ek helldr æinn staf ríta þar fem bæði ftoðar iammmíkit æinn ok [tveir] til þess fem ek fagða að rit verði mínna ok fkiotara ok bokfell drivgara.«  
*The First Grammatical Treatise*: 1972, 242.

2 Sbr. DE HAMEL: 1992, 12–13, 20; GUMBERT: 1995.

3 Sbr. OLESON: 1957, 509.

4 Sbr. *DI* 5, 307; *DI* 3, 419.

5 Sbr. GUÐBRANDUR JÓNSSON: 1948, 69.

fram til ársins 1476.<sup>6</sup> Segja má að upplýsingar um verð bóka skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi er stundum sagt hvað einstakar bækur voru metnar á, í öðru lagi er oft sagt hve mikils virði ákveðinn fjöldi bóka við kirkjur var virtur á og í þriðja lagi er stundum sagt hvað bækur kirkna voru metnar á, án þess að fjöldi þeirra væri tilgreindur. Í þessari grein verður fjallað um fyrstnefndu flokkana tvo, en fyrst verður þó gerð grein fyrir verðeiningum á miðöldum.

### Verðeiningar

Grunneining verðeininga á Íslandi á miðöldum var alin og var vaðmál mælt í álnum. Sex álnir voru eyrir en átta aurar (48 álnir) voru mörk. 120 álnir (20 aurar) voru í hundraði (stóru). Um eða upp úr 1300 festist í sessi að hundrað samsvaraði kúgildi eða verði einnar kýr (og sex áa), en á 12. og 13. öld gat verð kúa verið á reiki en var oftast um 90–100 álnir vaðmála.<sup>7</sup> Í máldögum koma fyrir allar fyrrnefndar verðeiningar, þ.e. alin, eyrir, mörk og hundrað, en hér á eftir verður álnum, mörkum og hundruðum breytt í aura til að auðvelda samanburð.

Elsta heimild um verðmat handrita í íslenskum máldögum er frá Húsafelli í Hvítársíðu en á árunum eftir 1170 var þar skrifaður máldagi. Samkvæmt honum átti kirkjan þar »Bækur. vj. fyrir kugilldi.«<sup>8</sup> eða sex bækur fyrir kú. Líklegt er að kúgildi hafi á þessum tíma samsvarað 15–16% eyris (samanber það sem áður var sagt) og því hafi hver Húsafellsbók verið metin á um 2½–2% eyris að meðaltali. Ekki kemur fram hvaða bækur þetta eru en líklegt að hér sé um helgisiðabækur af ýmsu tagi að ræða, en miðað við það sem kemur fram síðar telst þetta lágt meðalverð á bókum.

### Verð skilgreinds fjölda bóka

Oft eru bækur kirkna metnar í einu lagi án þess að fjöldi þeirra sé getið, t.d. átti Maríukirkja að Tjörn í Svarfaðardal árið 1318 »v. hundrud j bokum«<sup>9</sup> eða bækur fyrir 100 aura en ekki kemur fram hversu margar þær voru. Augljóst er af máldögunum að kirkjur áttu mismikið af bókum en hér verður ekki fjallað nánar um það efni.<sup>10</sup>

6 Það er hins vegar tilviljanakenndara hvað tekið er upp úr yngri bréfum og máldögum.

7 Sbr. EINAR LAXNESS: 1995, 67–68; GUNNAR KARLSSON: 2007, 290–297, 310–312.

8 *DI* 7, 2.

9 *DI* 2, 457.

10 Emil Olmer rekur fleiri dæmi af þessu tagi, sbr. OLMER: 1902, 76–78.

Áður var þess getið að kirkjan að Húsafelli hefði átt sex bækur metnar á eitt kúgildi (15–16 $\frac{2}{3}$  aura?) á síðari hluta 12. aldar, en að öðru leyti fara heimildir um verð og fjölda bóka ekki saman fyrr en árið 1318. Það kemur nokkrum sinnum fyrir í máldögum að einstakar bækur séu virtar eins og komið verður að hér aftar, en oftast er ákveðinn fjöldi bóka verðmetinn í einu lagi eins og bækurnar sex í Húsafelli. Sums staðar voru veglegar bækur sem voru metnar til hárra fjárhæða en annars staðar voru greinilega lélegar (eða litlar) bækur sem hafa verið metnar nánast verðlausar. Bækurnar í Húsafelli hafa ef til vill verið metnar til 2 $\frac{1}{2}$ –2% eyris að meðaltali sem telst ekki hátt verð fyrir bók, þótt finna megi verðminni bækur í máldögnum.

Lægsta meðalverðið sem fannst í máldögnum er  $\frac{8}{11}$  eyris, en árið 1343 eða þar um bil átti Klemenskirka að Hofi í Héraði (Öræfum) 11 bækur sem virðast vera metnar saman á mörk: »artijda skra. formalabok. ix smabækur«. <sup>11</sup> Mörk var átta aurar, svo bækurnar voru metnar á  $\frac{8}{11}$  eyris að meðaltali. Hér er um afar lágt meðalverð að ræða, en tekið er fram að níu þeirra séu smábækur auk þess sem ártíðaskráin hefur varla verið dýr bók, enda varla meira en eitt kver að stærð.

Meðalverð bóka annarra kirkna, þar sem verðmats er getið, er í flestum tilvikum hærra en matið á bókunum í Húsafelli, og var oftast milli fimm og 12 aura. Sem dæmi má einnig nefna að kirkjan í Árnesi í Trékyllisvík hafði fengið fjórar bækur árið 1397 sem metnar voru á hundrað, eða 20 aura (fimm aurar að meðaltali), og samkvæmt eignaskrá frá árinu 1469 lagði Árni bóndi Jónsson til kirkjunnar í Kalmanstungu í Hvítársíðu fimm bækur sem voru metnar á 60 aura – sem gera 12 aura að meðaltali.<sup>12</sup>

Nokkrar kirkjur áttu bækur sem voru hátt metnar en hæsta meðalverðið, sem fannst í máldögnum, er frá árinu 1488 en þá lúkti síra Þorsteinn Maríukirkju á Höskuldsstöðum á Skagaströnd »xij manvðv thider. pascabrefer syngianda. sumarbrefer syngianda um allar stærstu hatijder til uetrar. brefer allt lesandi firir. x. hundrut«. <sup>13</sup> Bækurnar fjórar voru metnar á 200 aura alls og er hér um mjög hátt meðalverð (50 aurar) að ræða.

<sup>11</sup> *DI* 2, 775. Kirkjan að Hofi átti yfir 20 bækur og voru sumar dýrar. Fjallað verður nánar um sumar þeirra síðar.

<sup>12</sup> Sbr. *DI* 4, 132; *DI* 5, 557.

<sup>13</sup> *DI* 5, 344. Guðbrandur Jónsson virðist telja að verðmatið eigi aðeins við um eina bók (líklega þá síðastnefndu), en Tryggvi J. Oleson benti á að hér væru nefndar fjórar bækur, sbr. GUÐBRANDUR JÓNSSON: 1948, 69, 75; OLESON: 1957, 509–510. Hefði Guðbrandur haft rétt fyrir sér hefði verð bókarinnar verið með ólíkindum.

## Verð einstakra bóka

Alls hafa fundist 18 dæmi í Fornbréfasafni um verð einstakra bóka, þar af eru 11 eldri en 1476, en þótt ekki hafi verið leitað skipulega að dæmum í bréfum yngri en það, fundust sjö dæmi til viðbótar. Á töflu 1 eru 17 þessara dæma talin upp og byrjað á ódýrustu bókinni:

<i>ár</i>	<i>staður</i>	<i>tegund bókar og uppsett verð</i>	<i>aurar (að meðaltali)</i>
1397	Nikulásskirkja í Eystra Skarði á Rangárvöllum	.vj. aurar ... fyrir psalltara	6
1318	Kirkja í Ási í Keldu- hverfi	salltari. sa er tekur morck	8
um 1331	Maríukirkja í Hlíð í Biskupstungum	merkur psalltare	8
1488	Maríukirkja á Höskuldsstöðum á Skagaströnd	messobok ... fyrir maurk.	8
1318 (eða síðar)	Mikjálsskirkja í Núpufelli í Eyjafirði	psalltari fyrir halfann. x <sup>a</sup> . eyrer	9½
1501	Maríukirkja á Höskuldsstöðum á Skagaströnd	handbók með allum Reidzskap x ára.	10
1521	Reykir í Tungusveit	bok ... fyrir xv aura	15
1318	Sesseljukirkja í Nesi í Aðaldal	ij. marka psalltare	16
1397	Maríukirkja að Eiðum í Eiðabínghá	Hundradz psalltare	20
1501	Maríukirkja á Höskuldsstöðum á Skagaströnd	salltari fyrir c <sup>d</sup> .	20
1501	Maríukirkja á Höskuldsstöðum á Skagaströnd	bók ... fyrir c <sup>d</sup> .	20
1461	Kirkja á Undanfelli í Vatnsdal	lesbok ... var hun lukt fyrir kugilldi.	20
1343	Klemenskirkja að Hofi í Héraði (Öræfum)	gudspioll oc pistlar ... hundrat	20

1343	Klemenskirkja að Hofi í Héraði (Öræfum)	Graduale hundrad	20
1397	Nikulásskirkja í Stafholti í Stafholtstungum	Graduale metid firir cc.	40
1488	Oddakirkja á Rangárvöllum	boc ... firir halft þridia .c.	50
1360	Mikjálaskirkja að Reykjum í Tungusveit	Graduale. ... metinn fyrir fimm hundrud	100

Tafla 1: Verð einstakra bóka í íslenskum fornbréfum.

Af þessum 17 dæmum eru sjö um saltara<sup>14</sup> en þrjú um grallara.<sup>15</sup> Hinar bækurnar eru að sjálfsgöðu einnig helgisiðabækur, þ.e. bók að Hofi sem innihélt guðspjöll og pistla,<sup>16</sup> lesbók á Undanfelli<sup>17</sup> og messubók og handbók á Höskuldsstöðum.<sup>18</sup> Bókin á Reykjum árið 1521 var einnig guðspjalla- og messubók eða eins og stendur í máldaganum: »gallt sira magnus kyrkiunne eina bok er hieilt komonspisla med gudzpiollum og med missale syngiande fyrir xv aura er fallit hafdiþ portio medan hann hieilt.«<sup>19</sup> Árið 1501 var einnig til á Höskuldsstöðum bók sem hlýtur að hafa verið messubók: »bock fra oskudeiginum oc til paska firir c<sup>d</sup>«. <sup>20</sup> Því miður kemur ekki fram hvaða dýra bók það er, sem nefnd er í máldaga Oddakirkju á Rangárvöllum árið 1488, en hún var leyst fyrir 50 aura: »jtem lagdizt til kirkiunnar ... boc er erfinginn leysti firir halft þridia .c. med biskupsens samþycki«<sup>21</sup>; ekkert er heldur vitað um erfingjann eða hvað hann erfði annað en þessa bók.

Varðandi saltarann sem Nikulásskirkja í Eystra Skarði á Rangárvöllum fékk segir í máldaga kirkjunnar frá árinu 1397: »portio Ecclesie vmm .vij. ar .iiij. merkur. fiell aptur .vij. aurar af portione firir psalltara er lagdur var

14 Sbr. *DI* 2, 429; *DI* 2, 435; *DI* 2, 450; *DI* 2, 670; *DI* 4, 68; *DI* 4, 220; *DI* 5, 346.

15 Sbr. *DI* 2, 775; *DI* 3, 175–176; *DI* 4, 189.

16 Sbr. *DI* 2, 775.

17 Sbr. *DI* 5, 334.

18 Sbr. *Ibid.*, 346.

19 *DI* 8, 837–838.

20 *DI* 5, 346.

21 *DI* 6, 631.



til kirkiunnar.«<sup>22</sup> Hér er sá skilningur lagður í þessi orð að draga eigi sex aura, sem er verðgildi saltarans, frá þremur mörkum (24 aurum) til að komast að raun um verðgildi saltarans.<sup>23</sup>

Um saltarana í Ási, Núpufelli og Nesi sagði Gustaf Cederschiöld: »dessa höga pris på en allmänt förekommande och ej särdeles omfångsrik bok angifva sannolikt dyrbar utstyrel.«<sup>24</sup> Cederschiöld finnst 8–16 aurar hátt verð, en saltararnir á Höskuldsstöðum og Eiðum, sem báðir voru metnir á 20 aura, hafa þá greinilega verið harla finir miðað við saltarana í Eystra Skarði, Hlíð og Ási sem voru virtir á sex og átta aura. Af töflunni virðist ekki vera hægt að ráða að saltarar hafi samt verið meðal allra fínustu bóka.

Grallarar virðast hins vegar hafa verið veglegar bækur, sbr. grallarana að Hofi og Stafholti, og langdýrasta bókin sem nefnd er í máldögnum er grallarinn að Mikjálskirkju að Reykjum í Tungusveit árið 1360: »Dalkur bondi giordi bok Graduale. samsetta med sequentiur. og þar med kyriall. var þessi bok metinn fyrer fimm hundrud.«<sup>25</sup> Fimm hundruð eru fimm kúgildi eða 100 aurar, en því miður er bókinni ekki lýst nánar. Að sjálfsögðu var grallarinn talinn glæsilegur því að árið 1394 segir í máldaga Mikjálskirkju að hún eigi »Eitt Graduale sæmiligt« og það hefur verið farið vel með hann því að í máldaganum frá árinu 1461 stendur: »gradall sæmuligur med sequencium oc kirial« og í eignaskrá kirkjunnar frá árinu 1521 stendur »grallare godur«.<sup>26</sup>

Engin bók er metin eins hátt og grallarinn sem Dálkur bóndi lét gera (eða gerði) samkvæmt máldögnum, en til er þó dæmi um bók sem var metin til jafns við hann. Árið 1492 eða litlu síðar eru skráð peningaskipti Guðna Jónssonar í Ögri í Ögursveit og Bjarnar sonar hans. Samkvæmt skránni skiptust þeir feðgar á mörgum hlutum af ýmsu tagi eins og hest-

22 *DI* 4, 68.

23 Magnús Már Lárússon skildi þessa klausu þannig að saltarinn hefði verið metinn á 108 álnir eða 18 aura en ekki sex aura, sbr. MAGNÚS MÁR LÁRÚSSON: 1956, 527–528. Þrjár merkur eru 24 aurar (3 × 8) og virðist Magnús hafa skilið þessi orð sem svo að draga ætti sex aura af þeirri upphæð til að fá verðgildi saltarans, en þetta virðist eiga að skilja þannig að skuld við kirkjuna hafi minnkað um sex aura þegar saltarinn var lagður til hennar.

24 CEDERSCHIÖLD: 1887, 65.

25 *DI* 3, 175–176.

26 *Ibid.*, 530; *DI* 5, 329; *DI* 8, 837.

um, pansara og skreið.<sup>27</sup> Merkasti hluturinn að mati handritafræðinga er hins vegar bók sem Björn lét föður sinn hafa en hafði áður keypt:

Svodan penínga skípte havfv víd fader mínnt haft sidan eg giptvmtz og adur sem hier seíger. j fystv fieck eg honum lavgbok med réttar botum og kristinriett og hirdsidum. huer adh keypt war og selld fyrer w c<sup>28</sup>

Ekki er vitað hvaða dýra lögbók þetta er eða var, sem kostaði heila 100 aura, en stungið hefur verið upp á að þetta gæti verið Skarðsbók *Jónsbókar*.<sup>29</sup> Fyrir utan *Jónsbók* eru réttarbætur, *Hirðskrá* og *Kristinréttur* Árna biskups í Skarðsbók þannig að þetta gæti verið hún (reynðar eru ýmsar kirkjuskipanir að auki í Skarðsbók).<sup>30</sup> Hún er þar að auki líklega eina varðveitta lögbókin sem gæti hafa þótt nógu glæsileg til að vera metin til fimm kúgilda. Allt er þetta óljóst því að það er t.d. ekki vitað í hvernig bandi Skarðsbók var á 15. öld, svo að það er ekki mögulegt að segja neitt til um hvort hún hafi verið metin til jafns við fimm kýr.<sup>31</sup> Einnig má spyrja hvort þessi bók hafi ef til vill verið veglegri en Skarðsbók, eða hvort Skarðsbók hefði ef til vill verið virt til enn hærra verðs.

Miðað við saltara og grallara hefur lögbókin verið mjög dýr en á hinn bóginn gæti hún hafa verið þykk, þ.e. í hana hafi farið mikið af bókfelli, því að hún inniheldur réttarbætur, kristinrétt og hirðsiði. Það gæti skýrt hærra verð að einhverju leyti sem og dýrir litir í lýsingum og innflutt efni í bandi (ef um það var að ræða).

### Verð bóka erlendis

Árið 1317 lánaði Maríukirkja í Björgvin á Hörðalandi manni fjórar bækur sem var á leið til náms í útlöndum; bækurnar höfðu lögfræðilegt efni að geyma. Þessar bækur voru virtar á 14 merkur af brenndu (hreinu) silfri; ein bókin kostaði sex merkur, önnur fjórar, þriðja þrjár og fjórða eina. Hér er um geypilegt verð að ræða því að bækurnar fjórar hafa kostað 14

27 Sbr. *DI* 7, 154–155. Þess skal getið að útgefandi þessa bindis fornbréfasafns telur að Björn hafi sjálfur skrifað skrána og mun það vera rétt að mati Ólafs Halldórssonar, sbr. ÓLAFUR HALLDÓRSSON: 1981, 21.

28 ÓLAFUR HALLDÓRSSON: 1981, 21.

29 Sbr. *Skarðsbók*: 1943, 7; ÓLAFUR HALLDÓRSSON: 1966, 12–14; ÓLAFUR HALLDÓRSSON: 1981, 21–23.

30 Sbr. KÁLUND: 1888, 284–285.

31 Hún virðist hafa verið bundin inn að nýju árið 1570 – líklega á Þýskalandi, sbr. *Skarðsbók*: 1943, 7–8.

merkur af brenndu silfri eða 42 svo kallaðar forngildar merkur (18 + 12 + 9 + 3).<sup>32</sup> Ef miðað er við að norsk forngild mörk og íslensk mörk hafi haft svipað verðgildi og verðið heimfært upp á Ísland, gera 42 forngildar merkur 336 aura. Dýrasta bókin (18 forngildar merkur) hefur þá kostað 144 aura og verður íslenska lögbókin að teljast ódýr í þeim samanburði. Hinar bækurnar hafa þá verið metnar á 96 + 72 + 24 aura. Þrjár þessara bóka hafa því verið mjög dýrar. Á hinn bóginn er ekki víst að norsk forngild mörk og íslensk mörk hafi haft svipað verðgildi.

Ár	staður	tegund bókar	uppsett verð	forngildar merkur	forngildir aurar
1366	Rygjafylki	lögbók	2½ mörk forngild	2,5	20
1317	Björgvin	Digestum novum	mörk brennd	3	24
1322	Sogn	Saltari	3 merkur	3	24
1324	Björgvin	Saltari	3 merkur	3	24
1328	Björgvin	Saltari	3 merkur forngildar	3	24
1493	N-Guð-brandsdalur	Manuale	3 kýrlög	3	24
1346	N-Guð-brandsdalur	Saltari	6 merkur	6	48
fyrir 1399	Ranríki	Brefer	7 merkur forngildar	7	56
1317	Björgvin	codex	3 merkur brenndar	9	72
1370	Stafangur	9 lögfræðirit	próventa	9–12? hver bók	72–96? hver bók
1317	Björgvin	Digestum vetus	4 merkur brenndar	12	96
1317	Björgvin	Inforciatum	6 merkur brenndar	18	144
1461	SA-Noregur	Bók	bær	?	?

Tafla 2: Verð bóka í Noregi á miðöldum (eftir Gunnar I. Pettersen).

32 Sbr. DN 2, III–II2; PETERSEN: 2013, 292–294.

Á töflu 2 eru talin upp öll dæmi sem fundist hafa um verð bóka í Noregi.<sup>33</sup>

Miðað við það sem fram hefur komið um verð á íslenskum bókum er verðið á norsku bókunum hærra, sérstaklega eru lögfræðiritin metin hátt. Saltararnir eru líka metnir svolítið hærra en fínustu íslensku saltararnir. Að vísu gæti munur á verðlagi milli landa haft eitthvað að segja, t.d. gæti saltari, sem var metinn á 24 aura í Noregi, hafa verið svipaður íslenskum saltara sem var metinn á 20 aura.

Emil Olmer rekur einnig nokkur dæmi um verð bóka í eigu dómkirkjunnar á Vesturási í Svíþjóð á fyrri hluta 14. aldar sem Gunnar I. Pettersen færir yfir í norrænt verðlag sem sjá má á töflu 3.<sup>34</sup>

<i>tegund bókar</i>	<i>uppsett verð</i>	<i>forngildar merkur</i>	<i>forngildir aurar</i>
Pontificale	3 merkur af hreinu silfri eða 15 merkur af penningum	um 9	um 72
Legendarium (vetrarhluti)	40 merkur af penningum	> 24	> 192
Missale	10 merkur af hreinu silfri	um 30	um 240
Decretum og Decretales	100 merkur af penningum	> 60	> 480
Graduale	16 merkur	> 9% eða > 48	> 76% eða > 384

Tafla 3: Verð bóka í eigu dómkirkjunnar á Vesturási í Svíþjóð á fyrri hluta 14. aldar (eftir Gunnar I. Pettersen).

Dómkirkjan á Vesturási keypti fjórar fyrstnefndu bækurnar en lét gera þær tvær síðastnefndu og eru þær mun dýrari en íslenskar bækur, og af þeim sökum er líklegt að sænski grallarinn slái grallarann hans Dálks á Reykjum, sem var virtur á 100 aura, rækilega út, enda var verkbeiðandinn dómkirkja. Eftirtektarvert er að lögfræðiritin sænsku (*Decretum* og *Decretales*) eru mjög dýr og enn dýrari en þau norsku eða að meðaltali 240 forngildir aurar.

<sup>33</sup> Sbr. PETERSEN: 2013, 293. Töflunni hefur verið breytt lítillega.

<sup>34</sup> Sbr. OLMER: 1902, 78; PETERSEN: 2013, 294. Ekki er vitað hvort grallarinn sem dómkirkjan á Vesturási lét gera hafi kostað 16 merkur af penningum eða hreinu silfri, þ.e. 76% forngilds eyris eða 384 aura.

Gunnar I. Pettersen rekur einnig nokkur dæmi um verð bóka frá Englandi og umreiknar yfir í norrænan gjaldmiðil sem sýnd eru á töflu 4:<sup>35</sup>

<i>ár</i>	<i>tegund bókar</i>	<i>uppsett verð</i>	<i>forngildar merkur</i>	<i>forngildir aurar</i>
1396	2 lestrarbækur	1 skildingur & 8 peningar	$\frac{5}{16}$	2½
1396	7 bækur um latn. málfr.	4 skildingar	$\frac{3}{4}$	6
?	Missale	10 £	37½	300
?	Breviarium	12 £	45	360
1374	Biblía	50 merkur = 33.333 £	125	1.000

Tafla 4: Verð bóka frá Englandi (eftir Gunnar I. Pettersen).

Ensku kennslubækurnar er afar lágt metnar eða 1¼ eyris, en þær hafa sennilega verið þunnar og í litlu broti – varla verið lýstar og trúlega aðeins heftar inn í einhvers konar umslag. Biblían er hins vegar dýr enda má gera ráð fyrir að í hana hafi farið 200–300 skinn,<sup>36</sup> sem hefur m.a. hleypt upp kostnaðinum. Enska messubókin er enn dýrari en sú sænska.

Gunnar I. Pettersen nefnir einnig verð fjögurra glæsibóka frá Búrgúndi um aldamótin 1400 og umreiknar yfir í norrænan gjaldmiðil, sbr. töflu 5:<sup>37</sup>

<i>aths.</i>	<i>uppsett verð</i>	<i>forngildar merkur</i>	<i>forngildir aurar</i>
2 lýstar bækur	6.500 frankar	4.030	32.240
	7.500 frankar	4.650	37.200
	9.000 frankar	5.600	44.800

Tafla 5: Verð bóka frá Búrgúndi um aldamótin 1400 (eftir Gunnar I. Pettersen).

Meðalverð bókana tveggja, sem hertoginn í Búrgúndi keypti saman, er 16.120 forngildir aurar. Það er vart hægt að ímynda sér glæsileika þessara handrita en þau hafa verið skreytt til hins ítrasta og í bandi skreytt dýrgripum. Dýrasta hertogabókin hefur verið á við 448 Reykjagrallara – þ.e.a.s. ef gert er ráð fyrir að forngildur eyrir hafi verið svipað í Noregi og eyrir á Íslandi – og á við 45 enskar biblíur.

35 Sbr. PETERSEN: 2013, 294.

36 Sbr. *ibid.*, 294.

37 Sbr. *ibid.*, 294.

### Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um verð handrita á miðöldum samkvæmt því sem kemur fram í máldögum kirkna og víðar. Reyndar hefðu höfundar máldaganna mátt geta oftast um nákvæmt verð einstakra bóka í stað þess að meta bækur í heild sinni eða aðeins segja að bókin sé góð eða sæmileg. Hér að framan var vitnað til orða Gustafs Cederschiölds um að hátt verð á sölturum sýndi »sannolikt dyrbar utstyrsel«,<sup>38</sup> þ.e. þeir hlytu að hafa, margir hverjir, verið mjög veglegir því að það er ekki um að ræða efnismikla bók. Þessu er Emil Olmer sammála, samanber það sem hann segir um íslenskar miðaldabækur: »Att átskilliga böcker värderas så högt, torde bero på dyrbarare inbindning eller utsmyckning på annat sätt«<sup>39</sup> og Guðbrandur Jónsson talar um »gífurlegt bókaverð«<sup>40</sup> á Íslandi. Verð bóka í Noregi, Svíþjóð og Englandi – svo að ekki sé minnst á Búrgúndi – bendir reyndar ekki til þess að bókaverð hafi verið sérstaklega hátt á Íslandi, en e.t.v. liggur munurinn fyrst og fremst í frágangi (lýsingum og bandi) en ekki endilega í verði á bókfelli og verkkaupi.

100 aurar jafngilda fimm kúgildum á síðari hluta miðalda. Nú er ekki ráðlegt að bera saman verð á miðöldum og nú í upphafi 21. aldar en ef það er gert – með öllum hugsanlegum fyrirvörum – þá kostar mjólkurkýr á besta aldri nú um 200.000–250.000 kr. skv. upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands. Bók sem kostaði 20 aura myndi samkvæmt þessu kosta um 200.000–250.000 kr. nú til dags. Grallarinn á Reykjum í Tungusveit og lögbókin, sem Björn Guðnason átti, voru metin á 100 aura eða fimm kýrverð, sem þýðir að þessar bækur hafa verið metnar á 1.000.000–1.250.000 kr. á núvirði. Þótt íslenskar bækur hafi ekki verið dýrar í samanburði við bækur víða erlendis, er samt um geysiháa fjárhæð að ræða fyrir kirkjulegar stofnanir og efnamenn.

### Ritaskrá

CEDERSCHIÖLD, Gustaf: »Studier öfver isländska kyrkomåldagar från fristadstiden«. Í: *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie, udgivne af det kongelige nordiske Oldskriftselskab* 2 (1887), 1–72.

DI = *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbrèfasafn, sem hefir inni að halda brèf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn* 1–12. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenzka bókmentafélag, 1857–1932.

38 CEDERSCHIÖLD: 1887, 65.

39 OLMER: 1902, 78.

40 GUÐBRANDUR JÓNSSON: 1948, 69.

- DN = *Diplomatarium Norvegicum. Oldbreve til kundskab om Norges indre og ydre forhold, sprog, slægter, sæder, lovgivning og rettergang i middelalderen* 2. Útg. af Chr. C. A. Lange og Carl R. Unger. Christiania: Malling, 1851–1852.
- EINAR LAXNESS: *Íslandssaga i-r*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995.
- The First Grammatical Treatise. Introduction, Text, Notes, Translation, Vocabulary, Facsimiles*. Útg. af Hreinn Benediktsson. Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics, 1972 (= University of Iceland. Publications in Linguistics; 1).
- GUÐBRANDUR JÓNSSON: »Íslenzk bókasöfn fyrir siðabyltinguna«. Í: *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1946–1947* 3–4 (1948), 65–78.
- GUMBERT, J. P.: »The Speed of Scribes«. Í: Condello, Emma, og Giuseppe De Gregorio (ritstj.): *Scribi e colofoni. Le sottoscrizioni di copisti dalle origini all'avvento della stampa. Atti del seminario di Erice. X Colloquio del Comité international de paléographie latine (23–28 ottobre 1993)*. Spoleto: Centro italiano di studi sull'alto medioevo, 1995, 57–69.
- GUNNAR KARLSSON: *Inngangur að miðöldum. Handbók í íslenski miðaldasögu* 1. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.
- DE HAMEL, Christopher: *Medieval Craftsmen: Scribes and Illuminators*. London: British Museum, 1992.
- KÁLUND, Kristian: *Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling* 1. Kaupmannahöfn: Kommissionen for det Arnemagnæanske Legat, 1888.
- MAGNÚS MÁR LÁRUSSON: »Bibliotek. Island«. Í: John Dahnstrup (ritstj.): *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid* 1. Kaupmannahöfn: Rosenkilde og Bagger, 1956, 527–530.
- OLESON, Tryggvi J.: »Book Collections of Medieval Icelandic Churches«. Í: *Speculum* 32 (1957:3), 502–510.
- OLMER, Emil: *Boksamlingar på Island 1179–1490 enligt diplom*. Göteborg: Wald. Zachrisson, 1902.
- ÓLAFUR HALLDÓRSSON: *Helgafellsbækur fornar*. Reykjavík: Heimspekideild Háskóla Íslands og Menningarsjóður, 1966 (= *Studia Islandica. Íslenzk fræði*; 24).
- ÓLAFUR HALLDÓRSSON: »Skarðsbók – Uppruni og ferill«. Í: Jónas Kristjánsson, Ólafur Halldórsson og Sigurður Línal (ritstj.): *Skarðsbók. Codex Scardensis AM 350 fol. Íslensk miðaldahandrit. Manuscripta Islandica medii aevi* 1. Gefin út í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík: Lögberg/Sverrir Kristinsson, 1981, 19–25.
- PETTERSEN, Gunnar I.: *Priser og verdiforhold i Norge ca. 1280–1500*. Oslo: Riksarkivaren, 2013 (= *Skriftserie*; 39).
- Skarðsbók. Jónsbók and other laws and precepts. MS. No. 350 fol. in The Arnemagnæan Collection in the University Library of Copenhagen*. Útg. af Jakob Benediktsson. Copenhagen: Einar Munksgaard, 1943 (= *Corpus Codicum Islandicorum Medii Aevi*; 16).
- WATTENBACH, W.: *Das Schriftwesen im Mittelalter*. 4. útg. Graz: Akademische Druck- und Verlagsanstalt, 1958.

KIRSTEN WOLF

## A Little Tale about Santa Claus from Medieval Iceland

Saint Nicholas, bishop of Myra, may well be the most popular saint of all. In December every year, he appears almost all over the world reincarnated as Santa Claus, the sacred purveyor of gifts for children. The appeal of Saint Nicholas and his legend is hardly surprising. The most famous story about his life relates that after his parents died, he chose to use his inheritance to glorify God, and when it came to his attention that a poor man planned to prostitute his three daughters in order to gain an income, Nicholas threw three bags of gold wrapped in cloth through the window of the man's house under cover of darkness to save the girls from degradation. Accordingly, Saint Nicholas is a patron of children, pawn-brokers, and unmarried girls. Based on miracles performed by him, he is also a patron of merchants, bakers, apothecaries, and perfumiers.

As elsewhere in Europe, his legend enjoyed much popularity in medieval Iceland. No fewer than four versions of his legend are extant. One is represented by AM 642a 4to II (ca. 1400), AM 655 4to III (ca. 1200), and AM 921 4to V (ca. 1400).<sup>1</sup> Another is extant in Stock. Perg. fol. no. 2.<sup>2</sup> A third is represented by NRA 69 (ca. 1330).<sup>3</sup> A fourth is the compilation by Abbot Bergr Sokkason (d. ca. 1370).<sup>4</sup> Finally, there are two epitomes of the legend in AM 763 4to (ca. 1376–1386) and AM 672 4to (ca. 1450–1500), respectively.<sup>5</sup>

---

1 The text of AM 655 4to III has been edited by Unger (*Heilagra manna sögur* 2: 1877, 41.17–46.9) and Morgenstern (*Arnarnagnæanische Fragmente*: 1893, 1–7). The text of AM 921 4to V has been edited by Loth: 1984, 224–226.7.

2 *Heilagra manna sögur* 2: 1877, 21–41.13. The quotes below in the comparison of this redaction with 672 are from Unger's edition.

3 *Ibid.*, 46.12–49.8.

4 The compilation is preserved in AM 638 4to (ca. 1700–1725), AM 640 4to (ca. 1450–1500), AM 641 4to (ca. 1430–1500, defective), AM 642a 4to I α (ca. 1350–1400), AM 642a 4to I β (ca. 1375–1425), AM 642a 4to I γ (ca. 1340–1390), AM 642a 4to I δ (ca. 1330–1370), AM 642a 4to II (ca. 1400), AM 642b 4to (ca. 1375–1425, defective), AM 643 4to (ca. 1400–1500, defective), AM 644 4to (ca. 1700–1800), NKS 1222 fol. (ca. 1700–1800), NKS 1789 4to 1 (ca. 1700–1800), and Stock. Perg. 4to no. 16 (*Helgastaðabók*) (ca. 1375–1400). The legend has been edited by Unger (*Heilagra manna sögur* 2: 1877, 49.14–158), who based the text primarily on AM 638 4to. There is also a facsimile edition of Stock. Perg. 4to no. 16 edited by Selma Jónsdóttir, Stefán Karlsson, and Sverrir Tómasson: *Helgastaðabók*: 1982.

5 The description of Asia in AM 764 4to is very similar to the one found in Bergr Sokkason's compilation and may rely on the saga. It is possible that the compilers of AM 764 4to used a copy of Bergr's redaction. See SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR 2000: 69–70.



This essay presents an edition and discussion of the little tale about Saint Nicholas in AM 672 4to, an Icelandic miscellany of religious literature dating from the latter half of the fifteenth century. The first text in the codex is the *Parva pars oculi dextri sacerdotis*, which is based primarily on the theological manual *Oculus Sacerdotis* compiled by the English writer William Pagula in the fourteenth century, though the *Compendium Theologicae Veritatis* also served as a source of the Icelandic translation.<sup>6</sup> The *Parva pars* is followed by epitomes of the legends of Saints Bartholomew and Barbara. Then there is a section on the Lenten fast, a translation of Luke 8:5–15 (the parable of the sower), and an explication of the Mass, followed by epitomes of the legends of Saints Agatha, Blase, Nicholas, and Thomas the Apostle, though the last-mentioned is not a résumé of his legend, but a translation of John 20:24–31.<sup>7</sup> A theological treatise concludes the manuscript.

AM 672 4to was acquired by Árni Magnússon. In his catalogue of manuscripts in AM 345a–b 4to, he provides a list of its contents and the information that the codex was once the property of the church of Skálholt, but that it had never been registered there. On the basis of her identification of the Hallfríður mentioned in a scribal note on fol. 55v (»les betur enn skrifat er kærí fadir ok seg halfridi goda notth«) with Hallfríður Þórðardóttir, *próventukona* (a woman financially aided by her relatives, who also cared for her in terms of food and accommodation) at Hagi. She was the daughter of Þórður Sigurðarson. Louis-Jensen argues that the manuscript has its provenance in the western part of Iceland.<sup>8</sup> She points out that this Hallfríður is mentioned in one diploma, AM Dipl. Isl. Fasc. XXIV, 22, which is written in a hand virtually identical to hand II in AM 672 4to. According to the diploma, which was written at Hagi in Barðaströnd on the 16<sup>th</sup> of October, 1479, Hallfríður Þórðardóttir and her husband Jón Ólafsson agreed to turn over the farm Botn in Patreksfjörður to Gísli Filippusson (d. 1504) in return for »æfinligt framfæri ok profentv hia [...] gisla filipvssyne ok ingibiorgv eyolfs dottvr konv hans ok þeira orfvn«. Hallfríður was Gísli Filippusson's cousin and the daughter of Þórður Sigurðarson, who in 1473 sold half of Hagi to his nephew Gísli Filippusson in return for Botn. Louis-Jensen believes that

6 MCDUGALL: 1996, 136–185.

7 KIRBY: 1986, 152.

8 LOUIS-JENSEN: 1977, 150. The following is a résumé of her article.

the »kiæri fadir« in the scribal note is Gísli Filippusson and hypothesizes that the note and, by extension, fols. 55r23–62v were written for Gísli Filippusson by one of his sons after Hallfríður had moved to Hagi as a *próventukona*. She points out that since there was a church at Hagi, Gísli Filippusson may have been interested in acquiring books for the priest and notes that one of Gísli Filippusson's sons became a priest and later a rural dean at Holt undir Eyjafjöllum.

The epitome of the legend of Saint Nicholas, which is found on fol. 62r8–62v20, is edited below. Abbreviations are expanded in accordance with the normal spelling of the scribe. Expansions of abbreviations by means of a supralinear symbol or letter or by means of contraction are marked in italics. Matter never present but presumed to have been inadvertently omitted is added in angle brackets. Characters to be inserted are placed within insertion marks (‘...’ for interlinear insertions, ‘...’ for marginal insertions).

Nichulas. hafdi þegar mikla gipt af *gude* er hann var nyalín. þuiat hann stod halfa stund dags rettur vpp j munlaugu. þa er honum var. þueigit nyfæddum. miduiku dag huern *ok* fosto dag. drak hann eit sín briost modur sínar. Eicki leck hann ne greth ne hlo sem ónur vngmenne. helldur var hann allroskín at sidvm þegar æ barnzalldre. gudz éingil syndí modur<sup>9</sup> brædrum hanz. fagra holl á himeriki<sup>10</sup> *ok* kuad níchula<s> sueíne gefna vera: Voladr bondí kyngaufugur. ætladi ath selia dætur sínar. þriar til saurlífis. þ'a' er hann hafdi sier æigi atvínnu<sup>11</sup>. Enn nichulas. bra þui. radí suo at hann kastadí ín j hus hans. gullí. þrysuar adr ath<sup>12</sup> mæti var vid verda. huer honum hafdi gullit gefit. sidan var hann til biskups. tekín j miria borg at gudsvitrann *ok* alpydu vilia. *ok* giordí þar otal jarteigna. kauppmenn hettu á hann j hafí: þa er hrid giordí ath þeim<sup>13</sup> *ok* sau þeir hann ganga á sionum *ok* bætti hann skipreida þeira *ok* stodvadizt. þegar vedrit. þa er blotlundur éin mikil reid at þeim monnum er felldu hann. þa tok Nichulas. hondum vid trenu *ok* hratt þui fra monnum. Enn blezadi hann brun þann er ohreín andí saurgadi<sup>14</sup> *ok* rak á burtu allt fianda veldí or brunenum hion jí blezadí hann þa<u> er æigi mattu barn geta. á xxx vetra<sup>15</sup> *ok* attu þau son fyrir adra jamleíngd: þungum steíne veltte hann vid þridia mann á eine stunndu. þeim er siðtigir manna mattu æigi vellta um dag allann: attatige manna fæddí hann á éinum leife *ok* blezadí hann lítit vin med miklu

9 modur] modir.

10 himeriki] the latter part of the compound is unclear.

11 atvínnu] atvínū.

12 adr ath] ath adr with transposition marks.

13 ath þeim] þeim ath with transposition marks.

14 saurgadi] saurgañ with superscript t above g.

15 vetra] + ok.

watne *ok* gaf *morgum monnum* nogann dryck hins bezta *vins*: þa er oaran *vard ok* sulttu *margin menn* þa 'gafu' *konungs* sendi *menn honum* hveite af skipum *sinum ok* sóknudu þeir *eínskis*<sup>16</sup> mælis er þeir komu heim: enn *níchulas* skiptte *med landz monnum* sínu hueitte þui *honum var gelit ok uanz þat* ath nogu unz *arferd* battnadí. enn *vitradiz* *níchulas þeim monnum* er á *firdí voru ok* ouítande. *toku vid* sendíngv *fiolkunnígrar* konu *ok* villdu *bera þat til* *miría borgar* enn er þeir *kostu<du>* þui á sío ath *radí* *níchulas* þa *syndiz þeim síorín* loga: þría unga *dreíngí* leyste *níchulas fra* *dauda* þa er *jallín* hafdi *tekidh fe til hófudz þeim saklausum*: Enn *hettu á hann* *adrir íú* *menn þeir* er *rægdír voru vid constantínunum konung ok settir* j *myrk<u>astofu* þa *synndizt* *nichulas*. *konunge* j *draume ok bannadí drap þeira* þa er *nichulas* lá j *banna* *sott* þa gaf *hann* konu *éinne* *heilssu*: *Aund hanz for med éínglum þeim er honum vitruduzth*. enn *likamur hans var* *lagdur* j *steín þro ok draup þadan* *vizsmíor* ath *hófdí*. enn *vatn* ath *fotum ok fa síukír menn* *heilssu þeir* ed *þui* *mega na*: *heidín madur éinn sette* *liknesk'e'* *nichulaí* ath *vardueita* *hus sítt ok for* *sidann* *heíman* enn *þiofar baru* j *burtth* *aull hans silfr ok klédi*. enn er *hann kom heim ok* *miste fiar síns* þa *bardí* *hann likneskit ok kuez* *mvndu brena þat* j *elldí nema*<sup>17</sup> *apttur kæmí aurum hans*. þa *syndiz* *níchulas þiofunum ok* *kuez* þa *mundu til* *dauda selía* *nema þeir bære* *apttur*. þat er þeir *toku ór huse* *enns audga manz* þa *hræduz þiofar*<sup>18</sup> *ok baru* *allt þat* *apttur*. er þeir *hófdu tekid*. þa *tok* *hín audgí madur tru ok hionn hans óll ok* *let hann kirkiu giora* j *dyrd* *heil-* a'g'x *nichuláús*

In comparison with the common legend of Saint Nicholas, the epitome covers the basics of the legend of Saint Nicholas. No information is provided about his heritage, but mention is made of his unusual qualities as a baby and youth and about his secret gift-giving, which eventually led to his everlasting fame as Santa Claus. While the circumstances surrounding his election as bishop are omitted, most of the miracles are alluded to: his rescue of seamen; his suppression of pagan rites associated with a tree; his cleansing of a polluted well; his ability to make an elderly couple conceive; his strength to move a heavy stone; his multiplication of bread and wine (two miracles combined); his multiplication of grain during a famine; his outwitting the devil with regard to the unnatural oil; his prevention of the execution of the three men; his release of the three imprisoned men; and the healing of an epileptic woman while on his deathbed. Furthermore, the epitome includes mention of the fact that his body was placed in a marble tomb, and that oil and water flowed at that site. Aside from noting that many sick people were cured at his tomb, only one posthumous miracle is included. This is the miracle about the heathen

16 *eínskis*] *eínksis*.

17 *nema*] *'uema*.

18 *þiofar*] *þiofur*.

man, who placed a statue of Nicholas to guard his house and belongings, but returned to find his house robbed. When he threatened to burn the statue unless the stolen goods were returned, Nicholas appeared in a vision to the thieves giving them an ultimatum: to die or return the stolen goods. The thieves returned the goods, and the heathens converted to Christianity.

The direct source of the epitome and of the Old Norse-Icelandic translations of the legend of Saint Nicholas has not been established, but it appears to be a conflation of the two forms of the *Vita auct. Johanne diacono Neapolitano* (BHL 6104–10, 611–13).<sup>19</sup> As pointed out by Foote, the epitome in AM 672 4to is »based on a text like Stock. 2.«<sup>20</sup> There are a number of verbal similarities between the two manuscripts. Notable among these are the following:

Stock. 2: stod hann einn i munnlaugu retrr halfa stund dags, er honum var þvegít (21.20–22)

672: hann stod halfa stund dags rettur vpp j munlaugu. þa er honum var. þvegít nyfæddum (62r9–10)

Stock. 2: hann drack sinn a degi briost modur sinnar, midvikudag hvern ok fóstudag (21.23–24)

672: miduiku dag huern ok fostodag. drak hann eít sín briost modur sinar (62r10–11)

Stock. 2: villdi hann selia dætr sinar .iii. til saurlifis (22.33–34)

672: ætladi ath selia dætur sinar. þriar til saurlifis (62r15)

Stock. 2: bætti skipreida þeira (24.32)

672: bættí hann skipreida þeira (62r21)

Stock. 2: En heilagr Nicholas tok hǫndum vid trenu ok hratt þvi fra mǫnnum (25.18–19)

672: þa tok Nichulas. hondum vid trenu ok hratt þui fra monnum (62r22–23)

Stock. 2: Þa tok hann tru ok hiu hans ǫll, ok let hann kirkiu gera (37.2–3)

672: þa tok hín audgi madur tru ok hionn hans ǫll ok let hann kirkíu giora (62v18–19)

Foote also points out that AM 672 4to contains the sentence »Eicki leck hann ne greth ne hlo sem ǫnur vngmenne« (62r11–12), which is lacking in

19 FOOTE: 1962, 21. See also WIDDING: 1961, 17–26.

20 FOOTE: 1962: 21.

Stock. Perg. fol. no. 2 but is found in the Latin. In contrast to both Stock. Perg. fol. no. 2 and the Latin, in which the angel showed Bishop Nicholas, Saint Nicholas' maternal uncle, the fair hall given to Saint Nicholas in heaven, the epitome states that the angel showed the hall to Saint Nicholas' (unnamed) maternal uncles: »gudz éingil syndí modur brædrum hanz« (62r13). Accordingly, it seems that the epitome must be based not on Stock. Perg. fol. no. 2, but on a common ancestor.

### Bibliography

- AM 623, 4to: *Helgensagaer*. Ed. by Finnur Jónsson. Samfund til Udgivelse af gammel nordisk Litteratur 52. Copenhagen: Jørgensen, 1927.
- Arnagnæanische Fragmente (Cod. AM 655 4to III–VIII, 238 fol. II, 92r 4to IV 1.2): *Ein Supplement zu den Heilagra manna sögur*. Ed. by Gustav Morgenstern. Leipzig and Copenhagen: Möller, 1895.
- Arne Magnússon's i AM. 435A–B, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser med to tillæg. Ed. by Kr. Kålund. Copenhagen: Jørgensen and Co., 1909.
- Diplomatarium Islandicum: Íslenzk fornbréfasafn*. 16 vols. Copenhagen and Reykjavík: Möller and Hið íslenzka bókmentafélag, 1857–1952.
- Heilagra manna sögur: Fortællinger og legender om hellige mænd og kvinder*. Ed. by C. R. Unger. 2 vols. Christiania [Oslo]: Bentzen, 1877.
- Helgastaðabók. Nikulás saga. Perg. 4to nr 16 Konungsbókhöðu í Stokkhólmi*. Introduction by Selma Jónsdóttir, Stefán Karlsson, and Sverrir Tómasson. Reykjavík: Lögberg, 1982 (= Manuscripta Islandica medii aevi; 2).
- Isländska handskriften No 645 4o i Den Arnagnæanske Samlingen på Universitetsbiblioteket i København: I. Handskriftens äldre del*. Ed. by Ludvig Larsson. Lund: Gleerup, 1885.
- KIRBY, Ian J.: *Bible Translation in Old Norse*. Université de Lausanne Publications de la faculté des lettres 27. Geneva: Librairie Droz, 1986.
- Lives of Saints: Perg. fol. nr. 2 in the Royal Library, Stockholm*. Introduction by Peter Foote. Early Icelandic Manuscripts in Facsimile 4. Copenhagen: Rosenkilde and Bagger, 1962.
- LOTH, Agnete: »Roted fragmentum membraneum, um Sanctam Luciam og Agatham: AM 92r, V. 40«. In: *Festskrift til Ludvig Holm-Olsen på hans 70-årsdag den 9. juni 1984*. Øvre Ervik: Alvheim and Eide, 1984, 22f–235.
- LOUIS-JENSEN, Jonna. »Seg Hallfríði góða nótt«. In: *Opuscula 2.2*. Bibliotheca Arnagnæana 25.2. Copenhagen: C.A. Reitzel, 1977, 149–153.
- MCDUGALL, Ian. »Latin Sources of the Old Icelandic Speculum Penitentis«. In: *Opuscula 10*. Bibliotheca Arnagnæana 40. Copenhagen: C.A. Reitzel, 1996, 136–138.
- Messuskýringar: Liturgísk symbolik frá den norsk-íslandske kyrkja i Millomalderen*. Ed. by Oluf Kolsrud. Norsk historisk kjeldeskrift-institutt. Oslo: Dybwad, 1952.
- SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR: *Universal History in Fourteenth-Century Iceland: Studies in AM 764 4to*. London: University of London, 2000.

WIDDING, Ole: »AM 672, 4to – en skyggetilværelse«. In: *Opuscula* 1. Bibliotheca Arnamagnæana 20. Copenhagen: Ejnar Munksgaard, 1960, 344–349.

WIDDING, Ole: »Kilderne til den norrøne Nicolaus saga«. In: *Opuscula* 2.1. Bibliotheca Arnamagnæana 25. Copenhagen: Ejnar Munksgaard, 1961, 17–26.



## SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR

### Barndómssaga Kristí á Íslandi

Enn er langur vegur frá því að við höfum yfirsýn yfir allar þær bókmenntir sem gengu í handritum á Íslandi á öldunum eftir siðaskipti og margt liggur óútgafið. Hubert Seelow gerði hluta þessa efnis eftirminnileg skil í riti sínu *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher* þar sem hann rannsakaði ítarlega íslenskar þýðingar þýskra almúgabóka og handritageymd þeirra. Með hliðsjón af umfangi efnisins og fjölda handrita varð hann vitanlega að afmarka rannsókn sína og gerði í því skyni grein fyrir flokkum sagna sem falla utan viðfangsefnis hans en eiga sér þó sambærileg upptök. Einn slíkur flokkur eru apókrýfar biblíufrásagnir; sem dæmi um þær nefnir Seelow *söguna af Jósef og Assenath, Pilatus sögu og söguna af Gyðingnum gangandi*.<sup>1</sup> Slíkar sögur bárust einkum til Íslands á prentuðum bókum frá Danmörku eins og Mariane Overgaard hefur rakið.<sup>2</sup> Dönsku gerðirnar voru gefnar út í safninu *Danske Folkebøger fra 16. og 17. Aarhundrede* (hér eftir *DFb*), en útgefendurnir tóku reyndar ekki alla slíka texta upp í útgáfu sína. Dæmi eru um texta sem þeir töldu »for fornemme af indhold, for store af omfang og udgivet i for få oplag til at kunne regnes for egentlige folkebøger«<sup>3</sup> eins og Overgaard orðar það. Útbreiðslan skiptir því talverðu máli þegar ákvarða á hvort telja á texta til almúgabóka og hún getur verið ólík eftir löndum. Á Íslandi dreifðust slíkar bókmenntir sem kunnugt er ekki á prenti heldur í handritum. Í þessari grein er ætlunin að líta á eina þessara apókrýfu biblíufrásagna og viðtökur hennar á Íslandi.<sup>4</sup> Hún er prentuð í 1. bindi *DFb* undir heitinu *Jesu Barndoms Bog* og kemur þar í kjölfar sögunnar af Jósef og Assenath.

*Jesu Barndoms Bog* (hér eftir *JBB*) segir sögu hinnar heilögu fjölskyldu, allt frá getnaði og fæðingu Maríu og til þess er Jesús er skírður í ánni Jórdan. Megintilgangur slíkra texta var að fylla í þá fáorðu mynd sem

Í hálfa aðra öld hefur fjöldi Færeyinga sótt lífviðurværi sitt til Íslands, bæði á sjó og landi. Þessarar lífsreynslu sér nokkurn stað í færeyskum bókmenntum þar sem Ísland myndar bakgrunn, efnivið og sögusvið á margvíslegan hátt, allt frá því um 1890 þegar færeysku ritmáli tók að vaxa fiskur um hrygg. Þetta eru aðallega frásagnarbókmenntir sem virða Ísland fyrir sér að utan, lýsa samskiptum þjóðanna og bregða stundum fyrir sig samanburði á milli landanna.

## Færeysk heimþrá í Reykjavík

Í þessari grein er rýnt í ljóðræn íhugunarkvæði eftir færeyska farandverkamanninn Eisenberg Hentze sem starfaði í Reykjavík um miðja 20. öld. Athyglinni er einkum beint að tveimur ljóðum þar sem hann íhugar veru sína fjarri heimalandinu og fer jafnframt óbeinum orðum um stöðu sína sem farandverkamaður og Færeyingur á Íslandi.

Eisenberg Hentze (1904–1988) var húsasmiður frá Sandi í Færeyjum. Hann var á yngri árum virkur í mjög svo fjörugu ungmennafélagi á Sandi, lék í sjónleikjum sem þar voru sviðsettir, samdi ásamt öðrum stutt leikrit og orti tækifæriskvæði. Eftir heimsstyrjöldina síðari var lítið um byggingarvinnu í Færeyjum. Hann hafði tekið við matvöru- og fataverslun eftir móður sína en viðskiptavinirnir gátu ekki greitt vöruna í peningum, eini gjaldmiðill þeirra var egg og ull, og því lagði verslunin upp laupana. Eisenberg hafði áður verið á skútu við Ísland og tók nú þann kost að halda ásamt eiginkonu sinni til Reykjavíkur. Þar vann hann við húsasmíði en hún sem vinnukona þar til þau fluttust aftur heim árið 1949. Hann reisti þeim heimili í fæðingarþorpi sínu Sandi, tók sig enn upp og fór með fjölskylduna til Klaksvíkur þar sem byggingavinnu var að fá, en stundaði seinna útróðra á Grænlandi. Loks sneri hann heim aftur til Sands en vann jafnan annars staðar við húsasmíði, meðal annars í Þórshöfn.

Árið 1954 kom út ljóðabók eftir Eisenberg undir dulnefninu Hugin Frói [glaði]. Bókin hét því geðþekka nafni *Várligt fleyr* [Vorlegur blær] og útgefandi var hið virta bókaforlag Varðin. Þetta eru skorinort ljóð, yfirlétt með léttum blæ og myndu sóma hvaða lærisveini Hans Andriasar Djurhuus og Mikkjals á Ryggi sem væri, til dæmis ljóðið *Vár*:

Mær lætnar lund og likam, nú veturin er av,  
eg kasti burtur allar hansar' sorgir,  
tí aftur sigur sólin, hvørt kvöld hon fer í kav:  
eg skíni aftur fyri tær í morgin.

eða *Várvón* sem fléttar saman gleði yfir vorinu og verkefnum vorsins:

Eg leiti fram aftur kvísl og haka,  
eg ull og karðar má frá mær blaka,  
mær leingist út á fríðu fold.

Önnur ljóð eru óður til náttúrunnar eins og *Til fjalla*, þar sem ljóðmæl-andinn sækir til fjalla í leit að frelsi til að vera hann sjálfur og losna úr þeim fjötrum að vera eins og allir aðrir. Sjá má ást til áthaganna í anda

ungmennafélagshugsjónanna í ljóðinu *Kvöldkvirra* sem fjallar um heimaþorpið Sand og nefnir skáldið fræg kennileiti á þeim stað, hamarinn, vatnið og sandinn. Frá þorpinu snýr hann sér að heimaeyjunni Sandoy í ljóðinu *Dreymaoyggin* [Draumaeyjan] *mín* og þaðan að landinu öllu í *El treysti á sjálvum tær* [Treystu á sjálfan þig], sem lýsir ættjarðarást og hugsjónum frjálslyndis og framfara.

*Sæfljóð* er rómantískt ástarljóð, byggt á minninu um Lórelei og segir frá tortímandi ástarþrá: Sjómaðurinn sameinast ástinni um leið og hann týnir lífinu í banvænni iðunni. Skáldið þekkir greinilega þýska kvæðið um Lórelei í einhverri mynd enda notar hann sömu hrynjandi og þá sem er að finna í kvæði Heines, *Ich weiß nicht, was soll es bedeuten*. En ljóðið er ekki eftirlíking heldur sjálfstætt verk. Aðalpersónan, sem sagt er frá í 3. persónu, er líkastur færeyskum sjómanni að afla matar handa fjölskyldunni, og þaulkunnur straumum, iðum og strengjum er hann óhultur andspænis dyntum hafsins. Öðru máli gildir um hættuna sem stafar af tæl-andi fegurð »sæfljóðsins«, en henni getur hann með engu móti varist:

Í silvitni bátur man flóta,  
hann veiðir fœðslu teim tvá,  
hann sær væl, at brotini bróta  
har úti í streinginum há'.  
Her veit hann, ei brotini granda,  
hann kennir so væl sína leið.  
Hann vardi tó ekki tann vanda,  
ið beint upp úr dýrdini steig.

[...]

Komin at streingjarkvarða,  
fevnandi armarnar upp  
lyfti hon fljóðið skæra,  
hann ivaðist onga stund,  
men töldur steig hann í vandan  
lívlát var ástarstund.  
Í streymakvarðanum dandar  
enn Sæfljóð syngjandi von.

Þéttur stíll og ríkur orðaforði sýna að á ferðinni er skáld með traustan bakhjarl í bókmenntum og tungumáli.

Einstaka ljóð ber með sér að hafa orðið til á meðan Eisenberg Hentze dvaldi á Íslandi, þar á meðal *Krákan* og *Fosturlandsalskur* sem eru saknaðarljóð til heimalandsins.



*Krákan* er tíu erindi, fjögur vísuorð hvert og með víxlrími (abab). Inngangserindið staðsetur ljóðmælandann á »Snjólandi«, fjarri áttthögunum. Skáldleg umritunin á nafni Íslands undirstrikar og leggur áherslu á íslenska vetrarkuldann sem í ljóðinu reynist einmitt vera það sem ólíkt er með Færeyjum og Íslandi. Í snjólenskri útleiðinni hugsar ljóðmælandinn um krákuna og ávarpar hana með söknuði. Kráka (*Corvus corone*) er ekki þekkt á Íslandi þó að hún slæðist þangað einstöku sinnum en er hins vegar algeng í Færeyjum. Þar er hún staðfugl og hennar sér víða stað í þjóðháttum, máltækjum og skáldskap. Söknuður ljóðmælandans eftir krákunni er þess vegna órjúfanlega tengdur söknuði eftir Færeyjum.

Eftir inngangserindið er krákunni og almennu álitu á henni lýst í þremur erindum. Bent er á að hún megi þola miklar óvinsældir meðal manna, sé lögð í einelti og sökuð um þjófnað. Sannleikurinn sé þó sá að hún sé ekki verri en aðrir þótt hún gómi hænuunga og annað smálegt og þar að auki viti hún ekki hvað sé bannað. Hinir »vitru« séu búnir að bannfæra krákuna með lögum, kalli hana »ránsfugl« og bjóði þóknun fyrir hverja kráku sem drepin er. Vert sé þó að minnst þess að hún á sama rétt til lífsins og fuglar þeir er komist hafi á »friðskrána« og njóta verndar.

Í eftirfarandi þremur erindum er velt vöngum yfir því að enga kráku er að finna á Íslandi. Spurt er að hætti mælskulistarinnar hvort Ísland skorti hamrabelti og torfærur sem hið eyðandi mannfólk á nógu erfitt með að nálgast svo krákan vogi sér að taka þar bólfestu. En því er svarað neitandi. Ástæðan er, eins og umritunin á nafni Íslands í innganginum gaf í skyn, hvað það er erfitt að draga fram lífið á Íslandi á veturna:

Nei, helst er her kuldin ov mikil  
og torsøkt á vetri tí æti

Og þar sem það sé eðli krákunnar að vera heimakær geti hún ekki hugsað sér að búa á stað sem ekki er byggilegur allan ársins hring:

Tí har sum tú býr, vil tú búgva  
bæði á sumri og vetri

Þar að auki er henni eðlilegt að vilja vera sjálfbjarga og sjá sér sjálf fyrir fæðu og skjóli:

sjálf eftir fœðini flúgva,  
síta í sjálvbygdum setri.

Afstaða ljóðmælandans gagnvart krákunni er mjög jákvæð, andstætt ríkjandi skoðun í færeysku samfélagi.

Í síðustu þremur erindunum er athyglinni beint að ljóðmælandanum sjálfum og hugðarefnum hans. Hann játar að hann deili þeirri hugsjón krákunnar að vera sjálfbjarga – »sita í sjálvbygðum setri« – en sjálfur neyðist hann þó til að haga lífi sínu á annan hátt. Í stuttu máli sagt kæmist hann ekki af ef hann sæti heima. Krákan er ekki höfð í metum, hvorki í ljóðinu né meðal almennings, en hún heldur tryggð við heimili sitt hvað sem á hjátar, og fyrir það virðir ljóðmælandinn hana.

Eisenberg þekkir þá bókmenntahefð að lýsa fuglum sem ímyndum mannlífsins. Hann nýtir hefðbundna ímynd krákunnar en hagræðir henni í samræmi við eigin aðstæður og sjónarhorn. Í ríkjandi hefð er hún ímynd hinnar hvimleiðu og fölsku undirlægju. Eisenberg leynir ekki neikvæðu hliðunum en hjá honum vega þær jákvæðu þyngra, já, raunar finnst honum staðfuglinn krákan sér fremri. Hún verður honum táknmynd ósvikinnar ættjarðarástar.

Ljóðmælandinn er sjálfur líkari tjaldinum í hegðun, aðalpersónunni í ljóðinu *Fosturlandsalski* [Fósturlandsást] næst á eftir *Krákuni*. *Fosturlandsalskur* fjallar um ást og þrá til ættjarðarinnar rétt eins og *Krákan*. Við erum stödd í Færeyjum, ljóðmælandinn hefur efnt heiti sitt úr fyrra ljóðinu og snúið heim, að minnsta kosti um sinn. Tjaldurinn er ávarpaður með blíðu og meðaumkvun og spurður hvers vegna hann hafi komið svo langt norður til þess eins að sitja svangur í kulda í stað þess að vera um kyrrt í sólskininu og hvort hann geti elskað Færeyjar þegar móttökurnar eru eins og þetta tiltekna ár:

Hvat er tað, sum dregur teg higar  
hvørt einasta gudsskapta vár?  
Man Føroyar tú kunna elska,  
tá móttøkan er sum í ár?

En þetta eru retóriskar spurningar, ljóðmælandinn skilur tjaldinn og finnur til skyldleika við hann og þar er hann á troðnum götum skáldskaparins. Hér er um þjóðarfugl Færeyja að ræða og hann er samkvæmt hlutarins eðli fagur, hugumstór og göfugur. Sú staðreynd að hann er farfugl varpar engum skugga þar á. Þvert á móti er eðli farfuglsins gert að dyggð og hann rómaður fyrir að snúa aftur heim á hverju vori. Á sama hátt snýr ljóðmælandinn heim þótt hann verði að hætta lífinu til þess:

Væl kenni eg, tjaldur, títt lyndi,  
eg eisini ferðist um høv,  
til Føroya leiti eg aftur,  
um enn havið skal verða mín grøv.

## Ættjarðarljóð til eflingar þjóðerni í danskri útlegð

Færeyskur ættjarðarkveðskapur kveðinn í útlegð var hefð sem mótaðist á ofanverðri 19. öld, ekki meðal færeyskra verka- og sjómanna á Íslandi heldur í hópi færeyskra stúdenta í Kaupmannahöfn. Í þessum skáldskap var hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar færð að færeyskum veruleika. Með ástarjátningum til lands, þjóðar og tungu bjó vaxandi stétt menntamanna sig undir það, í nafni færeyskrar þjóðar, að leysa Dani af hólmi í stjórnsýslu og atvinnurekstri í Færeyjum. Ættjarðarskáldskapurinn var öflugt tæki til að styrkja orðræðu þjóðernishyggjunnar, ekki síst þjóðarhugtakið sem sameiningartákn allra Færeyinga, og skáldleg myndhvörf og ímyndir hentuðu þar sérstaklega vel. Hér mátti virkja sterkar myndir úr eldri skáldskap og laga að nýjum þörfum. Gripið var til allegoría Nólsoyar-Páls, *Fuglakovæðisins* (1808), en þar tákna smáfuglar almúgann og ráns- og hræfuglar yfiröldin. Í hugmyndaheimi þjóðernishyggjunnar var þetta endurtúlkað og fuglar urðu myndlíking fyrir færeyska þjóð án þess að gerður væri greinarmunur á hinum ýmsu tegundum þeirra. Tjaldurinn sem í *Fuglakovæðinu* táknar Nólsoyar-Pál, verndara almúgans, varð í hugmyndaheimi þjóðernisstefnunnar að ofurtákni færeysku þjóðarinnar og dyggða hennar. Hafi ungu skáldin í hópi stúdentanna í Kaupmannahöfn lent í eilítili þversögn og útskýringarvanda gagnvart fólkinu heima og ættjörðinni – sem þeir lofsungu – með því að fara úr landi, þá hentaði farfuglinn fullkomlega til að breiða yfir þversögnina og verða sameinandi ímynd ástar og tryggðar eins og fram kemur í sígildum ættjarðarsöng Rasmusar Effersøe (1876):

Fuglar, sum við fjallatindar byggja,  
 hvønn ein vetur fara yvir sjógv.  
 Hvört eitt vár teir munnu aftur hyggja  
 til tað reiður, sum teir elska nógv.  
 Dimmið finnur fugl á síni hillu,  
 tó hann víða fer um sund og fjørð.  
 Okkum lærir jú tann fuglur villi:  
 Heimið er tað besta stað á jørð.

## Ættjarðarljóðið afbyggt í íslenskri útlegð

Þessar fuglaímyndir hinnar rómantísku þjóðernishyggju urðu langlífar og Eisenberg Hentze var með þær í farangrinum þegar hann vann við húsbýggingar og við að yrkja *Krákuna* og *Fosturlandsalsk* í Reykjavík á árunum 1945–49. En hann lagar þær að útsýninu frá sínum bæjardyrum.

Hann alhæfir ekki um fugla sem sameinandi ímyndir í anda þjóðernishyggjunnar heldur fjallar raunsæilega um tiltekna fugla. Hann bendir á þær ofsóknir gegn krákunni, sem teknar eru góðar og gildar, og afbyggir þannig hugmyndir þjóðernishyggjunnar um að allir fuglar séu jafnir. Afhjúpunin vísar jafnframt óhjákvæmilega til þjóðarhugtaksins og dregur úr algildi þess.

Hugtak hinnar rómantísku þjóðernishyggju um þjóðtungu felur í sér hugmyndina um sameiginlega tungu og menningu með fornar rætur sem birtist og holdgast í samræmdu ritmáli. Færeyskan er engin undantekning í þessi tilliti og Eisenberg Hentze tengir sig þjóðinni órofa böndum í táknrænum skilningi með því að birta ljóð sín á færeysku ritmáli. Samt sem áður eimir eftir af ósamræmdum einkennum þar sem glyttir í mállýsku skáldsins. Dæmi um það er beyging sterkra sagna í nútíð 2. persónu eintölu sem hjá Eisenberg er án endingar 2. persónu og afhjúpar uppruna hans, ekki í óhlutbundnu hugtaki heldur á ákveðnum stað, heimaþorpi hans Sandi. Þannig skrifar hann »tú býr/er/fer« en ekki »tú býrt/ert/fert« eins og flestir Færeyingar. Þá eykur það á margræðni málfarsins að skáldið tekur upp einstaka íslenskt orð og orðasamband eins og til dæmis »ástin mín« og »ástkæra« sem falla vel að færeysku en eru þar nýjung. Þessi einkenni auðga málfarið og gefa því raunsannan og lífrænan blæ.

### Kráka eða tjaldur

Í þeim ljóðum Eisenbergs Hentze, sem hér er fjallað um, eru helstu minnin annars vegar búfesta og hins vegar endurtekin heimkoma. Með þeim er hann að glíma við eigin aðstæður, að lifa á faraldsfæti, ekki af fúsum og frjálsum vilja heldur af félagslegum ástæðum. Hinn prúðbúni vorboði, tjaldurinn, er að sjálfsgöðu á »friðskrá« sem þjóðartákn og hann nýtur virðingar ljóðmælandans, þeir deila þeim örlögum að vera aldrei alkomnir heim. En hann kys frekar að samsama sig krákunni, einum þeirra fugla sem *ekki* eru á »friðskrá«, og leita skyldleika við hana. Þeir síðarnefndu geta annaðhvort valið þá leið að þrauka eins og krákan og komast af með klókindum og nauðsynlegri frekju eða leita í burtu eins og skáldið.

### Ritaskrá

DAHL, Árni: *Føroysk bókmentasøga 3, 1940–1979*. Klaksvík: Forlagið Fannir, 1983.

HENTZE, Eisenberg: *Várligt fleyr*. Tórshavn: Varðin, 1954.

HENTZE, Solveig: *Upplýsingar um ævi Eisenberg Hentze*. Símtal í október 2016.

JOENSEN, Julianna: »Ungmannafelagið Virkið 80 ár«. Í: *Kvørnin* 6 (2003), 5–17.



## ÁSDÍS EGILSDÓTTIR

### Pýðingar, ringlaðar munkskepnur og aðrir þýðendur

Hubert Seelow er afkastamikill fræðimaður og þýðandi. Viðamesta fræðirit hans, Habilitationsritgerðin *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher* er rannsókn á íslenskum þýðingum á þýskum almúgabókum. Þetta voru vinsælar bókmenntir, þýddar eftir þýskum og dönskum prentuðum útgáfum, en varðveittar í fjölda íslenskra handrita. Þýðingarnar voru gerðar á tímabilinu frá siðbreytingu og fram á átjándu öld. Sögurnar voru lesnar upp til agna, handrit eyddust, ný skrifuð í þeirra stað og sögurnar voru þýddar aftur og aftur.<sup>1</sup> Þýðingarnar voru ekki einungis endurritaðar heldur einnig endursamdar í öðru formi. Rímur ortar eftir sögunum eru til marks um það. Það mætti kalla rímurnar þýðingu innan tungumáls samkvæmt Roman Jakobson sem víkkar þýðingarhugtakið og greinir í þrennt: Þýðing innan tungumálsins (*intralingual translation*), þýðing milli tungumála (*interlingual translation*) og þýðing milli táknerfa (*intersemiotic translation*).<sup>2</sup> Hubert Seelow hefur þýtt bæði Íslendingasögur og síðari tíma skáldverk, þar á meðal rit Halldórs Laxness. Hann hefur þýtt allar helstu skáldsögur Halldórs og skrifað inngang eða eftirmála með eldri, endurútgefnum þýðingum. Síðasta bókin sem út kom eftir Halldór var *Dagar hjá múnkum*, 1987. Bókin er að mestu dagbók Halldórs frá því að hann dvaldi hjá benediktismunkum í Clervaux klaustrinu í Luxemburg árið 1922. Þar skírðist hann til kaþólskrar trúar og tók upp írsku dýrlingsnafnið Kiljan. Brot úr þessari dagbók hafa komið út í þýskri þýðingu Huberts.<sup>3</sup> Í einum af inngangsköflum bókarinnar skrifar Halldór:

Kaþólsk kirkja flutti íslendingum gersemar erlendrar hámenningar og nærði mestu snillinga andans í gullinni fortíð vorri. Auður sá í bókmentum sem við lífum fram á þennan dag kom til okkar um klaustrin undir kristindómi kaþólskunnar.<sup>4</sup>

Í sjálfri dagbókinni er ekki að finna neinar hugleiðingar af þessu tagi. Þar lýsir hinn upprennandi rithöfundur því hvernig hann tekur þátt í daglegri iðju munkanna, stundar kaþólsk fræði, skrifar og óttast fátt meira en synd-

1 Sjá SEELOW: 1989, 275, 334.

2 Sjá JAKOBSON: 1959, 233. Íslensku hugtökin eru fengin frá ÁSTRÁÐI EYSTEINSSYNI: 1996, 27–28.

3 Sjá SEELOW (þýð.): 1998.

4 HALLDÓR LAXNESS: 1987, 13.

samlegt augnsamband við konur. Í grein sinni »Laxness og íslensk sagnahefð« segir Lars Lönnroth frá því að í Svíþjóð hafi verið talað um Halldór sem fulltrúa »hinnar fornu íslensku sagnalistar frá 13. öld«<sup>5</sup> þegar hann hlaut Nóbelsverðlaunin 1955. Lönnroth leiðir að því rök að fremur megi líta svo á að hann hafi alla ævi verið í uppreisn gegn hinni fornu hefð. Það kemur skýrt fram í bréfi til Einaris Ólafs Sveinssonar frá 17. apríl 1923 að hinn ungi Halldór Laxness lítur ekki á sig sem arftaka höfunda 13. aldar. Hann lýsir frásagnarlist Íslendingasagna þannig að höfundar séu aðeins »að búa til kontúrur«, allar lýsingar á innra lífi skorti. Snorri Sturluson er hreint engin fyrirmynd: »Málið hjá þessum Snorra er sennilega ekki óviturlegt, það sem það nær, og góð íslenska«, en »maðurinn hugsar með alt öðruvísi innréttuðum heila en nútíðarmenn [...]«.<sup>6</sup> En þó að Halldór virðist hér hafna öllum tengslum við arfleifðina er hann í samræðum við bókmenntir miðalda allan sinn rithöfundarferil. Á árunum 1946–1974 sendi Halldór frá sér níu ritgerðasöfn og í mörgum þeirra er að finna greinar þar sem vikið er að bókmenntaiðju fyrri alda. Í greinum sínum veltir hann fyrir sér aðferðum og vinnubrögðum miðaldahöfunda. Mikilvægustu greinar Halldórs um bókmenntir miðalda birtust í ritgerðasöfnunum *Þjóðhátíðarrolla* (1974) og *Við heygarðshornið* (1981). Í þeim endurtekur hann margt sem hann hefur vikið að í fyrri greinum en skýrir það og skerpir. Halldór hafði ekki einungis áhuga á hinu norræna efni heldur gerði hann sér einnig grein fyrir mikilvægi hinna þýddu, kaþólsku bókmennta. Í *Þjóðhátíðarrollu* skrifar hann:

Við lærðum semsé grundvallaratriði sagnagerðar af dýrlíngævum og ekki leið á laungu áður en við bættust hákristilegar riddarasögur að stæla upp í okkur strákinn. Fyrstar sjálfstæðra tilrauna okkar í sagnagerð eru í því fólgnar að líkja eftir slíkum ritum.<sup>7</sup>

Halldór skrifar þó stundum í hálfkæringi um trúarlegar miðaldabókmenntir:

Í því flóði heilagra manna sagna sem þraungdi sér úr kaþólskum trúboðsstöðvum yfir þröskuldinn í Þingeyraklaustri urðu múnkskepurnar svo ringlaðar að þeir vissu ekki fyrr en þeir voru sjálfir farnir að setja saman dýrlíngasögur. Hér mun ég aðeins nefna þá klausturbræður Gunnlaug Leifsson og Odd Snorrason.<sup>8</sup>

5 LÖNNROTH: 2002, 175.

6 Ibid., 17; HALLBERG: 1960, 45–46.

7 HALLDÓR LAXNESS: 1974, 63.

8 Ibid., 118.

En þó að Halldór fari hér heldur háðulegum orðum um Gunnlaug og Odd lofar hann Gunnlaug nokkrum blaðsíðum síðar fyrir *Jóns sögu helga*. Hann hefur þó þann varnagla á að ekki sé víst að Gunnlaugur hafi sjálfur þýtt söguna.<sup>9</sup> Á öðrum stað segir Halldór: »Handskrifuð bók getur verið full með leiðinlegar dýrlíngasögur [...] en þó verið merkilegur gripur vegna meistarahandbragðs [...]«<sup>10</sup> en hann er þó alltaf fús til þess að draga fram gildi hinna trúarlegu texta fyrir íslenska bókmenntasögu. Í ávarpi sem hann flutti á aðalfundi Hins íslenska bókmenntafélags hvatti hann til útgáfu á *Mariu sögu*: »[...] bókin er umfram alt vitnisburður um samheyrileik Íslands við evrópska menningu á tíma þegar íslendingasögurnar sjálfar voru ekki orðnar til.«<sup>11</sup> Í samtali við Régis Boyer, fyrrum prófessor í norrænum fræðum í París, hnykkir hann á því að hlutur hinna þýddu trúarlegu rita sé fyrir borð borinn.<sup>12</sup> Í ritum Halldórs má greina áhrif frá kaþólskum menntum, einkum í elstu verkum hans. Þetta er efni sem þarfnast þó frekari rannsókna. Vandaðar þýðingar á aðrar tungur gætu orðið til þess að vekja athygli erlendra fræðimanna á verkum Halldórs og efla rannsóknir á þeim. Hér verður aðeins tekið eitt dæmi sem sýnir að áhrif frá kaþólskum hugmyndaheimi gætu leynst víða. Í *Sjálfstæðu fólki* kemur fyrir orðið ›samlíðun‹: »Samlíðunin er uppspretta hins æðsta saungs. Samlíðunin með Ástu Sóllilju á jörðinni.«<sup>13</sup> Halldór velur hér hið sjaldgæfa orð ›samlíðun‹ fremur en ›meðaumkun‹. Í *Alþýðubókinni* segir hann um kvikmyndir Charles Chaplins: »Gegnum öll hin þroskaðri verk hans gengur hinn sami rauði þráður, það sem kallað er á latínu *samlíðun*.«<sup>14</sup> Það er athyglisvert að Halldór skuli geta þess að samlíðun sé latneskt hugtak. Hann gæti vel hafa kynnst því þegar hann dvaldi meðal munkanna í Clervaux. Samlíðun á sér samsvörun í *compassio* sem var lykilhugtak í ritum benediktína og susteríana á 12. öld. Þar var lögð áhersla á hinn þjáða Krist og mikilvægi þess að geta sýnt kærleika sinn með því að þjást með öðrum.<sup>15</sup> Í *Jóns sögu helga*, B-gerð, sem talin er frá

9 Sjá HALLDÓR LAXNESS: 1974, 123.

10 Ibid., 203.

11 HALLDÓR LAXNESS: 1981, 136.

12 Sjá ibid., 98–105.

13 HALLDÓR LAXNESS: 1961, 389.

14 HALLDÓR LAXNESS: 1929, 208.

15 Sjá ÁSDÍS EGILSDÓTTIR: 1996, 109–110; BYNUM: 1982, 125–135.



14. öld, eru greinileg áhrif frá þessum hugmyndum.<sup>16</sup> Þar kemur fyrir orðið ›sarpíníng‹, sem greinilega er þýðing á *compassio*:

þá varð hann svo feginn að hann felldi tár, að hann skal mega sem góður hirðir koma þessum sauð úr varga munni og aftur bera til drottinlegrar hjarðar, temprandi sín tár með hans tárur og harmandi hans misfelli með föðurlegru sarpíníng.<sup>17</sup>

Halldór breytir ›samliðun‹ í ›sarpíníng‹ í þriðju útgáfu *Alþýðubókarinnar*.<sup>18</sup> Þá eru liðin nokkur ár frá því að *Sjálfstætt fólk* kom fyrst út (1934–1934). *Gerpla* kom út 1952 og við undirbúning hennar hefur Halldór lesið umtalsvert magn af miðaldatextum. En hver sem ástæðan fyrir breytingunni er, þá hefur Halldór talið ›sarpíníng‹ ná betur merkingunni á *compassio*. *Innsveitarkronika* er sú skáldsaga Halldórs frá síðari hluta ferils hans sem geymir flest helgisagnaminni. Hún er ekki til í heild sinni í þýðingu Huberts Seelow, en hann þýddi þann hluta sem komið hefur sem sérstök bók, orlitið breytt, undir heitinu *Sagan af brauðinu dýra*. Þessi hluti sögunnar segir frá vinnukonunni Guðrúnu Jónsdóttur sem villist með pottbrauð á leið sinni að Mosfelli og er týnd í þrjú daga. Henni hafði verið trúað fyrir brauðinu og því snerti hún það ekki þó að hún fyndi til svengdar. Guðrún átti þrjú lömb sem hún gaf til kirkjunnar, eitt fyrir hvern dag sem hún var týnd á heiðinni. Það má því líta svo á að hún hafi heitið á kirkjuna, sér til bjargar.<sup>19</sup> *Innsveitarkronika* kom annars út í þýskri þýðingu Fritz Nothardt árið 1976 undir heitinu *Kirchspielchronik*. Skáldsagan segir frá bændum og vinnufólki, sem er fólk af sama tagi og er fyrirferðarmest í íslenskum jarteinasögum. En helstu persónur sögunnar eru sögumaður, sem kallar sig blekbera og blekbónda, Ólafur bóndi á Hrísrú, Finnbjörg kona hans sem liggur í kör, vinnukonan Guðrún Jónsdóttir og Stefán Þorláksson, fátækur drengur alinn upp á Hrísrú. Honum græðist fé sem hann gefur til þess að endurbyggja Mosfellskirkju. Ekki verður hjá því komist að telja Mosfellskirkju eina af ›persónum‹ sögunnar. *Innsveitarkronika* er samtal höfundar við þjóðlega sagnaritun, munnlega sagnahefð og kirkjulegar miðaldabókmenntir.<sup>20</sup> Hún er að miklu leyti saga Mosfellskirkju. Í kaþólskum sið voru kirkjur helgaðar ákveðnum

16 Sjá ÁSDÍS EGILSDÓTTIR: 1996, 113–114.

17 *Biskupa sögur* I: 1858–1878, 243.

18 Sjá HALLDÓR LAXNESS: 1949, 128.

19 Sjá GUÐRÚN NORDAL: 2001, 191.

20 Sjá *ibid.*, 182–193.

dýrlingum og þær helstu geymduhelga dóma þeirra. Egill Skallagrímsson er með írónískum hætti orðinn að dýrlingi Mosfellskirkju í *Innansveitarkroniku*. Þannig hefst sagan:

Þegar Þjóðhetja Íslands og höfuðskáld Egill Skallagrímsson hafði um skeið bygt haug sinn í Mosfellsdal nær Þjóðbraut þar sem heitir í Tjaldanesi af því ferðamenn tjalda þar, þá kom kristni í landið. Á þessum stað koma tvær ár saman og falla í einu lagi útúr dalnum milli hárra bakka. Voru nú bein skáldsins tekin upp og færð úr hauginum til kirkju þó skáldið hefði verið heiðinn maður.<sup>21</sup>

Frásögnin er skopstæling á *translatio*, eða flutningi jarðneskra leifa til kirkju, líkt og um dýrling og helga dóma sé að ræða. Þegar rífa á Mosfellskirkju bregst Ólafur bóndi á Hrísbú þannig við:

Er þetta kanski ekki kirkja Egils Skallagrímssonar og var kanski ekki hausnum af Agli stolið frá okkur hrísbrúingum í upphafinu? spyr Ólafur bóndi.

Séra Jóhann svarar að því miður vitum við ekki leingur hver sá dýrlingur var sem Mosfellskirkja var vígð í upphafi.

Ólafur segir: Þó Egill Skallagrímsson sé ekki nógu mikill dýrlingur handa ykkur mosfellsanskotum þá er hann nógu góður fyrir okkur á Hrísbú.<sup>22</sup>

Í ritum miðalda eru margar frásagnir af því að helgum dómum dýrlinga hafi verið stolið og deilur sprottið upp af því. Þjófnauður á helgum dómum var þó talinn réttlætanlegur ef þeim var fyrir komið þar sem menn töldu að þeir ættu best heima.<sup>23</sup> Dýrlingurinn hélt áfram að vera virkur í samfélaginu þar sem helgir dómur hans voru varðveittir. Helgur dómur var ekki bara bein úr dýrlingi eða hlutur úr eigu hans. Hann hafði trúarlega merkingu fyrir samfélagið og geymdi í sér kraftaverkamátt dýrlingsins. Svipuðu hlutverki gegna bein Egils Skallagrímssonar í *Innansveitarkroniku*, en einnig helgir gripir kirkjunnar sem samsvara þeim, kaleikurinn og klukk-an. Ekki þarf að efast um þekkingu Halldórs á helgum dómum og hlutverki þeirra. Sömu leiðis hefur hann þekkt frásagnir af beinaupptöku af flutningi helgra dóma, bæði af þýddum ritum og norrænum. Saga Mosfellskirkju í *Innansveitarkroniku* er píslarsaga kirkjunnar. Hún þarf að þola vanvirðu og niðurrif. En kirkjan lifir þó í hugum manna og verður endurreist. Það er upprisa hennar. Kirkjuklukkan og kaleikur hverfa en finnast aftur. Það eru konurnar í bókinni sem sjá til þess. Markúsar- (16: 9–11),

21 HALLDÓR LAXNESS: 1970, 7.

22 Ibid., 48.

23 Sjá GEARY: 1990, 3–10, 124.

Lúkasar- (24: 10–12) og Jóhannesarguðspjall (20: 11–18) greina frá því að María Magdalena hafi orðið fyrst vitni að upprisu Jesú Krists. Í Markúsarguðspjalli er ennfremur frá því greint að lærisveinarnir hafi ekki trúað henni. Lúkasarguðspjall segir frá tveimur öðrum konum sem voru með Maríu, þær hafi farið og sagt postulunum frá, en þeir talið orð þeirra hégómaþvaður. En trúaðir áheyrendur efuðust ekki um að orð þeirra væru sönn. Í trúarbókmenntum miðalda eru konum oft falin mikilvæg skilaboð.<sup>24</sup> Frá því er greint í *Jóns sögu helga* að Jón biskup hafi vitrast fátækri konu og sagt henni að veðráttu myndi batna ef bein hans verði tekin úr jörðu.<sup>25</sup> Sturlubókar- og Hauksbókartexti *Landnámabókar* segir frá írsku landnámsmanninum Ásólfvi alskik. Frásögnin er dæmigerð saga af beinaupptöku. Í Hauksbókartextanum er sagt frá fjósakonu sem þerraði fætur sína á þúfu á leiði Ásólfis. Hann birtist henni í draumi og ávítaði hana:

»en þá munu vit sátta,« segir hann, »ef þú segir Halldóri draum þinn.« Hon sagði honum, ok kvað hann ekki mark at því, er konur dreymdi, ok gaf ekki gaum at.<sup>26</sup>

Eftir að karlmenn, munkur í Bæ og fyrrnefndur Halldór, hafa líka fengið vísbendingu í draumi eru bein hans tekin upp, lögð í skrín og sett yfir altari. Þar með er draumur fjósakonunnar staðfestur. Persónur *Innansveitar-kroniku*, sem á yfirborðinu virðast trúlausar, eiga margt sammerkt með sakleysi hinna óbóklærðu sem stíga fram í helgibókmenntum miðalda. Postularnir voru til að mynda ólærðir á bók:

Þat var sem lundlagt vars drottins postolum, at elska meirr hugarkraft en letrgiorðir, þviat bokin var su einkanliga biort, er þeir blezaðir baru framm til synis i sinu lífi.<sup>27</sup>

Halldór Laxness gerði sér grein fyrir mikilvægi þýðinga fyrir íslenskar miðaldabókmenntir áður en fræðimenn fóru að sinna þeim fyrir alvöru. Hubert Seelow hefur verið í farabroddi þeirra sem hafa snúið ritum Halldórs á erlendar tungur og þannig gert sitt til þess að stækka lesendahópinn. Með rannsóknum sínum á almúgabókum hefur Hubert vakið athygli á þýddri bókmenntagrein sem ekki hefur fengið nægilega athygli fræðimanna. Undanfarin ár hefur verið talsverður vöxtur í þýðingafraeðum og rannsóknum á þýðingum. Í lok bókar sinnar, *Die isländischen Überset-*

24 Sjá ÁSDÍS EGILSDÓTTIR: 2013, 28.

25 Sjá *Biskupa sögur* I: 2003, 268–269.

26 *Landnámabók*: 1968, 63, 65.

27 *Postola sögur*: 1874, : 481.

*zungen der deutschen Volksbücher*, lætur Hubert í ljós þá ósk að rannsókn hans megi verða til þess að aðrir fræðimenn fylgi í kjölfarið og haldi áfram að rannsaka þessar lítt þekktu bókmenntir, og bendir á nauðsyn þess að þýðingarnar verði gefnar út með fræðilegum hætti. Undir þessar óskir er hér með tekið og ungir fræðimenn hvattir til þess að kynna sér þetta grundvallarrit Huberts Seelow og gera það að uppsprettu nýrra og frjórra rannsókna.

### Ritaskrá

- ÁSDÍS EGILSDÓTTIR: »The Hermit and the Milkmaid. The Tale of Ásólfr in Landnámabók and Ólafs saga Tryggvasonar en mesta«. Í: Slupecki, Leszek, og Rudolf Simek (ritstj.): *Conversions. Looking for Ideological Change in the Early Middle Ages*. Wien: Fassbaender, 2013 (= *Studia Mediaevalia Septentrionalia*; 25), 23–32.
- ÁSDÍS EGILSDÓTTIR: »Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi«. Í: Inga Huld Hákonardóttir (ritstj.): *Konur og kristsmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996, 91–116.
- ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON: *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun, Háskólaútgáfan, 1996.
- Biskupa sögur* 1. Útg. af Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1858–1878.
- Biskupa sögur* 1. Útg. af Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2003 (= *Íslensk fornrit*; 15).
- BYNUM, Carolyne Walker: *Jesus as Mother. Studies in the Spirituality of the High Middle Ages*. Berkeley and Los Angeles: University of California Press, 1982.
- GEARY, Patrick J.: *Furta Sacra. Thefts of Relics in the Central Middle Ages*. Princeton: Princeton University Press, 1990.
- GUÐRÚN NORDAL: »Innansveitarkronika«. Í: Ástráður Eysteinnsson (ritstj.): *Heimur skáldsögunnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001, 182–193.
- HALLBERG, Peter: *Vefarinn mikli. Um æskuskáldskap Halldórs Kiljans Laxness* 1–2. Reykjavík: Helgafell, 1957–1960.
- HALLDÓR LAXNESS: *Alþýðubókin*. Reykjavík: Jafnaðarmannafélag Íslands, 1929.
- HALLDÓR LAXNESS: *Alþýðubókin*. 3. útg. Reykjavík: Helgafell, 1949.
- HALLDÓR LAXNESS: *Dagar hjá múnkum*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1987.
- HALLDÓR LAXNESS: *Innansveitarkronika*. Reykjavík: Helgafell, 1970.
- HALLDÓR LAXNESS: *Sjálfstætt fólk*. 3. útg. Reykjavík: Helgafell, 1961.
- HALLDÓR LAXNESS: *Við heygarðshornið*. Reykjavík: Helgafell, 1981.
- HALLDÓR LAXNESS: *Þjóðhátíðarrolla*. Reykjavík: Helgafell, 1974.
- JAKOBSON, Roman: »On Linguistic Aspects of Translation«. Í: Brower, Reuben A. (ritstj.): *On Translation*. Cambridge, Massachusetts: Harvard University Press, 1959, 232–239.
- Landnámabók*. Útg. af Jakob Benediktsson. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968 (= *Íslensk fornrit*; 1).

LÖNNROTH, Lars: »Laxness og íslensk sagnahefð«. Í: Jón Ólafsson (ritstj.): *Ekkert orð er skrípi ef það stendur á réttum stað*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2002, 175–181.

*Postola sögur*. Útg. af C.R. Unger. Christiania: B.M. Bentzen, 1874.

SEELow, Hubert: *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1989.

SEELow, Hubert: *Geschichte vom teuren Brot*. Göttingen: Steidl, 2002.

SEELow, Hubert (þýð.): »Tage im Kloster«. In: *Coitus Koitus* (1998:2), 28–34.

HELGA KRESS  
Harmþrungnasta bókin  
*Fóstbræðrasaga og Gerpla*

I

Það er viðtekin bókmenntasöguleg skoðun að Íslendingasögur séu hetju-  
bókmenntir, bornar uppi af karlmennsku og hetjuhugsjón. Halldór Lax-  
ness sem skrifaði mikið um Íslendingasögur var einnig á þessari skoðun.  
Til að mynda segir hann í »Minnisgreinum um fornsögur« frá 1945 að  
fornsögurnar hafi það að markmiði »að glæsa fortíðina«. <sup>1</sup> Í skáldsögu  
sinni *Gerplu* frá 1952, sem fjallar um þá fóstbræður Þorgeir Hávarsson og  
Þormóð Bessason, notar hann íslenskar fornsögur sem uppistöðu, og þá  
einkum *Fóstbræðrasögu* sem fjallar um þá sömu fóstbræður.

Það er einnig viðtekin bókmenntasöguleg skoðun að *Gerpla* sé paródía  
á *Fóstbræðrasögu*, skopstæling á hetjur hennar og hetjudýrkun. En þetta  
er vandamálum bundið þar sem skopstælingin er þegar til staðar í *Fóst-  
bræðrasögu*, þar sem hún kemur fram í írónísku sjónarhorni, grótesku  
myndmáli, karnivölskum sviðsetningum og alls kyns umsnúningum. <sup>2</sup>  
Ýmsir hafa tekið eftir skoplegum einkennum *Fóstbræðrasögu* en afgreitt  
þau sem seinni tíma viðbætur eða misskilning nútímalesenda.

Þannig segir Peter Hallberg í riti sínu um Halldór Laxness, *Skaldens  
hus*, frá 1956, þar sem hann fjallar um *Gerplu*, að í *Fóstbræðrasögu* megi  
finna »magnaða hetjuhugsjón, setta fram á þann hátt sem nútíma lesanda  
finnst spaugilegur«. <sup>3</sup> Í *Fóstbræðrasögu* er að vísu verið að lýsa hetjum, en  
eingöngu frá sjónarhorni þeirra sjálfra sem sagan og hinn íróníski sögu-  
maður ekki bara skopast að, heldur einnig hlæja að. Þetta á við um fleiri  
Íslendingasögur, gott ef ekki þær allar – sem eru meir eða minna paró-  
dískar. Sú skoðun að Íslendingasögur séu hetjusögur er því einn af þeim  
hlálægu misskilningum menningarsögunnar sem lýst er í bókinni *Kultur-  
geschichte der Mißverständnisse*, <sup>4</sup> sjá einkum kaflann með því sláandi  
nafni »Humor. Ein ewiges Trauerspiel«, um skopstælingar og húmor í

1 HALLDÓR LAXNESS: 1962, 37.

2 Um söguna sem paródíu, sjá HELGA KRESS: 1987.

3 Hér er vitnað til íslenskrar þýðingar ritsins, sbr. HALLBERG: 1971, 165.

4 HEINSCHIED, HENKEL og KRONAUER: 1997.

bókmenntum sem fræðimenn, útgefendur og þýðendur hafa fjallað um, þýtt og gefið út sem tragedíur og/eða hetjusögur.

## II

Í riti sínu *Palimpsestes: La littérature au second degré* frá 1982 skilgreinir franskur bókmenntafræðingurinn Gérard Genette paródíu sem eina tegund af *palimpsest*, þ.e. uppskafningi, texta sem hefur verið skrifaður ofan í fyrri texta og er í senn eftirlíking hans og skopfærsla. Það sem einkum einkennir paródíu, segir hann, er leikurinn, skemmtunin, þar sem undirtextinn kemur í gegn. Besta paródían er sú stutturðasta. Stíllinn verður að vera hnyttinn, á að sviðsetja og sýna meir en segja frá og útskýra. Paródía getur átt við einstaka þætti í skáldverki, en einnig heila bókmenntategund, og þar nefnir Genette »mock-epic« eða »mock-heroic«,<sup>5</sup> sem skopstæli klassískar bókmenntir, eins og t.a.m. *Don Quijote* eftir Cervantes frá fyrri hluta 17. aldar sem skopstæli riddarabókmenntir.

Augljósasta vísbending um að verki sé ætlað að vera paródískt, segir Genette, kemur fram í titlum verkanna, og má heimfæra það á nafnið *Gerpla* á sögu Halldórs sem í senn er myndað af Íslendingasagnaheitum með smækkunarendingunni *-la*, eins og Gretla, Hrafnkatla, Njála, og af orðinu garpur, og merkir því lítil hetjusaga.

*Fóstbræðrasaga*, undirtexti *Gerplu*, er augljós paródía á hetjur og hetjuhugmyndir. En hvað er þá *Gerpla*? Er hægt að paródera paródíu? Um það fyrirbrigði segir Genette ekki neitt.

## III

»Í öllum löndum eru til menn sem hlæja á vitlausum stöðum,« segir Halldór í viðtali við Matthías Johannessen þegar talið berst að því hvort *Gerpla* sé skopstæling eins og sumir hafi haldið fram. »Það getur vel verið að einhverjir hafi hlegið að Gerplu og haldið að þetta væri tómmt grín, en mér var hún það ekki. Mér var alvara og Gerpla er harmþrungnasta bók, sem ég hef skrifað.«<sup>6</sup> Í þessum sömu skeggræðum segir hann þó, en í öðru samhengi, að gagnrýni á hetjuhugtakið hafi alltaf verið sér »mjög hugstæð«,<sup>7</sup> og á meðan hann var að skrifa *Gerplu* hafi hann oft flett upp í

5 GENETTE: 1982, 157. Sjá einkum kafla I, 7–14, og kafla XXV, 164–175, um Cervantes.

6 HALLDÓR LAXNESS og MATTHÍAS JOHANNESSEN: 1972, 45.

7 Ibid., 24.

*Don Quijote*, þótt spænska riddararómantíkin sem »Cervantes var að skopast að« sé »ólík okkar hetjudýrkun«. <sup>8</sup>

Þannig hefur Peter Hallberg að vissu leyti rétt fyrir sér þegar hann segir að *Gerpla* sé ádeila á hetjuhugsjónina, og líka þegar hann segir að með sögunni snúi Halldór Laxness við »hefðbundnum og alþýðlegum hugmyndum manna um persónur fornsagnanna«, <sup>9</sup> en rangt fyrir sér þegar hann segir að í *Fóstbræðrasögu* hafi orð eins og *garpur*, *hugprúður* og *hugprýði* eindregið »jákvæða merkingu«, <sup>10</sup> sem Halldór hafi svo í sinni bók ljáð skophreim. Þá er það rétt hjá Hallberg (og fleirum sem um þetta hafa fjallað) að Þorgeir Hávarsson í *Fóstbræðrasögu* aðhyllist »ósveigjanlega hetjuhugsjón«, <sup>11</sup> en það er ekki þar með sagt að sagan geri það líka. Hún sýnir hugmyndir Þorgeirs, og þeirra fóstbræðra beggja, um sjálfa sig, en samþykkir þær ekki, heldur afbyggir með skopi. Þeir fóstbræður eru gróteskt, hlægilegt par, á borð við Litla og Stóra, Don Quijote og Sancho Pancho, annar vígamaður og kvenhatari, hinn laturlatur kvennabósi og skáld. »Skophreimurinn« sem Hallberg finnur í *Gerplu* er sem sagt í frumtextanum *Fóstbræðrasögu* og reyndar í mun ríkari mæli þar en í *Gerplu*.

#### IV

Með *Gerplu* segist Halldór í nefndu viðtali hafa viljað semja »fornlegt listaverk handa nútímafólki«, <sup>12</sup> og því leiðst út í að skrifa *Gerplu* á forn máli móti vilja sínum. Hann segir:

Ég hélt það væri auðveldara en er í raun og veru að skrifa skáldsögu frá 11. öld. Hélt meira að segja að það væri hægt að skrifa söguna á því máli sem við tölum í dag. En svo sá ég að það var blátt áfram hlægilegt að ætla að segja á nútímamáli sögu sem gerist á söguviði sígildra fornra bókmennta. Hugsaðu þér, þó ekki væri nema Þorgeir Hávarsson segði: Góðan daginn, eða komdu sæll og blessaður! Fyrir bragðið fóru 4 ár af lífi mínu í að læra þetta mál. Ég dauðsé auðvitað eftir því að hafa ekki farið að læra kínversku í staðinn! <sup>13</sup>

<sup>8</sup> Ibid., 25.

<sup>9</sup> HALLBERG: 1971, 167.

<sup>10</sup> Ibid., 170.

<sup>11</sup> Ibid., 169. Sbr. einnig formálann að útgáfu Íslenskra fornrita á sögunni, kaflann »Um söguna og persónurnar«, *Fóstbræðra saga*: 1943, lii–liiii.

<sup>12</sup> HALLDÓR LAXNESS og MATTHÍAS JOHANNESSEN: 1972, 24.

<sup>13</sup> Ibid., 22.



Hvað varðar málfarið á sögunni segist hann hafa farið eftir þeirri reglu að nota yfirleitt aldrei orð sem hægt væri »að sanna að hafi ekki verið til í málinu á II. öld«. <sup>14</sup>

## V

Orðalag Halldórs þegar hann segist ekki hafa notað orð sem væri hægt að sanna að hefðu ekki verið til í málinu á II. öld er vægast sagt írónískt því að þetta merkir vitaskuld ekki það sama og að orðin hafi verið til. Þessa formúleringu hefur hann frá vini sínum Jóni Helgasyni, prófessor og handritafræðingi við Árnasafn í Kaupmannahöfn, sem segir í bréfi til hans frá 21. október 1952, eftir að hafa farið yfir prófarkir sem Halldór hafði sent honum til yfirlstrar og athugasemda:

Þú sérð að athugasemdirnar eru að vanda ærið misjafnar; á sumum stöðum held ég til bóta, á öðrum getur orkað tvímælis. Mér dettur ekki í hug að ætlast til að þú notir þau orð ein sem staðfest verða af fornum bókum, heldur líka þau orð sem enginn getur sannað að ekki séu forn; ég hef ekki borið við að strika í önnur orð en þau sem voru grunsamlega nýleg í mínum eyrum. Orðmyndir hef ég stundum fyrnt framur en þú hefur gert, og er slíkt aðeins til ihugunar; orðmyndir mega helzt ekki vera afkáralegar nema þá á stöku stað, og þess verður að gæta að þær láti ekki kjánalega í eyrum ef lesið verður.

Prófarkirnar með athugasemdum og leiðréttingum Jóns Helgasonar eru mjög athyglisverðar, varðveittar með handritum *Gerplu* á handritadeild Landsbókasafns Íslands, ásamt bréfum hans til Halldórs. <sup>15</sup> Af athugasemdunum sést m.a. að Halldóri hefur ekki tekist á þessum fjórum árum að læra forníslensku almennilega, hann áttar sig t.a.m. ekki á tvítölu, skrifar jafnan *vér* og *þér* í stað *við* og *þið* þegar um tvo er að ræða, og þetta leiðréttir Jón af mikilli þolinmæði og æðruleysi, einnig fornar beygingar á eignarfornöfnum, eins og t.a.m. *ykkart*, *ykkrum*, *ykkars*, sem gerir textann vægast sagt framandi og erfiðan aflestrar. Einnig leiðréttir hann *dyrum* í *durum*, *komu* í *kómu*, *voru* í *vóru* og hvað eftir annað þátíðir sagna eins og *hángdi* í staðinn fyrir *hékk*. Þá breytir hann *aldrigi* í *aldregi* með þeirri athugasemd að aldri myndi vera lesið *aldri-i* sem færi ekki vel.

<sup>14</sup> Ibid., 23.

<sup>15</sup> Í bréfi til Halldórs, dagsettu 10. nóvember 1948, segist Jón hafa sent honum *Fóstbræðrasögu* í útgáfu Björns Karels Þórólfssonar og bætir við: »Nú verðurðu að vara þig að fara ekki svo nærri sögunni neinstaðar að þú verðir sakaður um stuld!«

## VI

Með örfáum undantekningum fer Halldór eftir tillögum Jóns og er þessi mikla málfyrning sérkennileg í ljósi þá nýafstaðinna deilna um útgáfu Halldórs á Íslendingasögum með nútímastafsetningu, en með þeim vildi hann færa sönnur á að mál þeirra væri »íslenzka jafnauðlesin hverjum Íslendingi, ungum og gömlum, eins og bókin væri skrifuð í dag« eins og hann segir í formála útgáfu sinnar á *Laxdælu* 1941.<sup>16</sup> Þessu er öfugt farið í *Gerplu* þar sem Halldór virðist beinlínis sækjast eftir sem fornlegustum orð- og beygingarmyndum. Í útgáfum sínum á Íslendingasögum skrifar hann t.a.m. *ég er*, en í *Gerplu eg em*. Þar skrifar hann einnig *eg hugða, er eg nefnda, gerumst eg, megu aðrir menn, í okkrum málum, fyrir durum, um síðkveldum, of nótt, án afláti, mikill birti, ritin frásaga, múklífi, gluggur, að hjúka, kykvendi, foglar, í sæingu*, svo að eitthvað sé nefnt, og lætur forsetningar yfirleitt stjórna öðru falli en í nútímamáli. Ef honum hefur orðið á að vera ekki nógu fornlegur í málfræðinni leiðréttir Jón í próförkinni. Eins leggur hann til orð eins og *eyvit* í stað *ekkert, ætskuð* í stað *ættuð, hugaðlátlega* í stað *þakksamlega*, sem eru gjörsamlega óskiljanleg nútímalesendum. Þessu hefur Halldór gert sér grein fyrir, því að í skemmtilegum upplestri sínum á *Gerplu* sem ríkisútlit tók upp árið 1956 skýtur hann inn útskýringum á erfiðustu orðunum í öðrum tón eins og hann sé að leika neðanmálsgrein í útgáfu Íslenskra fornrita.<sup>17</sup> Þegar hann er t.a.m. búinn að lesa um menn að falsa steðja, kemur á eftir: »það er að segja myntfalsarar«, og eftir að Þorgeir hefur »báknað til Þormóðar« kemur skýringin, »það er að segja gaf honum bendingu um að halda áfram«.

## VII

Ólíkt stíl *Fóstbræðrasögu*, og annarra Íslendingasagna, er stíll *Gerplu* mjög orðmargur, andstætt hinni bestu paródíu sem á að vera stuttur, og í samtölum setja persónur gjarnan á langar ræður, í upphöfnu máli. Meira að segja Þorgeir sem í *Fóstbræðrasögu* segir mest lítið eins og görpum sæmir er allt að því málóða í *Gerplu*, ekki síst um kvenfólk sem það er

<sup>16</sup> *Laxdæla saga*: 1941, 7.

<sup>17</sup> Lestrinum hefur tvisvar verið útvarpað, fyrst sem »útvarpssagan« frá 11. nóvember 1956 til 24. febrúar 1957 og síðan frá 12. nóvember 1996 til 7. mars 1997 undir dagskrárliðnum »Lesið fyrir þjóðina«.

fyrir neðan virðingu hans að eyða orði að í *Fóstbræðrasögu*. Hann er líka látinn vera vel að sér í fornum sögum sem hann vitnar óspart í. Vegna þessa er miklu meiri írónía í *Fóstbræðrasögu* en *Gerplu* sem hneigist til að útskýra það sem í *Fóstbræðrasögu* liggur á milli línanna, að segja frá í staðinn fyrir að sýna, og fletja þar með út stílinn. Um Þorgeir segir t.a.m. stutt og laggott í *Fóstbræðrasögu*: »Sjaldan hló hann.«<sup>18</sup> Í *Gerplu* verður samsvarandi lýsing að brosi og útskýringu, auk þess að koma fyrir í auka-setningu: »en brosti því aðeins að honum væri víg í hug ellegar nokkurt annað stórvirki.«<sup>19</sup>

Þessi munur á stíl kemur vel fram í frásögninni af hvanntekju þeirra fóstbræðra á Hornbjargi. Í *Fóstbræðrasögu* er Þorgeir látinn svara með einni hnitmiðaðri og óræðri setningu þegar Þormóður kallar til hans þar sem hann hangir í bjarginu og spyr hvort hann hafi enn ekki nógar hvannir. »Ek ætla, segir hann, at ek hafa þá nógar, at þessi er uppi, er ek held um.«<sup>20</sup> Í *Gerplu* verður þetta að samtali og eru tilsvör Þorgeirs þrjú:

Þorgeir svarar um síðir að neðan: Láttu af að styggja fogla með ópum þínum.

Þormóður spyr hvað dvelji hann.

Þorgeir svarar og segir: Litlu máli skiftir hvað mig dvelur.

Þormóður spyr hvort hann hafi eigi tekið nógar hvannir.

Þá svarar Þorgeir Hávarsson þeim orðum er leingi síðan voru í minnum höfð um Vestfjörðu:

Eg ætla að eg hafi þá nógar, að þessi er uppi er eg held um.<sup>21</sup>

Öll er þessi frásögn rúmlega þrisvar sinnum lengri í *Gerplu* en í *Fóstbræðrasögu*, um leið og myndmálið er ýktara. Í *Fóstbræðrasögu* heldur Þorgeir um »hvannnjóla«<sup>22</sup> sem aðeins einu sinni er nefndur. Í *Gerplu* er hann hins vegar orðinn þrigildur, fyrst að »graðhvönn«<sup>23</sup> og síðan tvisvar að »graðhvannarnjóla«.<sup>24</sup> Auk þess bætir hann við forskeytinu *grað-* til áherslu.

Svipaða aðferð *Gerplu* má sjá í frásögninni af drápi Torfa bögguls. Í *Fóstbræðrasögu* er Þorgeir einn á ferð eftir árbökkum, og er honum »skap-

18 *Fóstbræðra saga*: 1943, 128.

19 HALLDÓR LAXNESS: 1952, 113.

20 *Fóstbræðra saga*: 1943, 190.

21 HALLDÓR LAXNESS: 1952, 157.

22 *Fóstbræðra saga*: 1943, 189.

23 HALLDÓR LAXNESS: 1952, 155.

24 *Ibid.*, 156.

þungt«<sup>25</sup> eftir aðskilnaðinn við Þormóð. Sér hann þá til manns með hrísbyrði á bakinu hinum megin árinna. Hann kallar til mannsins sem heyrir ekki, »því at veðrinu laust í byrðina«. <sup>26</sup> Þessu reiðist Þorgeir. »Hann ríðr þá yfir ána at Torfa ok leggr spjóti í gegnum hann. Torfi var þegar dauðr«. <sup>27</sup> Í *Fóstbræðrasögu* er Torfi húskarl, einn af mörgum í sögunni, með hinu íróníska viðurnefni »böggull«, dregið af byrðinni á bakinu. Í *Gerplu* er hann hins vegar ónefndur bóndi og heimilisfaðir. Eins og í *Fóstbræðrasögu* heyrir hann ekki köllin í Þorgeiri, en það er ekki vegna hrísbyrðarinnar, heldur vinds og árniðar. Frásögnin af þessum atburði er einnig þrisvar sinnum lengri í *Gerplu* en *Fóstbræðrasögu*. Frá drápinu er sagt í einni setningu í *Fóstbræðrasögu*, Þorgeir stingur spjótinu í gegnum manninn, eins og í framhjálaupi, og ríður samstundis sína leið. Frá þessu er sagt eins og það sé hversdagslegur atburður, og ástæða frásagnarinnar sé útskýring á örnefni: »Þar var síðan kallaðr Böggullækr«. <sup>28</sup> Í *Gerplu* er atburðurinn látinn gerast fyrir aðskilnað þeirra fóstbræðra, ástæðan fyrir þungu skapi Þorgeirs ekki fyrir hendi, og eru þeir þarna saman á ferð. Heldur reynir Þormóður að letja Þorgeir sem með tilvísun í »ofurmenni« fornsagnanna lætur sér ekki segjast:

Síðan beitti hann hesti sínum úti ána og reið yfrum að manninum og lagði spjóti fyrir brjóst honum, og féll maðurinn undir byrði sinni og var sár, tók hendi fyrir brjóst sér og stundi við. Þorgeir hljóp af baki hesti sínum og tók að höggva höfuð af manninum, og vanst furðu seinlega því að vopnið var deigt þótt hugur kappans væri góður; þó varð laust höfuðið frá bolnum um síðir, og lá maðurinn þar í tvennu lagi á grundinni hjá hrísbagga sínum og var dauður. <sup>29</sup>

Þetta er að vísu bæði gróteskt og óhugnanlegt, en með útskýringum sögumanns, og án allrar íróníu, þess misræmis efnis og forms sem einkennir stíl *Fóstbræðrasögu*. Hér er frásögnin auk þess römmuð inn af sveitasælu sem gerir atburðinn tragískan: »Þar stóð bær lítill eigi allfjarri á hólí, og kona í túninu með hrífu en börn hjá læk.« <sup>30</sup>

25 *Fóstbræðra saga*: 1943, 153.

26 *Ibid.*, 152.

27 *Ibid.*, 153.

28 *Ibid.*

29 HALLDÓR LAXNESS: 1952, 166–167.

30 *Ibid.*, 167.

## VIII

Þessi færsla frá íróni og húmor *Fóstbræðrasögu* til útskýringa og fágunar í *Gerplu* kemur á táknrænan hátt fram í frásögninni af haus Þorgeirs. Í *Fóstbræðrasögu* er dráp hans sviðsett á karnivalskan hátt með hetju- legum bardaga á nyrsta odda landsins. Í *Gerplu* er hins vegar frá drápinu sagt löngu eftir að það átti sér stað með tilvísun til fræðimanna og fornra bóka, sem að vísu beri margt í milli en séu þó sammála um »að Þorgeir Hávarsson var í svefni höggvinn, en féll eigi í orustu«. <sup>31</sup> Er síðan sagt frá lítillmannlegu drápinu og eftirmálum þess í endursögn þeirra fræðilegu heimilda sem sögumanni tókst að afla sér. Í *Fóstbræðrasögu* höggva banamenn Þorgeirs af honum höfuðið og hafa burt með sér. Lýsingin er mjög líkamleg og grótesk því að þeir skera líka úr honum hjartað til að skoða það. Síðan segir:

Þat var skemmtan þeira á áföngum, at þeir tóku höfuð Þorgeirs ór belgnum ok settu þar á þúfur upp ok hlógu at. En er þeir kómu í Eyjafjörð, þá áðu þeir þar skammt frá Naustum. Þeir tóku þá höfuð Þorgeirs ok settu þat upp á þúfu eina, sem þeir váru vanir. Þeim sýndisk þá höfuðit ógurligt, augun opin ok muðrinn, en úti tungan ok blaðraði. <sup>32</sup>

Þessi stórkarlalega skemmtun hverfist í andstæðu sína, því að við þessa »sýn« verða þeir svo hræddir að þeir grafa þarna »með öxum sínum hjá höfðinu ok hrundu þar í ofan höfðinu ok grófu á ofan torf«. <sup>33</sup> Samkvæmt heimildum sögumanns í *Gerplu* kaupa tveir umrenningar höfuð Þorgeirs af matsveinum, sem þegar höfðu soðið hjarta hans sér til matar. Síðan fara þeir með það í Ögur til Þormóðar þar sem hann býr við mikla sveitasælu og festa þar höfuðið á stöng:

Þetta höfuð var allmikið vexti og þrútið og eigi allfrítt, og einna áþekkast út- hverfu selshöfði, varir burtétnar og svo nef framanvert og hlógu mjög skoltarnir, en túngan togud útímeðal tannanna, augu sprúngin og sokkin en hár mjög saurgað með gamalli blóðstorku; höfðu fæstir menn áður augum litið svo trölslegt höfuð. <sup>34</sup>

Hér er höfuðið komið á stöng, upphafið, í stað þess að vera sett á þúfur og síðan grafið í jörð. Þormóður sem aldrei leit höfuð fóstbróður síns í *Fóstbræðrasögu* lyftir höfðinu af stönginni og kyssir það, vefur það síðan

<sup>31</sup> Ibid., 322.

<sup>32</sup> *Fóstbræðra saga*: 1943, 212.

<sup>33</sup> Ibid.

<sup>34</sup> HALLDÓR LAXNESS: 1952, 316–317.

í guðvefjardúk, fer með það til skemmu sinnar og mælir við það. Á nóttinni gengur hann »til skemmu sinnar að salta hetjuna í framan«. <sup>35</sup> Að því verki loknu lætur hann sig, skáldið, hverfa úr sveitasælunni frá konu og tveimur dætrum, en í skemmumni »gaf [...] að líta hausnúpu Þorgeirs Hávarssonar upphafða á stalla, fáða af mikilli list; var það hinn besti gripur«. <sup>36</sup> Hausnúpan fylgir síðan húsum í Ögri, mönnum til skemmtunar, þar til hún brennur þar með bæjarhúsum þremur mannsöldrum síðar. Þessi gróteski haus var orðinn listasmíð, eins og líka *Gerplu* var ætlað að vera, fágúð af meintri hetjudýrkun fyrirmyndarinnar. Hliðstæðuna með haus og bók má einnig sjá í því að hausinn brennur eins og svo margar bækur í verkum Halldórs.

## IX

Eitt mest áberandi einkennið á frásagnarhætti *Gerplu* er sögumaðurinn. Hann er mjög ágengur, og eftir því margorður, og er sífellt að minna á sig sem ritara bæði munnlegra sagna og ritaðra heimilda, sem hann hefur safnað af óbilandi fræðilegum áhuga og sannleiksást, í sífelldum vandræðum með efni sitt. Hér er sannarlega um skopstælingu á sögumanni/ritara/höfundu að ræða sem ekki er að finna í fyrirmyndinni, *Fóstbræðrasögu*. Eins og fleiri verk Halldórs er *Gerpla* metatexti, þ.e. saga um að skrifa sögu. Skopstæling sögunnar beinist ekki að hetjunum sem eru skopfærðar fyrir, heldur að sögumanninum, hinum sjálfhverfa ritara, sem í stað paródíu skrifaði harmþrungna bók, og hún er harmþrungin því að við ritun hennar komst hann að því að skopfærsla hetjanna var þegar til staðar í fyrirmyndinni svo að ekki var lengra komist, og hetjusagan um hina glæstu fortíð sem þjóðin hafði um aldir lifað á hafði alltaf verið missskilningur og því blekkingin ein.

---

<sup>35</sup> Ibid., 327.

<sup>36</sup> Ibid., 338.

## Ritaskrá

- Fóstbræðra saga*. Útg. af Björn K. Þórolfsson og Guðni Jónsson. Í: *Vestfirðinga sögur*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1943 (= Íslensk fornrit; 6), 117–276.
- GENETTE, Gérard: *Palimpsestes. La littérature au second degré*. Paris: Seuil, 1982.
- HALLBERG, Peter: *Hús skáldsins. Um skáldverk Halldórs Laxness frá Sölku Völku til Gerplu*. Þýð. Helgi J. Halldórsson. Reykjavík: Mál og menning, 1971.
- HALLDÓR LAXNESS: *Gerpla*. Reykjavík: Helgafell, 1952.
- HALLDÓR LAXNESS: »Minnisgreinar um fornsögur«. Í: Halldór Laxness: *Sjálfsgæðir hlutir*. 2. útg. Reykjavík: Helgafell, 1962, 9–58.
- HALLDÓR LAXNESS og MATTHÍAS JOHANNESSEN: *Skeggræður gegnum tíðina*. Reykjavík: Helgafell, 1972.
- HEINSCHIED, Eckhard, Gerhard HENSCHEL og Brigitte KRONAUER: *Kulturgeschichte der Mißverständnisse*. Leipzig: Reclam, 1997.
- HELGA KRESS: »Bróklindi Falgeirs. Fóstbræðrasaga og hláturmenning miðalda«. Í: *Skírnir* (1987), 271–286.
- Laxdæla saga*. Útg. af Halldór Laxness með lögskipaðri stafsetningu íslenska ríkisins. Reykjavík: Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson, 1941.
- Skjala- og handritasafn Halldórs Laxness*. Lbs 200 NF.

VÉSTEINN ÓLASON  
Den ›Kulturbringern‹

Fyrir röskum sex áratugum settist ég á skólabeck í Menntaskólanum á Laugarvatni, einn af svo sem tveimur tugum fávísra en forvitinna unglinga úr ýmsum landshornum. Nýneminn kynntist þar fleiru en jafnöldrum sínum. Nýjar viðmiðanir og nýjar námsgreinar voru í boði. Ein þeirra var þýska. Þýsk tunga, þýsk menning og þýskar bókmenntir hafa síðan verið mér kær.

Þýskukennarinn okkar öll fjögur árin á Laugarvatni var Þórður Kristleifsson (1893–1997), þekktur maður á þeim árum fyrir söngstjórn og útgáfu sönglaga með textum, sumu hafði hann sjálfur þýtt. Meðal útgefina þýðinga Þórðar er *Vetrarferðin, ljóðaflokkur (Wilhelm Müller), íslenskaður til söngs við samnefndan lagaflokk Schuberts*, 1956. *Ljóð og lög* Þórðar, sjö hefti sem komu út á árunum 1939–1949, lágu á orgeli föður míns, hljóðfæri sem ég lærði hjá Þórði að ætti vart skilið svo virðulegt heiti heldur héti harmoníum. Þórður var strangur, góður og mjög eftirminnilegur kennari. Hann hafði að vísu ekki stúdentspróf en var vel að sér í íslenskum og þýskum fræðum. Þórður hafði stundað tónlistarnám, einkum söng, í Dresden og Berlín á dögum Weimar-lýðveldisins, 1921–1925 og 1927, en árin 1925–1927 í Milano. Hann var á mínum námsárum á sjötugsaldri, en einbeittur og þróttmikill kennari, bæði í söng og þýsku, flutti mál sitt af tilfinningu, hvort sem um hvatningu eða aðfinnslur var að ræða. Honum fannst við engan tíma mega missa, og mátti vel skynja að honum mislíkaði þegar skólameistari kallaði nemendur fyrirvaralaust á húsþing til að flytja okkur boðskap sinn. Það gat truflað áætlanir Þórðar, jafnvel skyndipróf.

Þórður lagði mikla áherslu á að við lærðum málfræðina vel í byrjun: beygingardæmi, kyn orða og undantekningar frá meginreglum. Hann hvatti okkur til að nota beygingar einstakra orða sem *ráðhústurna* til að rata eftir um refilstigu beygingafræðinnar. Hann þurfti þó að útskýra þetta myndmál, því að fæstir nemendur höfðu séð ráðhústurn eða komið í stærri ›borg‹ en Reykjavík. Þótti mörgum hart fram gengið að láta engan komast undan málfræðinni. Ekki lagði Þórður minni áherslu á framburð, sem vitaskuld var söngvaranum hugleikinn. Stranglega var bannað að bera *schau* fram eins og *sjá*, og við urðum að læra að nota raddað ›s‹ eftir kúnstarinnar reglum. Ekki var laust við að hinn blásni *sch*-framburður



yrði nokkuð ýktur hjá nemendum Þórðar. Sveinn Pálsson, sem kenndi okkur latínu og fleira og var menntaðri málvísindamaður en Þórður – hann hafði stundað nám í samanburðarmálfræði í Sviss og Austurríki, sagði við nemanda: »Það er gott að Þórður skuli hafa kennt ykkur að bera fram *sch*, en það er óþarfi að taka það með tilhlaupi.«

Kennslubókin í þýsku var samin af Jóni Ófeigssyni, þeim sama sem sá um hljóðritun í orðabók Blöndals. Þar voru m.a. stuttar gamansamar sögur sem við áttum helst að læra utanbókar. Mig minnir að ein þeirra hafi byrjað svona: »Ein Engländer ging in ein Wirtshaus hinein, um zu Mittag zu essen.« Sumt var talið fornlegt í máli bókarinnar, og veit ég ekki hvort það hefði talist vænleg *pick-up line* á þeim árum ef stúlku hefði verið boðið upp í dans með þessum orðum: »Gnädiges Fräulein, dürfte ich um einen Tanz bitten.«

Í þýskukennslu þessara ára var allmikil áhersla lögð á svo kallaðar endursagnir: nemendur áttu að læra ákveðna texta utanbókar. Þetta þótti mörgum fornfáleg kennslufræði, og líklega er hún löngu af lögð, en ég er ævinlega þakklátur fyrir að hafa verið látinn læra kvæði þýskra skáldsnillinga, mörg við lög tónskálda eins og Schuberts: *Du bist wie eine Blume / so hold und schön und rein ...; Ich weiß nicht, was soll es bedeuten, / dass ich so traurig bin ...; Leise flehen meine Lieder / durch die Nacht zu dir ...; In einem kühlen Grunde / da geht ein Mühlrad ...; Wer reitet so spät durch Nacht und Wind? / Es ist der Vater mit seinem Kind ...; Am Brunnen vor dem Tore / da steht ein Lindenbaum ...; o.s.fr.*

Síðasta kvæðið hafði Þórður sjálfur þýtt á íslensku. Hann hafði að vísu fært brunnin á bak við hliðið til að línán stæði í hljóðstaf, en það er lítil breyting, og raunar hlýtur það að fara eftir því úr hvaða átt maður kemur að hliðinu hvort brunnurinn er fyrir framan það eða aftan.

Þórður kenndi okkur líka söng og stjórnaði kór nemenda. Þar kom þýsk menning sannarlega líka við sögu. Þórður sagði okkur að sönglög þar sem breytt væri til við hverja vísu, eins og einatt hjá Schubert, hétu »durchkomponiert«, og sagði það af tilfinningu. Nokkra raun hafði Þórður stundum af söng nemenda, enda piltar oft ólagvissir; stundum sungu menn viljandi falskt í von um að verða reknir úr kórnum og sleppa við söngtímana. Sú von gat ræst, því að hjá Þórði komst enginn upp með kæruleysi í söng frekar en þýskri málfræði. En þegar vel tókst til ljómaði kennarinn af einlægri gleði.

Við fengum að kynnast ótrúlega miklu af úrvalsbókmenntum í þessu þýskunámi á Laugarvatni, en námsefnið hefur sjálfsagt verið nokkurn

veginn það sama í hinum skólunum þremur sem útskrifuðu stúdenta á þeim árum. Við lásum *Þýzka leskafla*, sem Ingvar Brynjólfsson, kennari við Menntaskólann í Reykjavík, hafði tekið saman. Margir kunnu utan að langar þulur úr ástríðufullri smásögu eftir löngu gleymt nóbelskald, Paul Heyse, að minnsta kosti upphafið. Sagan heitir *L'Arrabiata* og hefst svona, ef ég man rétt: »Die Sonne war noch nicht aufgegangen. Über dem Vesuv lagerte eine breite graue Nebelschicht. Das Meer lag still.« Þessi orð komu upp í hugann þegar ég kom á sögulóðirnar fjórum áratugum seinna.

Mjög vinsæl var nívella eftir Stefan Zweig, *Der Amokläufer*. Hana lásam við í nær ferkantaðri kilju – mín hafði gengið milli manna og var snjád, sundurlaus og nokkuð ›typeruð‹ eins og sagt var, þýðingar einstakra orða krotaðar milli lína eða á spássíu. Báðar þessar sögur opnuðu glugga að heimum sem voru okkur framandi, raunar ekki þýskir, og stíll höfundanna var tilfinningaríkari og litauðugri en við áttum að venjast. Stefan Zweig naut vinsælda Íslendinga á þessum árum. Saga hans *Manntafl* kom út í íslenskri þýðingu og vakti athygli vegna viðfangsefnisins, sem margir glímdu við, en líka vegna þess orðróms að fyrirmynd aðalpersónunnar hefði verið Íslendingur. Á þessum árum birtist íslensk þýðing á *Die Welt von Gestern, Veröld sem var*, og hreif marga. Fyrir fáum árum rifjaði ég hana upp vegna ferðalags um æskustöðvar Zweigs. Það er ekki lítil menningarsaga sem þar er framreidd af snilld.

Af öðrum sögum sem við lásam er mér afar minnisstæð nívella eftir Thomas Mann, *Der kleine Herr Friedemann*, með sérstæðri og ógleymanlegri lýsingu á skapgerð og örlögum aðalpersónunnar. Seinna átti maður eftir að kynnst mörgum öðrum snilldarverkum Manns, nívellum og löngum skáldsögum. Þá var ekki ónýtt að fá á æskuárum að lesa hina sorglegu ástarsögu *Romeo und Julia auf dem Dorfe* eftir Gottfried Keller. Hún hitti nú heldur betur í mark hjá fátækum og ástsjúkum unglingum.

Það sem hér hefur verið talið situr fast í minninu, en vitaskuld voru fleiri sígildir og góðir textar lesnir, ekki síst ljóð. Þýskunámið í menntaskólanum var mér ómetanlegt veganesti í því lífi sem við tók, þótt ekki hafi ég stundað formlegt nám í þýsku eða þýskum fræðum síðan því lauk. Það var vitaskuld nauðsynlegt fyrir stúdent í íslenskum fræðum að geta lesið þýsku vandræðalaust, og þá fékk maður að kynnst einum snilldarrit höfundu enn: Andreas Heusler. Sá sem ætlar að fást við íslensk fræði og ekki getur lesið þýsku er sem blindur eða sjóndapur maður í smalamennsku, jafnvel þótt hann hafi engilsaxneskan sjónauka í höndum.

Þýskukunnáttan opnaði sannarlega glugga að fjölþættri menningu. Strax á menntaskólaárum eignaðist ég sagnasafn Franz Kafka, og rembdist ári eða tveimur eftir stúdentspróf við að þýða eina söguna: *Das Urteil*. Sú þýðing liggur líklega enn í einhverjum pappakassa og bíður bálsins, en ég hafði gott af viðleitninni. Færi ég að nefna þýskuskrifandi höfunda, sem síðar hafa orðið mér kærir, yrði sá listi langur, en ofarlega yrðu þar á blaði svo ólíkir textar sem kvæði Rilkes og sögur Günter Grass. Fjórum áratugum eftir stúdentsprófið dvöldumst við Unnur fáeina mánuði í Freiburg í Rínardal. Þar las ég mér til dægurstyttingar og menntunar *Dichtung und Wahrheit*, sem ég hélt fram að því að væri einhvers konar ævisaga en áttaði mig þá á að voru yndislegar endurminningar frá æskuárum Goethes á nálægum slóðum. Löngu áður hafði ég lesið *Die Leiden des jungen Werther* og meira að segja dottið í hug að reyna að þýða verkið, en ekkert varð af, og það hefur síðan komið út í íslenskri þýðingu, eins og reyndar sögur Kafka.

Þessi minningabrot eru ekki annað en upprifjun þess sem margur á mínum aldri gæti borið vitni um, en það er líka réttlætning þeirra. Tungumálanámið í íslenskum menntaskólum langt fram eftir tuttugustu öld var undirstaða að hvoru tveggja, góðu aðgengi íslenskra stúdenta að erlendum háskólum og hæfni þjóðfélagsins til að veita viðtöku frjóvgandi menningarstraumum úr ýmsum áttum. Það þýddi ekki að reyna að telja þeim sem höfðu lesið Mann og Zweig eða kvæði Goethes og Heines trú um að nasisminn hefði verið eðlilegt afsprengi þýskrar menningar. Erlendir kunningsgjafar mínir verða oft hissa þegar ég segi þeim að sem unglings hafi ég þurft að læra dönsku, ensku, þýsku, latínu og frönsku; viðurkenni þó jafnan að frönskunámið hafi því miður verið of lítið til að það kæmi að verulegu gagni. Tíminn sem varið var til tungumálanámsins var sannarlega góð menningarleg »fjárfesting«, svo að talað sé mál sem nútíminn skilur.

Þýskaland er nú forysturíki í Evrópu, og Berlín er aftur orðin miðstöð skapandi evrópskrar menningar. Ungir Íslendingar, sem þangað sækja eða til annarra svæða þar sem þýska er ríkjandi tunga, leggja sig vonandi alla fram um að læra þýsku, en því miður held ég að of fá íslensk ungmenni hér heima geri sér grein fyrir hve mikinn auð er að sækja með þýskunámi í framhalds- og háskólum.

Íslensk menning á þýskri menningu og Þjóðverjum margt gott að gjalda. Áhrif hafa verið stöðug allt frá því að Jón Þorláksson glímdi við Klopstock og Fjölismenn voru að þýða Heine og aðra rómantíska snillinga. Á tuttugustu öld hafa mörg skáld og snilldarþýðendur snarað ýms-

um hátindum þýskra bókmennta. Ég nefni aðeins Helga Hálfðanarson, Kristján Árnason og þá feðgana Ástráð og Eystein. Hitt er ekki minna virði hve þýskir fræðimenn hafa verið áhugasamir og afkastamiklir á sviði íslenskra og norrænna fræða, allt frá dögum Herders og Grimm-bræðra. Ef telja ætti merka þýska fræðimenn á því sviði allt frá aldamótunum 1800 til dagsins í dag yrði listinn harla langur. Meðal þeirra sem gert hafa bæði hin fornu norrænu fræði og íslenskar nútímabókmenntir og miðlun þeirra til Þjóðverja að ævistarfi er viðtakandi þessa rits. Ísland á honum og mörgum öðrum af þýsku málsvæði skuld að gjalda sem aldrei verður þökkud eða launuð sem vert væri.

Þórður Kristleifsson hafði miklar mætur á verkum Austurríkismannsins J. C. Poestion, sem á sínum tíma var mikilvirkur þýðandi og kynnir íslenskra og skandinavískra bókmennta og menningar. Gekk hrifning hans svo langt að hann bauð okkur að læra einhver kvæði eftir íslensk skáld í þýðingu Poestions. Minnst ég sérstaklega erfiðrar glímu við kvæðið *Hret* eftir Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson, en man þó hvorki hið þýska heiti né nokkurt orð úr þýðingunni. Við tókum þessu ekki mjög vel, fannst óþarfi að vera að læra slíkt þegar völ var á úrvalsskáldskap þeirra sem höfðu þýsku að móðurmáli. Þórður sagði okkur frá riti Poestions um skáldið og þýðandann Steingrím Thorsteinsson: *Steingrímur Thorsteinsson: ein isländischer Dichter und Kulturbringer*. Það var orðið ›Kulturbringer‹ sem honum fannst athyglisvert og vildi að við skildum. Áreiðanlega ætlaðist Þórður ekki til að við tengdum þetta orð við hann sjálfan, en með aldrinum hefur mér orðið æ ljósara að Þórður var, eins og fleiri góðir kennarar, ekki síst tungumála- og móðurmálskennarar, sannkallaður ›Kulturbringer‹ og átti drjúgan þátt í því að við kvöddum skólann menntaðri og með víðari sjóndeildarhring en áður eftir að hafa varið fjórum vetrum við fjallshlíð í dreifbýlli sunnlenskri sveit.



SEBASTIAN KÜRSCHNER

Von *Helga* und *Björn* zu *Sara* und *Aron*:  
Der neueste Wandel isländischer Rufnamen  
im Vergleich mit dem Deutschen

I. Einleitung

Der vorliegende Beitrag baut auf der Beobachtung von NÜBLING: 2009 und 2012 auf, dass die Rufnamen (RufN<sup>1</sup>) im Deutschen (Dt.) seit Beginn der Nachkriegszeit einen sehr dynamischen Wandel durchlaufen. Nübling vergleicht hierzu in Fünf-Jahres-Schritten die 20 häufigsten RufN von 1945 bis 2008. Betrachten wir Generationenschritte über 30 Jahre hinweg, z.B. in den Jahren 1945, 1975 und 2005, so fällt auf, dass sie sich im jeweiligen Inventar fast vollständig voneinander unterscheiden<sup>2</sup> – beliebte RufN wurden in der Nachkriegszeit also von Generation zu Generation beinahe komplett ausgetauscht. Selbst wenn nur die fünf häufigsten Namen herangezogen werden (vgl. Tab. 1), lässt sich schnell erkennen, dass dabei auch die Struktur der Namen starken Wandel durchlaufen hat: Es entsteht der Eindruck, dass die RufN über 60 Jahre hinweg klanglich immer weicher werden. Die beliebtesten RufN 1945 enthalten insgesamt deutlich mehr stimmlose Konsonanten als die neuesten RufN. 2005 dagegen sind bei den JungenN zwar noch Sonoritätskontraste vorhanden, die stimmlosen Laute treten aber in Wechsel mit sehr sonoren Konsonanten auf (/l/, /n/). Bei den MädchenN sind kaum überhaupt noch stimmlose Laute zu finden.

Nübling kommt auf Grundlage ihrer eingehenden Studie der beliebtesten dt. RufN über 63 Jahre hinweg zu der Erkenntnis, dass die Sonorität von Namen stetig zunimmt und die Namen ›androgynisieren‹, Mädchen- und JungenN einander also strukturell immer ähnlicher werden.<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> Im Folgenden wird die Abkürzung N für Name auch in anderen Namentypen genutzt.

<sup>2</sup> Bei den MädchenN gibt es eine Ausnahme bei *Julia* (1975 und 2005), bei den JungenN halten sich *Michael* von 1945 bis 1975 und *Jan* von 1975 bis 2005 als beliebte RufN.

<sup>3</sup> Durch die konventionelle Geschlechterzuordnung der allermeisten RufN bringt dies keine Interpretationsschwierigkeiten mit sich: Die Geschlechterzuordnung wird mit den RufN erlernt.

Rang	1945		1975		2005	
	MN	JN	MN	JN	MN	JN
1	<i>Renate</i>	<i>Hans</i>	<i>Sandra</i>	<i>Christian</i>	<i>Leonie</i>	<i>Lukas</i>
2	<i>Monika</i>	<i>Peter</i>	<i>Stefanie</i>	<i>Markus</i>	<i>Hanna</i>	<i>Leon</i>
3	<i>Karin</i>	<i>Klaus</i>	<i>Nicole</i>	<i>Michael</i>	<i>Anna</i>	<i>Luka</i>
4	<i>Ursula</i>	<i>Wolfgang</i>	<i>Kathrin</i>	<i>Stefan</i>	<i>Lea(h)</i>	<i>Finn</i>
5	<i>Brigitte</i>	<i>Jürgen</i>	<i>Tanja</i>	<i>Andreas</i>	<i>Lena</i>	<i>Niklas</i>

Tab. 1: Die fünf häufigsten dt. RufN 1945, 1975, 2005 nach Nübling.<sup>4</sup>

Zwei Prozesse sorgen in neuester Zeit auch im Isländischen (Isl.) für Änderungen im RufN-System:<sup>5</sup> Einerseits geht die starke Tradition, RufN naher Verwandter an neugeborene Kinder weiterzugeben, mehr und mehr zurück. RufN werden nun auch im Isl. häufiger individuell ausgesucht, womit euphonische Kriterien an Bedeutung gewinnen können. Andererseits hat sich das Inventar an RufN aus unterschiedlichen Gründen stark erweitert: a) Durch britische und amerikanische Militärbasen wurden englischsprachige Namen populär. b) Neue Muster zur Bildung isl. RufN wurden etabliert. c) Die neueste Gesetzgebung der 90er-Jahre (1991, 1997) lässt auch neue nicht-isl. Namen unter Erfüllung bestimmter Kriterien (z.B. Deklinierbarkeit im Isl., Tradition im Isl.) zu.

Der Wandel isl. RufN soll daher in der vorliegenden Studie nachvollzogen und mit Schwerpunkt bei der Phonologie näher beleuchtet werden: Warum nimmt die Beliebtheit von *Sigríður* und *Björn* zugunsten von *Sara* und *Aron* ab? Der Vergleich zum Dt. wird dabei aus methodischen<sup>6</sup> und inhaltlichen Gründen genutzt, da so die sich etablierenden euphonischen Prinzipien bei freier Namenwahl im Isl. mit denen in einer nah verwandten germanischen Sprache verglichen werden können.

Die Studie betrachtet den Wandel im Bereich der häufig vergebenen Namen, weil sich hier nachvollziehen lässt, welche Strukturen als beliebt empfunden werden. Parallel zur dt. Studie wurden hierzu die 20 beliebtesten RufN im Isl. pro Jahrgang<sup>7</sup> ermittelt, indem auf Daten der Statistikbehörde (*Hagstofa Íslands*) zurückgegriffen wurde. Alle Namen wurden

4 NÜBLING: 2009, 77.

5 GUÐRÚN KVARAN 2007: 313–314.

6 NÜBLING: 2009 und 2012 führt die wichtigsten Kriterien zum phonologischen Wandel sowie methodische Herangehensweisen ein.

7 Da je fünf Geburtsjahrgänge in den Statistiken zusammengefasst werden, konnte nur indirekt auf die jeweiligen Jahrgänge geschlossen werden.

in eine Datenbank übertragen und mit einer lautlichen Transkription versehen, die dem online erhältlichen isländischen Aussprachewörterbuch entnommen wurde.<sup>8</sup> Weiterhin wurden spezifische lautliche Kriterien annotiert, die den Wandel euphonischer Präferenzen verfolgen lassen.

## 2. Die beliebtesten Rufnamen seit 1945

Tab. 2 enthält eine Aufstellung der 20 Rufnamen, die in vier Altersgruppen am häufigsten vergeben wurden.<sup>9</sup> Der Übersichtlichkeit und der Vergleichbarkeit mit den dt. Daten halber<sup>10</sup> werden sie mit den jeweils beteiligten Geburtsjahrgängen 1945, 1975, 2005 und 2015 gekennzeichnet. Durch Fettschrift werden Namen markiert, die in der betreffenden Generation neu hinzutreten, RufN in grauer Schrift sind in der Folgegeneration nicht mehr in den ›Top 20‹ enthalten. Namen, die in grauer Schrift fett markiert sind, treten in den Mittelgenerationen neu hinzu, schwinden aber in der jeweiligen Folgegeneration. Unterstrichene Namen sind ›zeitlose Namen‹, die zu allen Zeitpunkten unter den 20 beliebtesten Vornamen zu finden sind.

Zahlreiche Namen in Tab. 2 werden über die Generationen hinweg sehr häufig vergeben, können also als zeitlose Namen angesehen werden, die keine aktuelle Modeerscheinung darstellen. Bei den MädchenN handelt es sich mit fünf Namen (*Anna, Guðrún, Kristín, Margrét, María*) um

8 EIRÍKUR RÖGNVALDSSON: 2012–2018, erhältlich unter <http://www.malfong.is/index.php?lang=is&pg=framburdur>.

9 Die Statistiken stehen in *Statistics Iceland – Icelandic names* zur Verfügung. Zur Erstellung wurde die Tabelle aller Namen mit Vergabefrequenzen von 2005 für die Jahrgänge 1945, 1975 und 2005 herangezogen. Bei Personen mit mehreren RufN wurde jeweils der erste RufN verzeichnet. Um den Vergleich mit den dt. Daten zu erleichtern, werden die Ranglisten in Tab. 2 unten mit je einem Geburtsjahrgang verzeichnet (1945, 1975, 2005 und 2015), obwohl die Daten der Statistikbehörde jeweils fünf Jahrgänge zusammenfassen. So wurde etwa in der Spalte ›1945‹ die Rangliste der 60–64-Jährigen im Jahr 2005 zugrunde gelegt, unter denen die 1945 Geborenen verzeichnet sind, für 2005 die Gruppe der 0–4-Jährigen in diesem Jahr. Um die aktuellsten Entwicklungen zu ergänzen, wurde die neueste Rangliste von 2017 genutzt, indem die Daten der zu diesem Zeitpunkt 0–4-Jährigen unter ›2015‹ gelistet werden.

10 Die Studien von Nübling nutzen Top-20-Listen für je einen Jahrgang in Fünf-Jahres-Schritten von 1945 bis 2008. In der vorliegenden Studie können nur die vier genannten Zeitstufen einbezogen werden. Die Studien von Nübling vollziehen den Wandel damit in kleineren Schritten nach. Der deutlich langsamere Wandel im Isl. lässt jedoch erhoffen, dass die wichtigsten Tendenzen in vergleichbarer Qualität erhoben werden können. Für die Toplisten der Jahrgänge gilt es zu bedenken, dass sie für das Dt. anhand von Geburtsstatistiken des jeweiligen Jahres erstellt wurden, für das Isl. hingegen anhand der im Erhebungsjahr Lebenden aus dem jeweiligen Jahr.



	1945		1975		2005		2015	
	MN	JN	MN	JN	MN	JN	MN	JN
1	<u>Guðrún</u>	<u>Jón</u>	<u>Guðrún</u>	<u>Jón</u>	<u>Anna</u>	<u>Aron</u>	Sara	Aron
2	<u>Sigríður</u>	<u>Sigurður</u>	<u>Anna</u>	<u>Sigurður</u>	<u>Sara</u>	<u>Jón</u>	<u>Katrín</u>	<u>Alexander</u>
3	<u>Kristín</u>	<u>Guðmundur</u>	<u>Sigríður</u>	<u>Guðmundur</u>	<u>Katrín</u>	<u>Daniel</u>	<u>Emma</u>	<u>Viktor</u>
4	<u>Anna</u>	<u>Gunnar</u>	<u>Kristín</u>	<u>Gunnar</u>	<u>Guðrún</u>	<u>Alexander</u>	<u>Anna</u>	<u>Jón</u>
5	<u>Margrét</u>	<u>Ólafur</u>	<u>Helga</u>	<u>Ólafur</u>	<u>María</u>	<u>Sigurður</u>	<u>Emilía</u>	<u>Guðmundur</u>
6	<u>Helga</u>	<u>Magnús</u>	<u>Margrét</u>	<u>Jóhann</u>	<u>Kristín</u>	<u>Arnar</u>	<u>Eva</u>	<u>Kristján</u>
7	<u>Sigrún</u>	<u>Kristján</u>	<u>Ingibjörg</u>	<u>Magnús</u>	<u>Birta</u>	<u>Viktor</u>	<u>Elísabet</u>	<u>Sigurður</u>
8	<u>Ingibjörg</u>	<u>Einar</u>	<u>Sigrún</u>	<u>Kristján</u>	<u>Eva</u>	<u>Kristófer</u>	<u>Freyja</u>	<u>Kári</u>
9	<u>Jóhanna</u>	<u>Björn</u>	<u>María</u>	<u>Einar</u>	<u>Margrét</u>	<u>Kristján</u>	<u>Katla</u>	<u>Amar</u>
10	<u>Erla</u>	<u>Stefán</u>	<u>Berglind</u>	<u>Stefán</u>	<u>Helga</u>	<u>Gunnar</u>	<u>Rakel</u>	<u>Daniel</u>
11	<u>Guðbjörg</u>	<u>Jóhann</u>	<u>Jóhanna</u>	<u>Arnar</u>	<u>Rakel</u>	<u>Andri</u>	<u>Margrét</u>	<u>Kristófer</u>
12	<u>Elín</u>	<u>Bjarni</u>	<u>Ragnheiður</u>	<u>Helgi</u>	<u>Andrea</u>	<u>Einar</u>	<u>Kristín</u>	<u>Dagur</u>
13	<u>María</u>	<u>Halldór</u>	<u>Linda</u>	<u>Björn</u>	<u>Sigrún</u>	<u>Ólafur</u>	<u>Lilja</u>	<u>Mikael</u>
14	<u>Guðný</u>	<u>Pétur</u>	<u>Elín</u>	<u>Árni</u>	<u>Hildur</u>	<u>Stefán</u>	<u>Embla</u>	<u>Gunnar</u>
15	<u>Edda</u>	<u>Gísli</u>	<u>Ásta</u>	<u>Ragnar</u>	<u>Aníta</u>	<u>Guðmundur</u>	<u>María</u>	<u>Jóhann</u>
16	<u>Steinunn</u>	<u>Árni</u>	<u>Lilja</u>	<u>Bjarni</u>	<u>Tinna</u>	<u>Róbert</u>	<u>Sóley</u>	<u>Jökull</u>
17	<u>Jónína</u>	<u>Örn</u>	<u>Hildur</u>	<u>Halldór</u>	<u>Sóley</u>	<u>Ísak</u>	<u>Hekla</u>	<u>Ólafur</u>
18	<u>Ragnheiður</u>	<u>Þorsteinn</u>	<u>Guðbjörg</u>	<u>Pétur</u>	<u>Elísabet</u>	<u>Magnús</u>	<u>Viktória</u>	<u>Óliver</u>
19	<u>Ásta</u>	<u>Birgir</u>	<u>Hulda</u>	<u>Kristinn</u>	<u>Thelma</u>	<u>Sindri</u>	<u>Guðrún</u>	<u>Bjarki</u>
20	<u>Jóna</u>	<u>Helgi</u>	<u>Íris</u>	<u>Gísli</u>	<u>Karen</u>	<u>Tómas</u>	<u>Ísabella</u>	<u>Benedikt</u>

Tab. 2: Übersicht der häufigsten Mädchen- und Jungennamen in vier Generationen in den statistischen Erhebungen von 2005 (1945, 1975, 2005) und 2017, sortiert nach Rang von oben nach unten. MN: MädchenN, JN: JungenN. **Fett:** Neu hinzugekommene N; Grau: Schwindende N; Unterstrichen: Zeitlose N.

ein Viertel, bei den JungenN mit sechs fast um ein Drittel (*Guðmundur*, *Gunnar*, *Jón*, *Kristján*, *Ólafur*, *Sigurður*), die also über siebzig Jahre hinweg zu den beliebtesten Namen gehören. *Guðrún* und *Jón* führten sogar bereits in der ersten Volkszählung 1703 die Ranglisten an und blieben seitdem bis in die 80er-Jahre des 20. Jahrhunderts mit großem Abstand die beliebtesten Namen für Neugeborene.<sup>11</sup> Hier zeigt sich, dass die Nachbenennung nach nahen Verwandten in der Nachkriegszeit, anders als im Dt., bis heute noch eine große, wenn auch langsam abnehmende Rolle spielt.

<sup>11</sup> Vgl. GUÐRÚN KVARAN 2002, 295–296.

Vergleichen wir die Einträge zu 1945 mit denen zu 1975, so zeigt sich nur geringer Wandel: 14 der MädchenN und sogar 17 der JungenN stimmen überein. 30 Jahre später (2005) wird dann allerdings ein stärkerer Wandel in der RufN-Vergabe deutlich: Nur sieben der MädchenN stimmen noch mit denen von 1975 überein, bei den JungenN sind es mit zehn immerhin noch die Hälfte. Während bei den höchsten Platzierungen der Rangliste 1975 nur leichte Verschiebungen zu erkennen sind, findet 2005 ein Wandel in der Spitzengruppe statt: *Sara* und *Katrín* kommen auf Platz zwei und drei neu in die Top 20, *Daniel* und *Alexander* auf Platz drei und vier, *Aron* verdrängt als ›Neueinsteiger‹ sogar den jahrhundertelangen Dauerbrenner *Jón* von Platz eins. Bei den MädchenN sinkt *Guðrún* auf Platz vier, allerdings übernimmt mit *Anna* ein weiterer zeitloser Name den ersten Platz.

Zehn Jahre später ist dann weiterer Wandel zu erkennen: Obwohl nur ein Drittel der zuvor betrachteten Zeitabschnitte durchlaufen wurde, treten neun beliebte MädchenN und acht beliebte JungenN hinzu und ersetzen entsprechend ältere Namen – Wandel vollzieht sich also deutlich schneller als zuvor. Einige der durch Unterstreichungen gekennzeichneten ›Evergreens‹ wie *Guðrún*, *Kristín*, *Sigurður* und *Gunnar* rutschen in der Rangliste nun immer weiter nach unten und machen neuen Namen an der Spitze wie *Emma*, *Emília*, *Alexander* und *Viktor* Platz. Namen werden nun offenbar häufiger individuell für Kinder ausgesucht, wobei vermutlich euphonische Kriterien an Gewicht gewinnen. Dabei treten native Namen des germanischen Typs zurück. Im hohen Frequenzbereich setzen sich v.a. biblische Namen durch, die bereits seit Jahrhunderten Teil des isl. RufN-Systems sind (vgl. *Sara*, *Aron*), sowie Abwandlungen davon (vgl. *Katrín*, auch *Jón*, *Jóhann*). Auch bislang nicht vertretene native Namen gewinnen an Frequenz (*Freyja*, *Kári*).

### 3. Phonologischer Wandel der Rufnamen von 1945 bis 2015

#### 3.1 Sonoritätsmessungen

Für die isl. RufN wurden Sonoritätswerte berechnet. Tab. 3 zeigt die sog. Sonoritätshierarchie, die der Vergleichbarkeit halber in derselben Form genutzt wird wie bei NÜBLING: 2009 und 2012. Die höchste Sonorität ist bei Vokalen zu finden, innerhalb dieser wiederum beim offenen Vokal /a/, der ganz links angesiedelt ist. Bei den Konsonanten, die grundsätz-

lich geringere Sonorität als Vokale aufweisen, ist die geringste Sonorität bei den Plosiven zu finden. Den Übergang prägen die konsonantischen Sonoranten und die (gegenüber diesen stärker konsonantischen) Frikative. Die Anordnung in der Hierarchie wurde zur Vergabe von Sonoritätswerten pro Laut genutzt, die in Tab. 3 über den Lauten angegeben sind. Für das Isl. irrelevant sind die Schwalaute (7,5) sowie die stimmhaften Plosive (2), die im phonologischen System nicht vorkommen. Sonoritätswerte wurden nun für verschiedene Positionen in den Wörtern berechnet. Die isl. stl. Varianten der Sonoranten (z.B. [r̥], [l̥], [ŋ̥]) wurden wie stl. Frikative gewertet (3).

10	9	8	7,5	7	6	5	4	3	2	1
	e	i	ɐ	(w)		m	v	f	b	p
a	ø	y				n	ð	θ	d	t
	o	u	ə		l		r/z	s/ʃ		
				j		ŋ		ç		c
						ŋ	ʁ/ɣ	χ	g	k
								h		


← zunehmende Sonorität      zunehmende Konsonantizität →

Sonoranten      sth. Fr. stl. Fr. Plosive

Obstruenten


Tab. 3: Sonoritätshierarchie mit Darstellung der Sonoritätspunkte  
(nach NÜBLING: 2009, 81, erweitert um isl. Laute).

**Sonorität im Auslaut:** Während der Auslaut bei JungenN durchgehend zumeist konsonantisch geprägt ist und somit geringe durchschnittliche Sonorität aufweist (Werte zwischen 4 und 5), findet bei den MädchenN ein starker Wandel statt: Die Sonorität ist bereits 1945 höher als bei den JungenN (6,7), steigt dann 2005 auf 7,3 und 2015 sogar auf 8,1 (vgl. Tab. 4). Dies ist v.a. auf die stetige Zunahme von MädchenN mit vokalischem Auslaut, insbesondere auf -a zurückzuführen (vgl. z.B. alle Neuzugänge 2015, etwa *Emma*, *Katla*).



Tab. 4: Entwicklung der Sonorität im Auslaut bei isl. RufN.

Dies weist auf einen weiteren häufigen Unterschied zwischen Mädchen- und JungenN hin: MädchenN enden zumeist in offener Silbe, während JungenN meistens in geschlossener Silbe enden. Dies ist bei den JungenN unverändert, war bei den MädchenN aber nicht immer so (vgl. Tab. 5): 1945 waren die MädchenN noch zu 50 % durch geschlossene Silbe geprägt, 1975 sogar zu 60 % (vgl. *Sigríður, Ingibjörg*). Erst in jüngster Zeit entwickelt sich eine klare Tendenz zur offenen Silbe (2015: nur noch 30 % mit geschlossener Silbe). Der Auslaut wird somit im Wandel der Namen immer stärker zur Differenzierung von Jungen- und MädchenN genutzt: JungenN enden eher konsonantisch, MädchenN auf Vokal, zumeist auf *-a*.



Tab. 5: Entwicklung des Typus der Schlussilbe: Anteil offener Silben bei isl. RufN.


Vergleichen wir diese Entwicklungen mit dem Dt., so ist grundsätzlich eine Parallele zu erkennen: Auch im Dt. sind MädchenN häufiger durch Abschluss in offener Silbe gekennzeichnet, JungenN durch konsonantischen Auslaut. Betrachtet man die Sonoritätswerte, so ist die Entwicklung jedoch bei den MädchenN noch weit stärker ausgeprägt: Sie begannen bereits 1945 bei einem Sonoritätswert, den die isl. MädchenN 2015 noch nicht erreicht haben: 8,35. 2005 lagen sie bei einem Wert von 9,4.<sup>12</sup> Bei den JungenN sind die Sonoritätsverhältnisse im Auslaut hingegen mit den isl. vergleichbar.

**Anteil stimmhafter Konsonanten:** Der Anteil stimmhafter Konsonanten an allen Konsonanten jedes isl. RufN wurde ausgezählt, also der Anteil der Sonoranten plus der stimmhaften Frikative. Interessanterweise findet bis 2005 eine gegenläufige Entwicklung statt: Die JungenN weisen 1945 durchschnittlich lediglich 54 % stimmhafte Konsonanten auf, während die MädchenN mit 64,5 % deutlich mehr stimmhafte Konsonanten besitzen. Die Stimmhaftigkeit nimmt in der Folge bei den JungenN leicht zu, bei den MädchenN hingegen leicht ab, so dass die JungenN 2005 sogar leicht sonorer sind als die MädchenN (59,7 % vs. 59,3 %). Die Entwicklung bis 2015 verläuft dann bei beiden Geschlechtern ähnlich: Stimmhafte Anteile nehmen in beiden Fällen zu (62,1 % vs. 65,3 %). In diesem Merkmal ›androgynisieren‹ also die isl. RufN – sie werden für beide Geschlechter weicher und sonorer. Namen wie *Ásta* [austa], *Edda* [ɛt:a], *Þorsteinn* [θɔrsteitn̥] oder *Björn* [pjœt̥n̥] verlassen die Top 20, während *Emma* [ɛm:a], *Lilja* [lilja], *Óliver* [ou:liver] oder *Aron* [a:rɔn] populär werden. Insgesamt sind die Veränderungen aber moderat. Bereits 1945 waren sehr sonore Namen vorhanden (*Anna* [an:a], *Jón* [jou:n]), und auch wenig sonore RufN treten noch neu hinzu (vgl. *Katla* [kahtla], *Ísak* [i:sak]).

Zum Vergleich: Im Dt. sind die Sonoritätswerte der beliebten RufN 1945 deutlich niedriger als im Isl. (JungenN ca. 20 % vs. MädchenN 35 %). Sie steigen anschließend deutlich an (2008: 55 % vs. 90 %), wobei anders als im Isl. ein starker Unterschied zwischen den Geschlechtern erhalten bleibt. Die dt. JungenN haben heute leicht geringere Sonoritätswerte als im Isl., die MädchenN massiv höhere.

---

<sup>12</sup> Vgl. NÜBLING: 2009, 85.




Tab. 6: Entwicklung der Anzahl freier und gedeckter Sonoranten bei isl. RufN.

**Freie vs. gedeckte Sonoranten:** Vergleicht man die Namen *Helga* und *Elín*, so kann die sonore Qualität von /l/ in *Elín* /ɛ:lin/ stärker zur Entfaltung kommen als in *Helga* /helka/, indem der Laut frei von einem anderen Konsonanten steht (also ungedeckt ist). Bei den isl. JungenN (vgl. Tab. 6) lässt sich beobachten, dass sich freie und gedeckte Sonoranten zunächst die Waage halten (1945: 10 frei – 12 gedeckt, 1975: 11 – 14), in den Daten zu 2005 aber eine deutliche Tendenz zur ungedeckten Nutzung von Sonoranten zeigen (14 – 8, vgl. *Daníel, Tómas*), die sich bis 2015 noch verstärkt (18 – 6). Bei den MädchenN ist diese Tendenz von Beginn an angelegt (1945: 17 – 7), wobei 1975 eine Ausnahme darstellt (12 – 12). 2015 ist die Differenz mit 19 – 7 ausgeprägt. Im Dt. zeigt sich eine parallele Entwicklung, die aber extremer verläuft: In beiden Geschlechtern tendiert die Anzahl gedeckter Sonoranten inzwischen gen null (vgl. die beliebtesten Namen 2017: *Emma, Hannah, Mia, Ben, Jonas, Leon*).

### 3.2 Konsonantencluster

Die bei den Sonoranten festgestellte Tendenz zum freien Auftreten geht mit der allgemeinen Tendenz einher, dass die Anzahl an Konsonantenclustern reduziert wird (vgl. *Kristín* vs. *Anna*, *Guðmundur* vs. *Aron*). So wird die Silbenstruktur der RufN immer stärker vereinfacht und nähert sich der CVCV-Struktur an. Die Zahl der (hier in breiter Definition, also auf jede Folge mehrerer Konsonanten abzielend gefassten) Konsonantencluster im Isl. geht bei beiden Geschlechtern zurück (vgl. Tab. 7), wobei sie bei den JungenN (1945 23 Cluster, 2015 16 Cluster) durchgehend höher

liegt als bei den MädchenN (1975 Höhepunkt mit 22 Clustern, ab 2005 12 Cluster). JungenN klingen also in dieser Hinsicht noch heute ›konsonantischer‹ als MädchenN. Im Dt. ist diese Entwicklung wieder extremer: Bei MädchenN wurden schon 2005 gar keine Cluster mehr vorgefunden, bei JungenN nur noch selten.



Tab. 7: Anzahl der Konsonantencluster bei isl. RufN.

### 3.3 Silbenzahl

Die durchschnittliche Silbenzahl erhöht sich im Isl. bei beiden Geschlechtern leicht. Bei MädchenN liegt sie 1945 bei 2,3 und steigt bis 2015 auf 2,5 Silben an. JungenN sind 1945 durchschnittlich 2,0 Silben lang, 2015 beträgt der Durchschnitt 2,4 Silben. Die ohnehin geringe Geschlechterdifferenz und damit -typizität nimmt damit weiter ab. Den Schwerpunkt haben RufN beider Geschlechter bei der Zweisilbigkeit. Einsilbige Namen gibt es nur bei den JungenN (*Jón, Björn, Örn*), von diesen bleibt aber nur einer – der Dauerbrenner *Jón* – ab 2005 noch erhalten. GUÐRÚN KVARAN: 2002, 299 sieht dies in einer für beide Geschlechter geltenden Tendenz begründet, dass den meisten Kindern ein zusätzlicher zweiter RufN gegeben wird,<sup>13</sup> der zumeist einsilbig ist. Als Beispiele für solche doppelten RufN nennt sie: *Elva Björk, Íris Lind, Harpa Sif, Gunnar Freyr, Orri Már* und *Rúnar Þór*. Dies mag einer der Gründe dafür sein, dass einsilbige JungenN im Isl. zu keinem Zeitpunkt stark vertreten wa-

<sup>13</sup> Zum Beispiel erhielten 2007 84,6 % aller Kinder mehr als einen RufN, vgl. GUÐRÚN KVARAN: 2011, 32.

ren, während sie im Dt. 1945 stark prägend wirkten (vgl. *Hans, Klaus*) und noch heute vertreten sind (*Finn, Tim, Jan*). Im Dt. verlängern sich im Durchschnitt die RufN der Jungen, während die MädchenN kürzer werden, bis sie in neuester Zeit bei ca. zwei Silben konvergieren.

Der Trend zur Zweisilbigkeit geht bei den isl. RufN mit einer großen Streuung einher: Ab 2005 werden im Isl. lange Namen, wie sie früher typisch für MädchenN waren, bei den Jungen massiv ausgebaut: Acht dreisilbige (z.B. *Benedikt, Mikael*, aber auch der als zeitloser Name bewahrte *Guðmundur*) und ein viersilbiger Name (*Alexander*) sind unter den neuesten JungenN, während nur vier MädchenN mehr als zwei Silben tragen, darunter jedoch drei viersilbige (*Elisabet, Viktoría, Ísabella*).

#### 4. Fazit

Fassen wir zusammen: Isl. RufN werden in ihrer neuesten Entwicklung in vielen Aspekten tendenziell nach ähnlichen Kriterien ausgewählt wie dt. RufN. Die Präferenz liegt bei mehrsilbigen Namen mit hohen Sonoritätswerten und einfacher Silbenstruktur, wobei MädchenN häufiger auf offene Silbe enden, JungenN häufiger auf geschlossene. JungenN zeichnen sich zudem durch mehr Sonoritätsbrüche aus als MädchenN, selbst wenn die Gesamtsonorität beliebter JungenN ebenfalls mit den Jahren ansteigt. Die isl. RufN entwickeln sich somit in eine ähnliche Richtung wie die dt.: Die jüngeren Namen klingen weicher (*Sara* [sa:ra], *Aron* [a:rɔn]) als ältere Namen (*Helga* [hɛlka], *Björn* [pjœt̥ɳ]). MädchenN und JungenN werden einander in vielen Aspekten ähnlicher, unterscheiden sich jedoch weiterhin im Auslaut.

Trotz der in vielerlei Hinsicht ähnlichen Entwicklung in beiden Sprachen unterscheiden sich dt. und isl. RufN weiterhin in wesentlichen Aspekten: Die Nachbenennung spielt in isl. RufN noch eine größere Rolle, so dass sich ›Evergreens‹ wie *Guðrún* und *Anna*, *Jón* und *Guðmundur* über alle betrachteten Generationen hinweg unter den beliebtesten RufN halten können.<sup>14</sup> Dagegen scheint das dt. RufN-Inventar stärker altersbe-

<sup>14</sup> Selbst bei den zeitlosen RufN, die seit 1945 in den Top 20 vertreten sind, zeigt sich jedoch die Durchsetzung sonorer Strukturen: Diejenigen, die erhalten bleiben, sind durch eine überdurchschnittlich hohe Zahl an stimmhaften Konsonanten geprägt (JungenN: 78 % vs. durchschnittlich 62 % 2015, MädchenN: 77 % vs. durchschnittlich 65 % 2015). Namen wie *Guðrún* [kvvðrun] und *Jón* [jou:n] entsprechen also schon in den frühen Daten weitgehend den strukturellen Merkmalen, die sich mehr und mehr durchsetzen.



zogen interpretiert zu werden: Der Austausch fast des kompletten Inventars pro Generation hat Folgen für die empfundene Adäquatheit von RufN für Neugeborene, insbesondere bei RufN der (Groß-)Elterngeneration.

Während im Dt. v.a. bei den MädchenN aktuelle spitznamenartige Strukturen Eingang in den offiziellen Namenschatz erhalten und einsilbige JungenN bewahrt werden, sind im Isl. v.a. Vollformen unter den häufigen RufN zu finden, was deutlich längere RufN mit sich bringt (*Viktoria, Ísabella, Alexander, Benedikt* vs. dt. *Lena, Tom*). Die stärkere Auswirkung euphonischer Kriterien ist im Isl. zudem erst in der neuesten Entwicklung (etwa ab den 90er-Jahren) klar zu erkennen, während er sich im Dt. bereits in den Daten von 1975 deutlich auf dem Weg befand. Dies hat zur Folge, dass die Tendenzen, die parallel in beiden Sprachen festgestellt wurden, im Dt. zumeist weit extremere Ausprägungen aufweisen als im Isl.

Die vorliegende Studie konnte nur einen begrenzten Einblick bieten, der sich auf die 20 beliebtesten RufN beschränkt und nur den ersten RufN einbezieht, obwohl in Island fast jedes Kind mehrere RufN erhält. Sie soll daher als Auftakt zu weiterer Forschung dienen: Das isl. RufN-System befindet sich in einem dynamischen Wandel, der zur weiteren Beobachtung einlädt.

## Bibliographie

- EIRÍKUR RÖGNVALDSSON: *Framburðaorðabókin*.  
<http://www.malfong.is/index.php?lang=is&pg=framburdur>. 2012–2018. [18.06.2018]
- GUÐRÚN KVARAN: »Icelandic personal names in past and present«. In: *Onoma* 37 (2002), 293–300.
- GUÐRÚN KVARAN: »Das isländische Personennamensystem«. In: Brendler, Andrea, und Silvio Brendler (Hg.): *Europäische Personennamensysteme. Ein Handbuch von Abasisch bis Zentralladinisch*. Hamburg: Baar, 2007, 310–321.
- GUÐRÚN KVARAN: *Nöfn Íslendinga*. 2. Aufl. Reykjavík: Forlagið, 2011.
- NÜBLING, Damaris: »Von *Monika* zu *Mia*, von *Norbert* zu *Noah*: Zur Androgynisierung der Rufnamen seit 1945 auf prosodisch-phonologischer Ebene«. In: *Beiträge zur Namenforschung* 44 (2009:1), 67–110.
- NÜBLING, Damaris: »Von *Elisabeth* zu *Lilly*, von *Klaus* zu *Nico*: Zur Androgynisierung und Infantilisierung der Rufnamen von 1945 bis 2008«. In: Günthner, Susanne, Dagmar Hüpper und Constanze Spieß (Hg.): *Genderlinguistik. Sprachliche Konstruktion von Geschlechtsidentität*. Berlin, Boston: de Gruyter, 2012, 319–357.
- Statistics Iceland – Icelandic names*  
<https://www.statice.is/statistics/population/births-and-deaths/names/> [18.06.2018]

MAGNÚS HAUSSON

## Hvaða villur gera þýskumælandi íslenskunemar? Framlag til máljafnaðar íslensku og þýsku

### Inngangur<sup>1</sup>

Árið 1987 birti Svavar Sigmundsson grein í tímaritinu *Íslensku máli* 9 þar sem hann benti á nokkur dæmi um villur sem íslenskunemendur, sem höfðu Norðurlandamálin og ensku að móðurmáli, gerðu allttítt í rituðum textum.<sup>2</sup> Athugun Svavars náði ekki til þýskumælandi nemenda. Í þessari samantekt verður gerð atлага að því að skoða þær villur sem þeir gera og samhliða bera líttillega saman málkerfi íslensku og þýsku í samhengi við þau atriði sem villurnar gefa tilefni til að ræða.<sup>3</sup> Lítið verður til greinar Svavars til samanburðar. Við greiningu á efniviðnum varð niðurstaðan sú að beina sjónum einkum að einstökum völdum atriðum. Hvoru tveggja er að reynsla mín af að kenna þýskumælandi nemendum og fyrsta skönnun efniviðarins beindu athyglinni að þeim. Þar er um að ræða 1) óöryggi í notkun eignarfornafnsins *sinn* og eignarfalls persónufornafnanna í eignarsamböndum og 2) ákveðni/óákveðni.

### Efniviður könnunar og úrvinnsla

Svavar Sigmundsson benti í grein sinni á atriði sem virðast vera snúin fyrir enskumælandi íslenskunema og Norðurlandabúa. Hann gerir ekki grein fyrir tíðni villna en lesa má úr máli hans fáeinar ábendingar um hvaða villur eru algengari en aðrar þótt engin tölfræði sé lögð fram. Hér á eftir er farið svipað að. Það er að mínum dómi áhugavert í sjálfu sér að

<sup>1</sup> Grein þessi á rætur að rekja til fyrirlesturs sem höfundur hélt á Málþingi um íslensku sem erlent og annað mál, Háskóla Íslands, 29.5.2015. Ég þakka Irene R. Kupferschmied og Jóni Gíslasyni fyrir yfirllestur og gagnrýni.

<sup>2</sup> SVAVAR SIGMUNDSSON: 1987, 95–109. Síðan grein Svavars birtist hefur ekki verið gefið út mikið af efni um villugreiningu eða máljöfnuð íslensku við önnur mál. María Gardarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir hafa fjallað um villur íslenskunema í fáeinum greinum. Nýlegust er grein þeirra um þróun falla í máltileinkun, SIGRÍÐUR ÞORVALDSDÓTTIR og MARÍA GARDARSDÓTTIR: 2015.

<sup>3</sup> Lítið hefur birst um samanburð íslensku og þýsku. Í skrá um íslensku sem erlent mál og máljöfnuð, MAGNÚS HAUSSON: 2006, eru nokkrir titlar nefndir á ritverkum sem lágu fyrir árið 2006.

velta fyrir sér einstökum dæmum, eins og Svavar gerir. Báðir erum við aðallega á höttunum eftir villum sem virðist vera nokkuð eindregið að skýra með því að nemendur yfirfæra málfræðilega þætti móðurmáls á markmál. Dæmin eru sótt í ritunarverkefni prófúrlausna í námskeiðum í íslensku á öðru ári (íslensku 3 og 4) og ritunarverkefni sem skilað hefur verið í sömu námskeiðum sem höfundur hefur sjálfur haldið.

Tölfræðilega væri vissulega áhugavert að sjá hve hátt hlutfall nemenda gerir villu af ákveðnu tagi. Undirstrika skal að ýmsa fyrirvara yrði að gera á gildi tölfræðilegra upplýsinga sem byggðar væru á efniviðnum. Í fyrsta lagi er hópurinn lítil sem leggur til textana. Í öðru lagi eru ritunarverkefni þannig fyrir sett og efnislega afmörkuð að nemendur hafa mjög mikið svigrúm til að tjá sig á þann hátt sem þeim hentar best og þeirra færnistigi. Þeir geta t.d. kosið að skrifa texta sem er málfræðilega og setningafræðilega einfaldur. Jafnvel má búast við að þeir velji stundum að sniðganga viss krefjandi atriði. Þess vegna koma hugsanlega viss atriði, sem reikna mætti með að gerðar væru oftar villur í en öðrum, sjaldan eða ekki fyrir. Þetta gerir alla tölfræði ónákvæma í umræddu samhengi.

Við fyrsta yfirlit efniviðarins er mest áberandi að beygingar eru rangar: Orðabókarmynd er notuð þar sem ekki á við, beygingarendingar eru brogaðar, rangar endingar eru notaðar, hljóðbreytingar (hljóðvörp, klofning) í stofni gleymast eða þær eru rangar þegar orð er beygt. Í dæmunum, sem birt eru hér á eftir í samhengi við önnur útvalin vandasöm atriði, má sjá margar villur af ofangreindu tagi þótt ekki verði sérstaklega haft orð á því í athugasemdunum við dæmin.

### Eignarfornafnið ›sinn‹ og eignarfall persónufornafnanna í eignarsamböndum

Kerfismunur þýsku og íslensku felst m.a. í því að þýskan hefur eignarfornöfn í 3. persónu sem íslenskan hefur ekki (kk.et. *sein*, kvk.et. *ihr*, hk.et. *sein*, ft. *ihr*). Íslenskan hefur sérstakt afturbeygt eignarfornafn (*sinn*) í 3. pers., bæði í eintölu og fleirtölu. Þegar ekki er um afturbeygingu að ræða er ef. persónufornafns notað (*hans*, *hennar*, *þess*, *þeirra*). Einnig er ef. persónufornafnanna notað þegar um er að ræða afturbeygingu en aðalorð

nafnliðar stendur í nefnifalli.<sup>4</sup> Þessi munur veldur óöryggi og villum eins og þessum:

Robert er ánægður [- -]. Á morgun byrjar [...] fríð sitt. [*fríð hans* er rétt].

En fyrst má Eyja verði sjálf að [- -] biðjast lausnar fyrir foreldra hennar. [*Hennar* vísar til Eyju sjálfrar og hér ætti því að standa *sína*].<sup>5</sup>

Gildran sem nemendum hættir til að falla í er að líta á fornafnið *sinn* sem algera samsvörun *sein* á þýsku. Um er að ræða falskan vin. Fyrri dæmið að ofan sýnir þess konar villu. Í seinna dæminu og öðrum svipuðum er hugsanlega um ofurvarúð gagnvart *sinn* að ræða. Þess er reyndar að gæta að á þýsku ætti fornafnið *ihr* við og tengingin við *sinn* því ekki eins nærtæk. Í fleirtölu fyrstu og annarrar persónu eru eignarföll persónufornafnanna (*okkar* og *ykkar*) einnig notuð í eignarsamböndum þar sem í þýsku eru eignarfornöfn (*unser* og *euer*) sem sambeygjast nafnorðinu. Þessi munur veldur síður vanda við íslenskunámið en munurinn í þriðju persónu.

Þegar eignarfornöfn og eignarföll persónufornafnanna standa á eftir hlutbundnum nafnorðum er greinir viðtengdur því, á eftir óhlutbundnum nafnorðum er svo ekki. Þessi regla orsakar vanda fyrir þýskumælandi nemendum. Í þýskunni stendur eignarfornafnið á sama stað og greinis má vænta og felur í sér ákveðni nafnliðarins og beygingu hans að hluta til einnig. Þess vegna þarf ekki að velja því fyrir sér hvort greinir fylgi nafnorðinu eða ekki.

### Ákveðni/óákveðni

Beyging ákveðna greinisins er sem önnur beyging í íslensku töluverð áskorun fyrir íslenskunema, en sjónum skal ekki fyrst og fremst beint að því atriði heldur þeim vanda að ákvarða hvenær nafnorð eða nafnliðir eru ákveðnir og hvenær ekki. Í kennsluefni um íslensku fyrir útlendinga er jafnan tiltölulega snemma gerð grein fyrir beygingu ákveðna greinisins og hvernig hann er viðtengdur nafnorði. Aftur á móti er sjaldan eytt miklu máli í að útskýra hvenær ákveðni greinirinn er notaður.<sup>6</sup> Virðist gengið út

4 KRESS: 1982, 105–106. Varðandi fróðleik um íslenskt málkerfi og þau einstöku atriði, sem hér er minnst á, vísast til bókar Kress. Um þýskt málkerfi er byggt á *Duden – die Grammatik* 4: 2016, einkum 247–339; EISENBERG: 2006, einkum 140–150; HELBIG og BUSCHA: 2001, einkum 320–350.

5 Hér eftir eru athugasemdir við dæmin settar innan hornklofa.

6 Taka má sem dæmi ágæta íslenskukennslubók Duppler og van Nahl. Þar er beyging ákveðna greinisins sýnd og rædd í öðrum kafla. Í þriðja kafla er fjallað um eignarfornöfn

frá að nemendur geri sér grein fyrir muninum á ákveðni og óákveðni. Þegar um er að ræða þýskumælandi nemendur má ef til vill líta svo á að ekki sé þörf á miklum útskýringum, nemendur geti yfirfært þann mun, sem er á umræddum formdeildum, frá þýskunni á íslenskuna.

Í stórum dráttum eru nokkuð svipaðar reglur í íslensku og þýsku um hvenær nafnliður er ákveðinn og hvenær ekki.<sup>7</sup> Þegar ákveðni/óákveðni ákvarðast út frá textasamhengi gildir sú regla gróflega í báðum málum að þegar eitthvert atriði er nefnt í fyrsta sinn er það óákveðið, en þegar það kemur aftur fyrir í textanum er það ákveðið. Í þessu samhengi gilda svipaðar reglur einnig um að hlutur sé strax nefndur í ákveðinni mynd ef ramminn um hann er þekktur og með hliðsjón af honum eðlilegt að hluturinn sé þar fyrir. Tilbúið dæmi: *Jón gekk inn í eldhús. Hann setti pott á eldavélina.* – *Jón ging in die Küche. Er stellte einen Topf auf den Herd.* Hér fylgja fáein dæmi um villur sem eiga rætur í óöryggi í því að ákvarða hvenær nafnliður skal út frá textasamhengi vera ákveðinn:

Fyrir framan við *girðingu* eru barn og lunda. [*Girðingin* er þegar nefnd í textanum.]

Í *stofu* eru sófi, hringborð og stólar. Við hliðina á *sófa* eru líka hillar. [Verið er að lýsa íbúð og *stofan* þegar nefnd. Leyfilegt væri einnig að hafa ákveðinn greini með *sófa* því að líkindum er einungis einn sófi í hinum þekkta ramma um hann, stofunni.]

Í *íbúð* eru þrjár *herbergin*, sem eru eldhús, stofa og *svefnherbergið*. *Badherbergið* eru líka í *íbúð*. [Verið er að lýsa *íbúð* sem þegar hefur verið kynnt til sögunnar – ákveðinn greinir væri því eðlilegur með því orði, en aftur á móti ekki með orðunum *herbergi*, *svefnherbergi* og *badherbergi*.]

*Íbúð* sem ég bý í er mjög falleg. [Vegna tilvísunarsetningarinnar er eðlilegt að hafa orðið *íbúð* ákveðið.]

og eignarföll persónufornafnanna í eignarsamböndum og nefnt að nafnorðið »hat zuzätzlich oft noch den bestimmten Artikel, ist sozusagen doppelt bestimmt« án þess að reglna fyrir því sé getið. DUPPLER og VAN NAHL: 2013, II–12, 20–22. Í kennslubók Ástu Svavarsdóttur og Margrétar Jónsdóttur er óvenju ítarleg umfjöllun um ákveðni og óákveðni. Bókin er ætluð erlendum nemendum í íslensku við Háskóla Íslands, m.ö.o. ekki einungis þýskumælandi nemendum heldur mun fjölbreytilegri hópi, háskólanemum, með ýmsan móðurmálsbakgrunn. ÁSTA SVAVARSDÓTTIR og MARGRÉT JÓNSDÓTTIR: 2009, 128–133.

7 Í KRESS: 1982, 167–178 er mjög sundurliðuð og nákvæm greinargerð fyrir ákveðni/óákveðni og notkun greinis í íslensku með fjölmörgum dæmum. HÖSKULDUR ÞRÁINSSON: 2005, 97–99, 436–446, 500–515 fjallar ítarlega um ákveðni og óákveðni, bæði formlega og merkingarlega. LAUFY LEIFSDÓTTIR: 1999, 55–63 gerir sama efni skil.

Það eru *maðurinn* og *konan* á myndinni. [Ákveðnar myndir nafnorða í setningu sem byrjar á *það er* eru óeðlilegar. Einnig er um að ræða byrjun á lýsingu á mynd og því er óeðlilegt að hafa nafnorðin óákveðin. Það væri það einnig á þýsku. Reyndar gildir í báðum málum að ef það sem talandi nefnir og hann og viðmælandi hans hafa fyrir augunum er það ákveðið. Þess vegna er liðurinn á myndinni réttur þótt ekki hafi myndin verið nefnd fyrir.]

Niðri eru fimm herberga. Það eru eldhúsið, stóra stofan, litla stofan, baðherbergið og svefnherbergið. Uppi eru *stórt baðherbergið*, *þríu svefnherbergið* (*alla börn hafa sína eigið herbergið*). [Eðlilegt væri að nafnorðin í undirstrikunum og skáletruðu nafnliðunum væru án greinis. Þar eð eitt svefnherbergjanna af fjórum er niðri væri réttara að hafa *svefnherbergið*, sem nefnt er í fyrri setningunni, án greinis – hér er ekki um að ræða eina svefnherbergið í íbúðinni eins og eina *eldhúsið*.]

Enginn óákveðinn greinir er í íslensku eins og er í þýsku. Þessi munur virðist ekki valda teljandi vanda eftir að nemendur hafa verið upplýstir um hann enda þekkja þeir fyrirbærið úr eigin máli: óákveðin nafnorð í fleirtölu eru greinislaus í þýsku. Þó koma fyrir villur eins og þessar: »*Ein stelpan* og drengurinn talast.« Verið er að lýsa mynd þar sem tvenn ung pör sjást talast við (þó er hugsanlega hægt að líta svo á að tvær stúlkur tali saman annars vegar og hins vegar stúlka og piltur). Stelpurnar – og drengirnir einnig – eru þegar nefndar í textanum. Mögulega hugðist ritari segja *önnur stelpan* (eða *ein stelpan* (af þremur)) og þar með ekki ætlunin að hafa óákveðinn greini með orðinu *stelpan*. En þá hefði ákveðinn greinir þurft að vera með orðinu *stelpan* því eðlilegt er að með *ein* og *önnur* standi ákveðin mynd nafnorðs – *ein stelpan* – *das eine Mädchen* (*von drei oder mehr*), *önnur stelpan* – *das eine von den beiden Mädchen*.

Þegar litið er til þess að reglur í þýsku og íslensku eru í veigamestu atriðum líkar varðandi ákveðni/óákveðni nafnliða/nafnorða í textasamhengi er ósennilegt að skýringa á villum sé að leita í kerfi móðurmálsins. Hugsanleg einföld skýring á að greini vantar þar sem hann ætti að vera er að nemendur sniðgangi með því þann vanda sem felst í beygingu greinisins. Nafnorðið sjálft krefur nemandann um að það sé beygt og það er viðbótaráskorun að beygja greininn þar að auki. Þessi skýring nær þó sennilega skammt. Enn erfiðara er að skilja að ákveðni greinirinn er notaður þar sem hans er ekki að vænta, heldur ekki í samsvarandi þýskri setningu í sambærilegu samhengi, t.d. »Það eru maðurinn og konan á myndinni« – Merkingin er: *Es sind ein Mann und eine Frau auf dem Bild*. Spurning er hvort skorturinn á óákveðna greininum í íslensku valdi einhverju um að gripið er til ákveðna greinisins – til að fylla í tómarúm sem nemendum finnst vera þar sem enginn greinir er, ef svo má segja.

Viss ákvæðisorð krefjast í íslensku greinis með nafnorði sem fylgir, t.d. *allir gestirnir voru gladdir*, og önnur standa með nafnorðum greinislausum, t.d. *Jón bjó í eigin íbúð* (hvoru tveggja tilbúin dæmi). Þetta liggur ekki alltaf beint við frá sjónarhorni þýskra nemenda og það veldur villum eins og þessum:

Þegar ég er búin að skrifa *allar prófar* ætla ég .... [*öll prófin* væri rétt.]

... *alla börn* hafa *sína eigið herbergið*. [... *öll börnin hafa sitt eigið herbergi* væri rétt. Í liðnum *öll börnin* er ekki um að ræða börn almennt – ekki fremur en próf almennt í dæminu á undan – heldur börnin á viðkomandi heimili – eða prófin í lok viðkomandi misseris – og þess vegna hefur nafnorðið börnin/prófin ákveðinn greini, herbergi í liðnum *sitt eigið herbergi* er án greinis vegna þess að eignarfornafnið *sitt* stendur á undan nafnorðinu og þar að auki er ákvæðisorðið *eigið* í liðnum en með því stendur nafnorð greinislaust.]

Í íbúðinni minni er tvær *bókahillarnum* með margir *bækunum*. [... *eru tvær bókahillur með mörgum bókum* væri rétt.]

Í einu atriði er mikilvægur munur á íslensku og þýsku og hann veldur nemendum tíðum nokkrum vanda: Í íslensku nútíðarmáli er aðalorð nafnliðar án greinis ef eignarfallseinkunn stendur með því og orðasambandið er ómarkað, í þýsku er hann hins vegar mjög oft með ákveðnum greini (tilbúið dæmi: *das Auto der Frau / bíll konunnar*), en reyndar í sumum tilfellum með óákveðnum (tilbúið dæmi: *ein Auto der Frau* og væri næst lagi að þýða það orðasamband sem *bíll, sem konan á*). Ennfremur er í íslensku nútímamáli aðalorð nafnliðar frekar án greinis ef nafn stendur með því sem eignarfallseinkunn, *bók Guðrúnar, bolli Páls* (tilbúin dæmi). Fáein dæmi úr efniviðnum:

Elías og Kittu er *aðalpersónurnar* bókinnar. [... *aðalpersónur* bókarnar.]

Á *vegunum háskólans* eru margir gluggarnir. [Á vegg/veggjum háskólans eru margir gluggar.]

... nýtt í *bekkunum* Kittu og Elías.

Það ber að taka skýrt fram að notkun greinis er í báðum málunum að nokkru háð stíllegum viðmiðum, þó líklega frekar í íslensku en þýsku. Því er alloft álitafni hvort ákveðin mynd orðs eða óákveðin teljist réttari – það fer sem sagt eftir hvort það er í samræmi við stíl textans eða ekki. Það virðist brot á þeirri reglu sem nefnd er síðast að segja *Sigurður leit á hringinn Þórunnar* (tilbúið dæmi). Orðasambandið *hringinn Þórunnar* minnir Nútímaíslandinginn á Íslendingasagnastílinn. Forsetningarliðinn í *bekkunum Kittu og Elíasar* væri því ekki réttmætt að dæma algerlega rang-

an – um væri að ræða markaðan stíl. Í báðum málum, íslensku og þýsku, er stundum um að ræða fínan blæbrigðamun á sama orðasambandi í ákveðnu og óákveðnu formi og erfitt að yfirfæra hann fullkomlega úr öðru málinu á hitt.

### Umræða

Það er umdeilt hvort villugreining leggi nokkuð hjálplegt til málanna varðandi kennslu erlendra mála.<sup>8</sup> Ef spurt er hvort málkerfislegir þættir móðurmálsins valdi villum í markmáli væri besta svarið líkast til »njá« eða »jein«. Sú mynd sem birtist þegar dæmin að framan eru skoðuð er að hluta til óskýr og óreiðukennd. Í sumum tilvikum virðist nokkuð augljóst að málkerfi móðurmáls sé virkur villuvaldur. Ég vísa til umræðunnar um »ákveðinn greini« sem þýskir nemendur hafa tilhneigingu til að hafa með aðalorði þegar eignarfallseinkunn stendur með því og í sama dilk má draga ofnotkun fornafnsins *sinn* í eignarsamböndum. Í öðrum er samhengið ekki ljóst, t.d. varðandi óöryggi þegar ákveðni/óákveðni nafnliða ákvarðast af textasamhengi (sem reyndar er ekki hægt að halda fram að sé áberandi villuflokkur), og í enn öðrum blasir það engan veginn við að málkerfi móðurmáls sé valdur að villum í markmáli og eru bestu dæmin um það almennt óöryggi varðandi beygingar, m.a. beygingu greinisins. Í sambandi við notkun greinis í íslensku er samhengi hans við aðra liði í viðkomandi nafnlið, t.d. fornöfn, lýsingarorð og tilvísunarsetningar, að líkindum stærsti vandinn fyrir þýskumælandi nemendur. Er nafnorð með greini þegar *allur*, *margir*, *eigin* eða *eignarfornafn* stendur með því?

Grófur samanburður við villurnar, sem Svavar Sigmundsson telur fram í grein sinni, leiðir í ljós að í efniviðnum frá Kiel finnast villur sem falla í flesta af villuflokkum Svavars. Af þeim atriðum, sem ég hef hér lagt áherslu á, koma t.d. bæði vandinn kringum ákveðni/óákveðni og eignarforfnin/eignarföll persónufornafnanna í eignarsamböndum fram í villum Norðurlandabúa og enskumælandi nemenda. Þýskumælandi nemendur eiga m.ö.o. ekki einir í stríði við umrædd vandamál. Því má ætla að varðandi nefnda málkerfisþætti séu þýska, enska og Norðurlandamálin

8 Nýlegar greinargerðir fyrir aðferðum og fræðilegum forsendum máljafnaðar (*contrastive Linguistik*) er að finna hjá THEISEN: 2016 og TEKIN: 2012. Sjá ágætt yfirlit um þróun máljafnaðar og villugreiningar hjá TEKIN: 2012, 13–57. Sjá ennfremur GÜLBEYAZ: 2012, 29–58 og fræðilega hlutann í bók STEINHAEUER: 2006, 9–164.



að einhverju leyti svo lík að þau leiði íslenskunemendur með þennan móðurmálsbakgrunn í villu.

Það er þrátt fyrir allan vafa um gildi máljafnaðar og villugreiningar eindreginn ávinningur af því að kennari þekki móðurmál nemenda vel og geti bent á það sem er líkt og ólíkt í málunum bæði til að hamla gegn því að gerðar séu villur, sem má ætla að stafi frá málkerfisþáttum móðurmáls (eða annarra erlendra mála sem nemandi hefur lært), og til að útskýra fyrir nemendum á hnitmiðaðan hátt í hverju villur felast. Í kennsluefni, sem miðast við nemendur með ákveðið móðurmál, er sjálfsagt að benda á líkindi og mismun móðurmáls og markmáls. T.d. virðist liggja beint við að benda á að mikilvægustu reglurnar um ákveðni/óákveðni nafnliða í textasamhengi séu svipaðar í íslensku og þýsku og gera síðan stuttlega grein fyrir þeim. Varðandi þetta atriði hafa þýskumælandi nemendur, enskumælandi og Norðurlandabúar vísast betri forsendur til skjóts skilnings en nemendur frá málsvæðum þar sem ekki er gerður greinarmunur á ákveðni og óákveðni. Flóknari ábendingar þarf til að skýra þýðingu mismunandi ákvæðisorða í nafnliðum fyrir notkun greinis. Varðandi það efni er sjaldan hægt að vísa til þess sem líkt er með íslensku og þýsku.

### Ritaskrá

- ÁSTA SVAVARSDÓTTIR og MARGRÉT JÓNSDÓTTIR: *Íslenska fyrir útlendinga. Kennslubók í málfræði*. 3. útg. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 2009.
- DUDEN – *die Grammatik* 4. Útg. af Angelika Wöllstein. 9. ítarl. endurbætt og uppfærð útg. Berlin: Dudenverlag, 2016.
- DUPPLER, Ríta, og Astrid VAN NAHL: *Isländisch. Ein Lehrbuch für Anfänger und Fortgeschrittene*. Hamburg: Helmut Buske, 2013.
- EISENBERG, Peter: *Der Satz. Grundriss der deutschen Grammatik* 2. 3. yfirfarin útg. Stuttgart, Weimar: Verlag J.B. Metzler, 2006.
- GÜLBAYAZ, Esin Işıl: *Spracherwerb und Fehleranalyse. Eine korpusanalytische Studie*. Frankfurt am Main o.fl.: Peter Lang, 2012.
- HELBIG, Gerhard, og Joachim BUSCHA: *Deutsche Grammatik. Ein Handbuch für den Ausländerunterricht*. Berlin, o. fl.: Langenscheidt, 2001.
- HÖSKULDUR ÞRÁINSSON o.fl.: *Setningar. Handbók um setningafræði*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005 (= Íslensk tunga; 3).
- KRESS, Bruno: *Isländische Grammatik*. Leipzig: Verlag Enzyklopädie, 1982.
- LAUFEY LEIFSDÓTTIR: »Ákveðni – form og hegðun«. Í: *Mímir. Blað Félags stúdenta í íslenskum fræðum* 47 (1999), 55–63.
- MAGNÚS HAUSSON: *Skrá yfir efni um íslensku sem erlent mál/íslensku sem annað mál og máljöfnuð þar sem íslenska kemur við sögu*. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals, 2006.  
<http://www.arnastofnun.is/solofile/1009809> [Síðast skoðað 1.4.2018].

- SIGRÍÐUR ÞORVALDSDÓTTIR og MARÍA GARÐARSDÓTTIR: »Fall eða setningarstaða? Þróun falla í máltileinkun«. Í: Turid Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur 8. Greinasavn frá færoyisk-íslenskari ráðstevnu í Tórshavn 24. og 25. August 2013*. Tórshavn: Fróðskapur, 2015, 135–158.
- STEINHAEUER, Britta: *Transfer im Fremdspracherwerb. Ein Forschungsüberblick und eine empirische Untersuchung des individuellen Transferverhaltens*. Frankfurt am Main o.fl.: Lang, 2006.
- SVAVAR SIGMUNDSSON: »Íslenska í samanburði við önnur mál«. Í: *Íslenskt mál og almenn málfræði* 9 (1987), 95–109.
- TEKIN, Özlem: *Grundlagen der Kontrastiven Linguistik in Theorie und Praxis*. Tübingen: Stauffenburg, 2012.
- THEISEN, Joachim: *Kontrastive Linguistik. Eine Einführung*. Tübingen: Narr Francke Attempto, 2016.



## Lebenslauf von Hubert Seelow

Geboren am 3. September 1948 in Schorndorf/Württemberg.

1967 Abitur Gymnasium Schorndorf.

1967 bis 1969 Ziviler Ersatzdienst in einem Altenheim.

Ab Sommersemester 1969 Studium der Fächer Nordistik, Germanistik und Anglistik an der LMU München.

1971/72 Studium der Isländischen Philologie an der Universität von Island.

1973/74 Magisterprüfung (M.A.) in München. Thema der Magisterarbeit: *Die Papierhandschriften der Hálf's saga ok Hálf'srekka.*

Ab 1974 Verwalter der Dienstgeschäfte eines wissenschaftlichen Assistenten am Institut für Nordische Philologie und Germanische Altertumskunde der Universität München.

1977 Promotion (Dr. phil.) in München. Thema der Dissertation: *Hálf's saga ok Hálf'srekka. Eine Edition.*

Ab 1977 Wissenschaftlicher Assistent am Institut für Nordische Philologie und Germanische Altertumskunde der Universität München.

1984 Habilitation (Dr. phil. habil.) in München. Thema der Habilitationsschrift: *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher.*

Ab Herbst 1984 Privatdozent für Nordische Philologie an der Universität München und Akademischer Oberrat am Institut für Nordische Philologie und Germanische Altertumskunde der Universität München.

1987/88 Forschungsstipendiat des Isländischen Wissenschaftsfonds.

1988/89 Gastforscher am Nordischen Institut der Universität Bergen/Norwegen.

Ab Sommersemester 1989 Professor für Nordische Philologie an der Universität Erlangen-Nürnberg.

1994/95 Gastforscher Stofnun Sigurðar Nordals, Reykjavik/Island.

2000/01 Gastforscher Det Norske Videnskaps-Akademi, Oslo/Norwegen.

2005 Gastforscher Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavik/Island.

Seit Frühjahr 2016 pensioniert.



## Publikationen von Hubert Seelow

### Aufsätze, Monographien, Texteditionen, Übersetzungen aus dem Altisländischen

- Die Saga von Grettir*. Aus dem Altisländischen übersetzt u. kommentiert v. H. S. Düsel-dorf: Diederichs, 1974 (= Saga; 2).
- »Ásgeir Jónsson und seine ›membranartige‹ Frakturschrift«. In: *Sjöttu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977. Síðari hluti*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1977 (= Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit; 12), 658–664.
- »Zur Rolle der Strophen in den Fornaldarsögur«. In: *Fourth International Saga Conference. München July 30th – August 4th, 1979. Summaries, Papers*. München: Institut für Nordische Philologie, 1979.
- »Jónas Árnason: Skjaldhamrar«. In: Dietrich, Margret, u. Cornelia Krauß (Hg.): *Das Schauspiel von 1974 bis 1976*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1979 (= Der Schauspiel-führer; 11), 7–9.
- »Svava Jakobsdóttir: Jugendfreunde (Æskuvinir)«. In: Dietrich, Margret, u. Cornelia Krauß (Hg.): *Das Schauspiel von 1974 bis 1976*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1979 (= Der Schauspiel-führer; 11), 100–102.
- »Páll Ketilssons Manuskript der Hálf saga«. In: *Opuscula VII*. Kopenhagen: C. A. Reitzel, 1979 (= Bibliotheca Arnarnagæana; 34), 254–259.
- Hálfs saga ok Hálfrekka*. Hg. v. H. S. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1981 (= Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit; 20).
- »Jökull Jakobsson: Schusterssohn und Bäckerstochter oder Das Lied von My Lai (Sonur skóarans og dóttir bakarans eða Söngurinn frá My Lai)«. In: Dietrich, Margret, u. Cornelia Krauß (Hg.): *Das Schauspiel von 1977 bis 1979*. Stuttgart: Anton Hierse-mann, 1982 (= Der Schauspiel-führer; 12), 111–113.
- »Guðmundur Steinsson: Eine ruhige Stunde (Stundarfríður)«. In: Dietrich, Margret, u. Cornelia Krauß (Hg.): *Das Schauspiel von 1977 bis 1979*. Stuttgart: Anton Hierse-mann, 1982 (= Der Schauspiel-führer; 12), 238–240.
- »Halldór Laxness«. In: Wilhelm, Gertraude (Hg.): *Die Literatur-Nobelpreisträger*. Düs-seldorf: Econ, 1983, 207–210.
- »Kárlamagnús saga, Karl Magnus' Krønike und das Volksbuch Fierabras«. In: *The Sixth International Saga Conference. 28.7.–2.8.1985. Workshop Papers II*. Kopenhagen: Det arnamagnæanske Institut, 1985, 921–937.
- »Zwei Autographe Wilhelm Grimms in der isländischen Nationalbibliothek«. In: *Zeitschrift für deutsches Altertum* 115 (1986:2), 124–143.
- »Nina Björk Árnadóttir: Schokolade für Silja (Súkkulaði handa Silju)«. In: Dietrich, Margret, u. Cornelia Krauß (Hg.): *Das Schauspiel von 1980 bis 1983*. Stuttgart: An-ton Hiersemann, 1986 (= Der Schauspiel-führer; 13), 1–2.
- »Kjartan Ragnarsson: Scheidung (Skilnaður)«. In: Dietrich, Margret, u. Cornelia Krauß (Hg.): *Das Schauspiel von 1980 bis 1983*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1986 (= Der Schauspiel-führer; 13), 153–154.
- »König Davids Thron und Saal«. In: *Davíðsdiktur sendur Davíð Erlingssyni fimmtug-um 23. ágúst 1986*. Reykjavík: [Stofnun Árna Magnússonar], 1986, 44–46.

- »Aphorismen Kellgrens in isländischer Übersetzung«. In: *Grímsævintyri sögð Grími M. Helgasyni sextugum 2. september 1987. Síðara hefti*. Reykjavík: [Stofnun Árna Magnússonar], 1987, 27–31.
- Island. Menschen, Sagas, Landschaften*. Textredaktion u. Übersetzung H. S. Photographie Hans Siwik. Heidelberg: Braus, 1987.
- »Um Barnagull Jóns Árnasonar«. In: *Skírmir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 162 (Vor 1988), 7–34.
- »Fogden i Kirken. Ein Welhaven zugeschriebenes Gedicht und eine Volkserzählung aus Telemark«. In: *Skandinavistik* 18 (1988:1), 25–34.
- »Griselda in Iceland«. In: Morabito, Raffaele (Hg.): *La circolazione dei temi e degli intrecci narrativi: il caso Griselda*. L'Aquila: Japadre, 1988 (= *Diffrazioni*. Griselda; 1), 75–85.
- Barnagull Jóns Árnasonar*. H. S. bjó til prentunar. Reykjavík: Bókauýtáfa Menningar-sjóðs, 1988.
- Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher. Handschriftenstudien zur Rezeption und Überlieferung ausländischer unterhaltender Literatur in Island in der Zeit zwischen Reformation und Aufklärung*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1989 (= *Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*. Rit; 35).
- »Volksbücher im Land der Sagas. Deutsche Volksbücher, dänische Folkebøger und die isländische Literatur nach der Reformation«. In: Werner, Otmar (Hg.): *Arbeiten zur Skandinavistik. 8. Arbeitstagung der Skandinavisten des Deutschen Sprachgebiets 27.9.–3.10.1987 in Freiburg i.Br.* Frankfurt am Main: Peter Lang, 1989 (= *Texte und Untersuchungen zur Germanistik und Skandinavistik*; 22), 175–198.
- »Svava Jakobsdóttir: Generalprobe (Lokaæfing)«. In: Greisenegger, Wolfgang (Hg.): *Das Schauspiel von 1984 bis 1986*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1989 (= *Der Schauspiel-führer*; 14), 120–122.
- »Þórunn Sigurðardóttir: Im Mikroskop (Í smásjá)«. In: Greisenegger, Wolfgang (Hg.): *Das Schauspiel von 1984 bis 1986*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1989 (= *Der Schauspiel-führer*; 14), 238–240.
- »Birgir Sigurðsson: Die Raupe (Grasmaðkur)«. In: Greisenegger, Wolfgang (Hg.): *Das Schauspiel von 1984 bis 1986*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1989 (= *Der Schauspiel-führer*; 14), 240–242.
- »Three Icelandic Poetic Sources of the Story of Griselda«. In: *La storia di Griselda in Europa*. Hg. v. Raffaele Morabito. L'Aquila: Japadre, 1990 (= *Diffrazioni*. Griselda; 2), 199–209.
- »Vier Gedichte für eine Hochzeit im Jahre 1738«. In: *Gripla* VII. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1990 (= *Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*. Rit; 37), 131–167.
- »Stabreim und Schäferdichtung – Barockdiskussion in Island?«. In: Garber, Klaus (Hg.): *Europäische Barockrezeption. Teil II*. Wiesbaden: Otto Harrassowitz, 1991 (= *Wolfenbütteler Arbeiten zur Barockforschung*; 20), 119–128.
- »Das Drama in Island«. In: *Island. Deutsch–Isländisches Jahrbuch* 10 (1991), 49–64.
- »Hálfr in den *Hyndluljóð*?«. In: *Lygisögur sagðar Sverri Tómassyni fimmtugum 5. apríl 1991*. Reykjavík: [Stofnun Árna Magnússonar], 1991, 42–44.
- »Koparhús með skart og skraut«. In: *Fjölmóðarvöl til fagnaðar Einari G. Péturssyni fimmtugum 25. júlí 1991*. Reykjavík: [Stofnun Árna Magnússonar], 1991, 50–52.

- »Andolosia diktur«. In: *Opuscula IX*. Kopenhagen: C. A. Reitzel, 1991 (= Bibliotheca Arnamagnæana; 39), 172–188.
- »Hálfs saga ok Hálfsrekka«. In: Pulsiano, Phillip u.a. (Hg.): *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*. New York: Garland, 1993, 262.
- »Fornaldarsögur as Sources of Old Norse Mythology«. In: *Il mondo dei Vichinghi, ambiente, storia, cultura ed arte. Atti del Convegno Internazionale di Studi. Genova, 18 – 20 settembre 1991*. Genua: Sagep, 1992, 119–131.
- »Die neuisländische Literatur«. In: Jens, Walter (Hg.): *Kindlers Neues Literatur Lexikon* 20. München: Kindler, 1992, 116–119.
- »Halldór Laxness og Þýzkaland«. In: Elín Bára Magnúsdóttir u. Úlfar Bragason (Hg.): *Halldórsstefna*. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals, 1993 (= Rit Stofnunar Sigurðar Nordals; 2), 94–106.
- »Der Geirmundar þátrr heljarskinns in der Sturlunga saga«. In: *Samtíðarsögur. Níunda alþjóðlega fornsagnþingið. Akureyri 31.7. – 6.8.1994. Forprent II*. [Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar], 1994, 698–711.
- »Die Historie von der dunklen Rede der sieben weisen Meister«. In: *Strengleikar slegnir Robert Cook 25. nóvember 1994*. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 1994, 56–58.
- »Per Ulrik Kernell«. »August von Platen: Am Grabe Per Ulrik Kernells«. »P. U. Kernell: Anteckningar under en Resa i det Sydliga Europa«. »Johan Herman Wessel«. In: Och, Gunner (Hg.): »*Was er wünscht, das ist ihm nie geworden*«. *August Graf von Platen 1796–1835*. Erlangen: Universitätsbibliothek, 1996 (= Schriften der Universitätsbibliothek Erlangen-Nürnberg; 29), 206–210.
- »Sveinbjörn I. Baldvinsson: Verhärtung (Þétting)«. In: Greisenegger, Wolfgang (Hg.): *Das Schauspiel von 1990 bis 1992*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1996 (= Der Schauspiel-führer; 16), 17–19.
- »Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir: Ich bin der Meister (Ég er meistarin)«. In: Greisenegger, Wolfgang (Hg.): *Das Schauspiel von 1990 bis 1992*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1996 (= Der Schauspiel-führer; 16), 95–96.
- »Þórunn Sigurðardóttir: Elin, Helga, Gudridur (Elín, Helga, Guðríður)«. In: Greisenegger, Wolfgang (Hg.): *Das Schauspiel von 1990 bis 1992*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1996 (= Der Schauspiel-führer; 16), 232–233.
- »Ólafur Haukur Símonarson: Das Meer (Hafið)«. In: Greisenegger, Wolfgang (Hg.): *Das Schauspiel von 1990 bis 1992*. Stuttgart: Anton Hiersemann, 1996 (= Der Schauspiel-führer; 16), 234–236.
- »Ein Plan für eine nie gedruckte Gedichtsammlung«. In: Bergljót S. Kristjánsdóttir u. Peter Springborg (Hg.): *Frejas psalter. En psalter i 40 afdelinger til brug for Jonna Louis-Jensen*. Kopenhagen: Det arnamagnæanske Institut, 1997, 156–159.
- »Zur handschriftlichen Überlieferung der Werke Snorri Sturlusons«. In: Fix, Hans (Hg.): *Snorri Sturluson. Beiträge zu Werk und Rezeption*. Berlin: Walter de Gruyter, 1998 (= Ergänzungsbände zum Reallexikon der Germanischen Altertumskunde; 18), 246–254.
- Grettis saga. Die Saga von Grettir dem Starken*. Hg. u. aus dem Altisländischen übersetzt v. H. S. München: Diederichs, 1998. [Bearbeitung der Übersetzung von 1974.]
- »Problemfall Volsunga saga«. In: Fellows-Jensen, Gillian, u. Peter Springborg (Hg.): *Care and conservation of manuscripts* 4. Kopenhagen: The Royal Library, 1999, 96–109.



- »Gedanken über das Übersetzen«. In: Zumsteg, Hans Joerg (Hg.): *Island*. Baden/Schweiz: Librium, 1999 (= Literarische Reise um die Welt; 2), 30–31.
- Salonkultur und Reiselust. Nordische und Deutsche Literatur im Zeitalter der Romantik. Ein Symposium zum 200. Geburtstag von P. U. Kernell*. Hg. v. H. S. Erlangen: Universitätsbund Erlangen-Nürnberg, 2000 (= Erlanger Forschungen. Reihe A. Geisteswissenschaften; 93).
- »Ellers er jeg bar af Bøger«. Zur Editions-geschichte von Dorothe Engelbretsdatters *Siælens Sang-Offet*«. In: Glauser, Jürg, u. Barbara Sabel (Hg.): *Skandinavische Literaturen der frühen Neuzeit*. Tübingen u. Basel: A. Francke, 2002 (= Beiträge zur Nordischen Philologie; 32), 335–350.
- Halldór Laxness und Deutschland*. Beiheft zur Halldór Laxness Werkausgabe. Göttingen: Steidl, 2002.
- »Till Eulenspiegel in Island«. In: Bandle, Oskar, u.a. (Hg.): *Verschränkung der Kulturen. Der Sprach- und Literaturtausch zwischen Skandinavien und den deutschsprachigen Ländern. Zum 65. Geburtstag von Hans-Peter Naumann*. Tübingen u. Basel: A. Francke, 2004 (= Beiträge zur Nordischen Philologie; 37), 269–276.
- Große nordische Erzähler des 20. Jahrhunderts. Symposium aus Anlaß des 100. Geburtstages von Halldór Laxness*. Hg. v. H. S. u. Kolbrún Haraldsdóttir. Erlangen: Universitätsbund Erlangen-Nürnberg, 2004 (= Erlanger Forschungen. Reihe A. Geisteswissenschaften; 102).
- »Laxness nach der Stunde Null. Zur Geschichte der deutschen Laxness-Übersetzungen in der ersten Nachkriegszeit«. In: H. S. u. Kolbrún Haraldsdóttir (Hg.): *Große nordische Erzähler des 20. Jahrhunderts. Symposium aus Anlaß des 100. Geburtstages von Halldór Laxness*. Erlangen: Universitätsbund Erlangen-Nürnberg, 2004 (= Erlanger Forschungen. Reihe A. Geisteswissenschaften; 102), 133–152.
- »Noch einmal: *Grettis saga Ásmundarsonar*«. In: Kramarz-Bein, Susanne (Hg.): *Neue Ansätze in der Mittelalterphilologie – Nye veier i middelalderfilologien*. Frankfurt am Main: Peter Lang, 2005 (= Texte und Untersuchungen zur Germanistik u. Skandinavistik; 55), 197–206.
- »Die Njáls saga«. In: Glauch, Sonja (Hg.): *Große Texte des Mittelalters. Erlanger Ringvorlesung 2003*. Erlangen u. Jena: Palm & Enke, 2005 (= Erlanger Studien; 131), 183–201.
- »Der große Weber von Kaschmir – eine Strindbergiade?«. In: Seiler, Thomas (Hg.): *Herzort Island. Aufsätze zur isländischen Literatur- und Kulturgeschichte. Zum 65. Geburtstag von Gert Kreutzer*. Lüdenscheid: Seltmann, 2005, 158–171.
- »Thomas Mann, Richard Wagner und die Überlieferung der Saga von den Wälsungen«. In: Malan Marnersdóttir u.a. (Hg.): *Bókmentaljós. Heiðursrit til Turið Sigurðardóttur*. Tórshavn: Felagið Fróðskapur, 2006, 387–401.
- »Der Rímurdichter Hallgrímur Pétursson und die Volksbuchtradition«. In: Margrét Eggertsdóttir u. Þórunn Sigurðardóttir (Hg.): *Í ljóssins barna selskap. Fyrirlestrar frá ráðstefnu um séra Hallgrím Pétursson og samtíð hans*. Reykjavík: Listvinafélag Hallgrímskirkju. Stofnun Árna Magnússonar, 2007 (= Ritróð Listvinafélags Hallgrímskirkju; 2), 63–76.
- »Heidnischer Glaube und christliche Hagiographie. Darstellungsweisen in der altnordischen Sagaliteratur«. In: Hamm, Berndt, u.a. (Hg.): *Sakralität zwischen Antike und Neuzeit*. Stuttgart: Franz Steiner, 2007 (= Beiträge zur Hagiographie; 6), 137–144.

- »Halldór Laxness«. »Brekukotsannáll«. »Paradísarheimt«. »Kristnihald undir Jökli«. »Das autobiographische Werk«. In: Arnold, Heinz Ludwig (Hg.): *Kindlers Literatur Lexikon. Band 9*. Stuttgart u. Weimar: J. B. Metzler, 2009, 709, 712–715.
- »Zu den genealogischen Quellen der *Hálfs saga ok Hálfsrekka*«. In: *Greppaminni. Rit til heiðurs Vésteini Ólasyni sjötugum*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009, 351–363.
- »*Spekinnar bók*. Das Buch der Beispiele der alten Weisen als Überlieferungsbeispiel«. In: Glauser, Jürg, u. Anna Katharina Richter (Hg.): *Text – Reihe – Transmission. Unfestigkeit als Phänomen skandinavischer Erzählprosa 1500–1800*. Tübingen u. Basel: A. Francke, 2012 (= Beiträge zur Nordischen Philologie; 42), 71–83.
- »Hálfs saga ok Hálfsrekka«. In: Clunies Ross, Margaret (Hg.): *Poetry in formaldarsögur. Part 1*. Turnhout: Brepols, 2017 (= Scaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages; 8), 303–366.

### Rezensionen

- »Erik Sönderholm: *Halldór Laxness. En monografi*. Kopenhagen: Gyldendal, 1981, u. Aldo Keel: *Innovation und Restauration. Der Romancier Halldór Laxness seit dem Zweiten Weltkrieg*. Basel u. Frankfurt am Main: Helbing & Lichtenhahn, 1981«. In: *Skandinavistik* 12 (1982:1), 72–73.
- »Andreas Haarder u.a. (Hg.): *The Medieval Legacy*. Odense: Odense University Press, 1982«. In: *Arbitrium. Zeitschrift für Rezensionen zur germanistischen Literaturwissenschaft* (1986), 29–31.
- »Karl Hauck u.a.: *Die Goldbrakteaten der Völkerwanderungszeit*, Bd. 1,1–3 und 2,1–2 (= Münstersche Mittelalter-Schriften; 24/1,1–3 und 2,1–2). München: Wilhelm Fink, 1985–86«. In: *Anzeiger für Deutsches Altertum und Deutsche Literatur* 100 (1989:2), 60–66.
- »Evelyn Scherabon Firchow and Kaaren Grimstad, eds.: »*Elucidarius*« in *Old Norse Translation*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1989 (= Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit; 36)«. In: *Speculum. A Journal of Medieval Studies* 68 (1993:1), 144–146.
- »Wilhelm Friese: *Halldór Laxness. Die Romane. Eine Einführung*. Basel u. Frankfurt am Main: Helbing & Lichtenhahn, 1996 (= Beiträge zur Nordischen Philologie; 24)«. In: *Skandinavistik* 26 (1996:2), 147–149.
- »Einar G. Pétursson: *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða*. Samantektir um skilning á Eddu og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristingar og skrifelsi. Þættir úr fræðasögu 17. aldar I–II. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1998 (= Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit; 46)«. In: *Skandinavistik* 30 (2000:1), 61–63.
- »Hjalti Hugason et al. (Hg.): *Kristni á Íslandi* 1–4. Reykjavík: Alþingi, 2000«. In: *Skandinavistik* 32 (2002:1), 57–58.
- »Ólína Þorvarðardóttir: *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjöllum og munn-mælum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2000«. In: *Skandinavistik* 32 (2002:1), 58–60.

## Übersetzungen aus dem Isländischen und Herausgabe neuerer isländischer Literatur

### Halldór Laxness

*Halldór-Laxness-Werkausgabe.* Hg. von H. S. Göttingen: Steidl.

Bd. 1: *Der Große Weber von Kaschmir* (*Vefarinn mikli frá Kasmír*). Aus dem Isländischen v. H. S., 1988.

Bd. 2: *Am Gletscher* (*Kristnihald undir Jökli*). Aus dem Isländischen v. Bruno Kress, 1989.

Bd. 3: *Atomstation* (*Atómstöðin*). Aus dem Isländischen v. H. S., 1989.

Bd. 4: *Sieben Zauberer* (*Sjö töframenn*). Aus dem Isländischen v. H. S., 1990.

Bd. 5: *Die glücklichen Krieger* (*Gerpla*). Aus dem Isländischen v. Bruno Kress. Mit einem Nachwort v. H. S., 1991.

Bd. 6: *Sein eigener Herr* (*Sjálfstætt fólk*). Aus dem Isländischen v. Bruno Kress. Mit einem Nachwort v. H. S., 1992.

Bd. 7: *Die Islandglocke* (*Íslandsklukkan*). Aus dem Isländischen v. H. S., 1993.

Bd. 8: *Das wiedergefundene Paradies* (*Paradísarheimt*). Aus dem Isländischen v. Bruno Kress. Mit einem Nachwort v. H. S., 1993.

Bd. 9: *Die Litanei von den Gottesgaben* (*Guðsgjafapula*). Aus dem Isländischen v. Bruno Kress. Mit einem Nachwort v. H. S., 1994.

Bd. 10: *Mein heiliger Stein* (*Nokkrar sögur u. Fótatak manna*). Aus dem Isländischen u. mit einem Nachwort v. H. S., 1995.

Bd. 11: *Das Fischkonzert* (*Brekkukotsannáll*). Aus dem Isländischen u. mit einem Nachwort v. H. S., 1997.

Bd. 12: *Weltlicht* (*Heimsljós*). Aus dem Isländischen v. H. S., 2000.

Bd. 13: *Salka Valka* (*Salka Valka*). Aus dem Isländischen v. H. S., 2007.

Bd. 14: *Das Volksbuch* (*Alþýðubókin*). Aus dem Isländischen u. mit einem Nachwort v. H. S., 2011.

Halldór Laxness: *Lesebuch.* Hg. v. H. S. Göttingen: Steidl, 1992.

Halldór Laxness: *Das gute Fräulein* (*Úngfrúin góða og Húsið*). Aus dem Isländischen v. H. S. Göttingen: Steidl 1996 (= Bibliothek der Erzähler; 3).

Halldór Laxness: *Die Geschichte vom teuren Brot* (*Sagan af brauðinu dýra*). Mit Aquarellen v. Sarah Kirsch. Aus dem Isländischen v. H. S. Göttingen: Steidl, 2002.

Halldór Laxness: *Ein Angelausflug ins Gebirge* (*Sjöstafakverið*). Aus dem Isländischen u. mit einem Nachwort v. H. S. Göttingen: Steidl, 2015.

## Andere isländische Texte

- Jónas Kristjánsson: *Isländische Sagas und Handschriften*. Übersetzt v. H. S. Reykjavik: Iceland Review, 1980.
- Sagen und Märchen aus Island*. Hg. u. übersetzt v. H. S. Reykjavik: Iceland Review, 1980.
- Hjálmar H. Ragnarsson: *Sechs Gesänge für Stimme, Flöte, Cello und Klavier zu Texten von Stefán Hörður Grímsson*. Übersetzung v. H. S. Mailand: Suvini Zerboni, 1985.
- Oddur Björnsson: *Streichquartett und Strick* (K 421). Aus dem Isländischen übersetzt v. H. S. Hörspiel, WDR Köln, gesendet am 26.6.1986. Teilabdruck in: *Die Horen. Zeitschrift für Literatur, Kunst und Kritik* 143 (1986:3), 175–178.
- Thór Magnússon: *Isländische Kulturschätze aus archäologischer Sicht*. Übersetzt v. H. S. Reykjavik: Iceland Review, 1987.
- »Álfrún Gunnlaugsdóttir. Aus: Af manna völdum (1982) u. aus dem Roman Hringsól (1987)«. Übersetzt v. H. S. In: Lutz Zimmermann (Hg.): *Europäische Anthologie: Neue Literatur aus Litauen, Albanien, Island und Finnland*. Berlin: Literarisches Colloquium, 1988, 152–182.
- »Vigdís Grímsdóttir: Grandavegur 7« u. »Einar Már Guðmundsson: Isländische Jahreszeiten«. Übersetzt v. H. S. In: *Die Horen. Zeitschrift für Literatur, Kunst und Kritik* 185 (1997:1), 98–106.
- Fríða Á. Sigurðardóttir: *Ninas Geschichte (Meðan nóttin líður)*. Aus dem Isländischen v. Ingolf Kaspar u. H. S. Göttingen: Steidl, 1998.
- Guðbergur Bergsson: *Der Schwan (Svanurinn)*. Aus dem Isländischen v. H. S. Göttingen: Steidl, 1998.
- Reihe *Neue isländische Literatur*. Hg. v. H. S. Göttingen: Steidl.
- Vigdís Grímsdóttir: *Das Mädchen im Wald (Stúlkan í skóginum)*. Aus dem Isländischen v. Andreas Vollmer, 2000.
- Guðbergur Bergsson: *Liebe im Versteck der Seele (Sú kvalda ást sem hugarfylgningin geyma)*. Aus dem Isländischen v. Hans Brückner, 2000.
- Álfrún Gunnlaugsdóttir: *Im Vertrauen (Hvatt að rúnum)*. Aus dem Isländischen v. Andreas Vollmer, 2003.
- Ólafur Gunnarsson: *Niemand wie ich (Tröllakirkja)*. Aus dem Isländischen v. Maria-Claudia Tomany, 2004.
- Flügelrauschen. Erzählungen zeitgenössischer isländischer Autoren*. Hg. v. Kolbrún Haraldsdóttir u. H. S. Aus dem Isländischen v. Studenten der Nordischen Abteilung der Universität Erlangen-Nürnberg. Mit biographischen Anmerkungen zu den Autoren v. H. S. Göttingen: Steidl, 2000.
- Gaben des Himmels. Neue Erzählungen zeitgenössischer isländischer Autoren*. Hg. v. Kolbrún Haraldsdóttir u. H. S. Aus dem Isländischen v. Studenten u. Absolventen der Nordischen Abteilung der Universität Erlangen-Nürnberg. Göttingen: Steidl, 2011.